8

Mkilvægt að fjárfesta í hagræðingu

10

Hugmyndir um búsetuúrræði til sveita fyrir eldri borgara

36–38

Baunir hristar í skjóðu

Bændablaðið

4. tölublað 2018 • Fimmtudagur 22. febrúar • Blað nr. 509 • 24. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Áslaug Sveinbjarnardóttir, garðyrkjubóndi að Espiflöt, var önnum kafin við frágang á blómvöndum fyrir konudaginn sl. sunnudag. Konudagur markar upphaf góu líkt og bóndadagur er fyrsti dagur þorra, samkvæmt okkar gamla norræna tímatali. Við góu tekur svo einmánuður sem er síðastur vetrarmánaða og hefst að þessu sinni 20. mars. Mynd / Ívar Sæland.

Lífeyrissjóðakerfið í Noregi er um margt líkt því íslenska, en öðru máli gegnir með lífeyristryggingar frá ríkinu:

Ellilífeyrisþegar geta unnið eins mikið og þeim sýnist án skerðingar á lífeyri

Til viðbótar við hinar hefðbundnu lífeyrissjóðsgreiðslur í gegnum almannatryggingakerfið í Noregi er löggjöf í Noregi sem skyldar alla atvinnurekendur að bjóða starfsfólki sínu þjónustulífeyri sem svipar til viðbótarlífeyrissparnaðar á Íslandi. Lífeyrissjóðakerfið í Noregi er að mörgu leyti líkt og á Íslandi en þar í landi er leyfilegt að hefja töku lífeyris frá 62 ára aldri og þá gjarnan samhliða öðrum launagreiðslum. Lífeyrir frá ríkinu skerðist samt ekki þótt unnið sé eins og fólk treystir sér til.

„Allir eiga rétt á lífeyri út úr almannatryggingakerfinu í Noregi. Það er fjármagnað með sköttum og kemur fram á skattaskýrslu sem tryggingargjald. Þetta er nokkuð breytilegt en er til dæmis fyrir launþega 8,2% af brúttótekjum en fyrir atvinnurekendur eru þetta 11,2% af brúttótekjum. Það eru margar ólíkar reglur í gildi í almannatryggingakerfinu og það fer eftir því hvenær viðkomandi er fæddur í hvaða regluflokk hann eða hún fellur,“ segir Tom Staavi, upplýsingafulltrúi hjá Finans Norge, sem eru regnhlífarsamtök yfir 200 fjármálafyrirtækja með um 50 þúsund starfsmenn í Noregi.

Nútímavæddu tryggingakerfið

Laun og fjöldi starfsára ákvarðar endanlega upphæð lífeyris í Noregi en nýlega tóku í gildi aðrar reglur fyrir þá sem fæddir eru eftir árið 1963.

„Eftir að tryggingakerfið var nútímavætt munu allir sem fæddir eru eftir 1963 fá eftirfarandi útborgun: 18,1% af brúttótekjum, allt að 7,1 sinnum grunnupphæðina. Samtalan af þessu verður þinn lífeyrir sem á að deila niður á allt þitt lífeyristímabil.

Grunnupphæðin er 93.634 norskar krónur og tekjur sem verða meiri en 7,1 sinnum 93.634 krónur norskar veita ekki neina uppsöfnun,“ útskýrir Tom og segir jafnframt:

„Meðaltekjur í Noregi eftir 40 ára starf á vinnumarkaði munu veita lífeyrisréttindi sem samsvarar um 45% af launum út lífið. Þeir sem eru fæddir fyrir árið 1963 fara að hluta til í eldra og að hluta til í nýtt kerfi eða þeir fá allt út úr gamla kerfinu.“

Útreikningar byggjast á lífslíkum

„Hægt er að velja um að byrja að taka út lífeyri þegar þú ert 62 ára í Noregi og þá gjarnan samhliða öðrum launagreiðslum. En þá verður árlegur lífeyrir mun minni. Hér er svokallað lífeyriskerfi sem byggist á aðlögun á lífslíkum sem þýðir að við giskum á hversu gamall þú ert þegar þú byrjar að taka út lífeyrinn þinn. Eftir það er lífeyrissparnaði þínum dreift yfir þau ár sem þú átt eftir ólifað. Ef þú byrjar að taka út lífeyri þegar þú ert 62 ára þá þarf að deila sparnaði þínum yfir fleiri ár og þá færðu minna út á hverju ári.

Ef þú bíður þangað til þú ert 70 ára með að taka út sparnaðinn er hann stærri og honum er deilt á færri ár og þar af leiðandi verður útborgun á hverju ári meiri.

Aðlögun á lífslíkum í tryggingakerfinu er ein af þessum virkilega góðu umbótum sem norskir stjórnmálamenn hafa náð í gegn að mínu mati,“ segir Tom Staavi.

Geta unnið eins mikið og þeir vilja án skerðingar á lífeyri

„Frá 62 ára aldri hefur maður rétt á minni vinnutíma en þetta verður atvinnurekandi að samþykkja. Hugsunin er að í staðinn fyrir að hætta að vinna þá geti fólk unnið hlutastarf og bætt sér upp lægri laun með útborgun að fullu eða að hluta frá lífeyri.

Þú getur tekið út lífeyrinn þinn og þar að auki unnið eins mikið og þú vilt án skerðingar ef þú starfar hjá fyrirtæki í einkageiranum eða ef þú ert sjálfstætt starfandi. Um þessar mundir er kerfið hjá hinu opinbera til endurskoðunar með samningaviðræðum milli ríkisins og samtaka atvinnulífsins/starfsmanna. Þetta er síðasti þáttur í stórri endurskoðun á lífeyrissjóðskerfinu hér í Noregi og kemur í ljós í mars hvað þessar viðræður leiða af sér. Búist er við að kerfið fyrir starfsmenn í opinbera geiranum verði líkara því sem er í einkageiranum.“

Spara með skattahvatningu

Til viðbótar við almannatryggingakerfið er löggjöf í Noregi sem skyldar alla atvinnurekendur að bjóða starfsfólki sínu þjónustulífeyri.

„Fyrir flestalla í einkageiranum er þetta nú orðið svokallaður innborgunarlífeyrir. Þá leggur atvinnurekandi prósentuhluta af launum inn á bankareikning starfsmanns til fyrirtækis sem starfar innan þessa aukalífeyriskerfis og er upphæðin inni á reikningnum borguð út til viðbótar við útborgun úr almannatryggingakerfinu í að minnsta kosti 10 ár eftir að þú hefur náð 67 ára aldri. Þetta er nokkuð sem atvinnurekendur verða sjálfir að finna lausn á, það eru nokkrir möguleikar sem þeir geta nýtt sér en það er frjálst hvernig þeir gera það,“ útskýrir Tom og bætir við:

„Hjá ríki og sveitarfélögum og nokkrum stórum fyrirtækjum í einkageiranum er til nokkuð sem heitir flutningskerfi. Það virkar þannig að starfsmenn með fulla söfnun, sem vanalega er 40 ár, hafa tryggingu fyrir því að lífeyririnn muni verða 66% af lokalaunum frá 67 ára aldri og út lífið. Með öðrum orðum, þá sér maður hér tryggingakerfið og lífeyri atvinnurekanda í samhengi. Þar að auki hefur nýlega verið kynntur möguleiki á að hver og einn geti sjálfur sparað í sjóð með sérstakri skattahvatningu.

Í innborgunarkerfinu í þjónustulífeyrinum er engin samhæfing. Í flutningskerfinu er samhæfing í því formi að útborgunin verður ekki meiri en það sem ákvarðað hefur verið í stigum sem er yfirleitt 66% af lokalaunum. Fyrir einstaklings- og frjálsu sparnaðarkerfin er engin samhæfing með hvorki almannatryggingakerfinu eða þjónustulífeyrinum.“ */ehh*

FRÉTTIR

Frá Búnaðarþingi 2016, en slík þing eru nú haldin annað hvert ár í staðinn fyrir árlega eins og áður var. Á þinginu 2018 verða umhverfis- og loftslagsmál, tollamál og endurskoðun búvörusamninga ofarlega á baugi. Búnaðarþing verður sett í endurnýjuðum Súlnasal Hótel Sögu mánudaginn 5. mars kl. 10.30. Þar verður hátíðardagskrá til hádegis. Myndir / HKr.

Búnaðarþing 2018 haldið á Hótel Sögu 5. og 6. mars:

Skilvirk starfsemi og góð nýting fjármuna til umræðu

Búnaðarþing 2018 fer fram í byrjun mars. Fjöldi mála er á dagskrá þingsins og má þar nefna innflutning á hráu kjöti, félagskerfi landbúnaðarins, loftslagsmál, endurskoðun búvörusamninga og tollamál.

Félagskerfi og nýtt félagsgjaldakerfi, sem innleitt var í ársbyrjun 2017, verður eitt margra umfjöllunarefna á Búnaðarþingi sem fer fram í Bændahöllinni 5. og 6. mars næstkomandi. Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að fyrirkomulag á innheimtu félagsgjalda og það hvernig best sé að haga starfsemi samtaka bænda og uppbygging starfseminnar til lengri tíma verði rætt. „Við munum ræða skilvirkni starfseminnar og hvernig sé best að nýta fjármuni samtakanna bændum til hagsbóta.

Aðildarfélög innan Bændasamtaka Íslands eru mörg og ýmsar skoðanir á því hvernig á að gera hlutina og ég geri ráð fyrir að við munum skoða samþykktir samtakanna og innri mál þeirra.“

Umhverfis- og loftslagsmál ofarlega á baugi

Vinnuhópur um umhverfismál á vegum BÍ, undir forystu Oddnýjar Steinu Valsdóttur, hefur skilað af sér tillögu að umhverfisstefnu BÍ sem verður lögð fyrir þingið.

Sindri segir að loftslagsmálin verði klárlega áberandi á þinginu.

„Skoðanir á aðgerðum til að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda eru mismunandi, eins og við höfum meðal annars séð á síðum Bændablaðsins. Vísindamenn greinir á um aðferðir, rannsóknir og gögn og sitt sýnist hverjum. Það eru til margar aðferðir, eins og endurheimt votlendis, aukin skógrækt og aukin landgræðsla. Ég held að við verðum að nýta allar þessar aðferðir eftir því sem hentar á hverjum stað. Þetta gerist ekki nema með góðri samvinnu við bændur og aðra landeigendur.“

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands og bóndi í Bakkakoti, segir að meðal umfjöllunarefna á Búnaðarþingi verði nýtt félagsgjaldakerfi sem innleitt var í ársbyrjun 2017.

Úrskurður EFTA-dómstólsins varðandi innflutning á hráu kjöti, ógerilsneyddum eggjum og mjólk veldur bændum áhyggjum. Sindri segir að íslensk stjórnvöld verði einfaldlega að fara til Brussel, berja í borðið og gera kröfu um að Íslendingar megi áfram hafa þær sóttvarnir sem þeir þurfa.

Í umhverfisnefnd þingsins verður til umræðu umhverfisstefna landbúnaðarins og hvernig við eigum að forgangsraða aðgerðum á því sviði á næstu misserum. Þar eru loftslagsmálin vissulega í forgrunni, en horft er til fleiri þátta eins og orkuskipta og orkunýtingar, endurvinnslu og aukins hlutar innlendra aðfanga.

Búvörusamningarnir og endurskoðun þeirra

„Endurskoðun búvörusamninganna verða einnig til umræðu á þinginu enda þurfa Bændasamtökin að marka sér ákveðna stefnu um hvað þau vilja fá út úr endurskoðuninni. Fyrri endurskoðun samninganna á að ljúka 2019 og við þurfum því að ræða núna hvaða breytingar bændur vilja sjá.

Ég á von á að við munum ræða bæði mjólkur- og sauðfjársamninginn hvað mest og þá ekki síst kvótakerfið í mjólkurframleiðslu og hvaða stefnu á að taka í því máli.

Við þurfum einnig að ræða hvernig við sjáum fyrir okkur niðurtröppun á beingreiðslum sauðfjár til bænda eins og sauðfjársamningurinn fjallar um. Til þingsins mun koma mál frá stjórninni þar sem tekið er á því hvaða sýn stjórnin hefur á því hvað sé nauðsynlegt að ræða við endurskoðun búvörusamninganna, þar með talið þessi og fleiri mál,“ segir Sindri.

Tollar og hrátt kjöt

Sindri segir að auk fyrrgreindra verði tollamál og innflutningur á hráu kjöti áberandi mál á Búnaðarþingi.

„Í fyrsta lagi er það tollasamningurinn við Evrópusambandið og úrskurður EFTA dómstólsins um að Ísland sé að brjóta ákvæði EES-samningsins með því að hefta innflutning á ófrosnu kjöti, ógerilsneyddum eggjum og ógerilsneyddri mjólk til landsins. Innflutningur á kjöti er nú þegar mikill. Vegna hás gengis krónunnar er tollverndin ekki að jafna samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu gagnvart erlendri, eins og hún á að gera. Við verðum að setja fram skýra sýn á hvernig við ætlum að tryggja starfsskilyrði kjöt- og mjólkurframleiðenda í landinu. Í núverandi árferði gengur dæmið ekki upp. Tollverndin hefur ekki verið leiðrétt og magntollarnir eru flestir sama krónutala og 1995. Þar af leiðandi hefur verðgildi þeirra dregist saman og verndin sem þeir áttu að veita er orðin að engu.

Hvað varðar breytingarnar á tollasamningnum 1. maí næstkomandi og mögulegan innflutning á hráu kjöti í kjölfar niðurstöðu EFTA-dómstólsins, þá er verið að stíga skref til verra fyrirkomulags en hefur verið í gildi hvað varðar matvælaöryggi.

Það er mál sem við getum og eigum ekki að sætta okkur við.

„Að við skulum eiga á hættu að hingað flæði kamfílóbakter eða salmonellusmitaður kjúklingur án þess að við fáum þar nokkuð að gert er ekki ásættanlegt. Á sama tíma getum við náttúrlega ekki gert þá kröfu til íslenskra framleiðenda að þeir fargi öllum kjúklingi komi upp salmonellusmit eða meðhöndli sérstaklega allan kamfílóbakter smitaðan kjúkling.

Í raun er fáránlegt að við skulum vera að ræða um að við fáum ekki einhverjar viðbótartryggingar vegna hugsanlegs salmonellusmits á við Norðurlöndin þegar ástandið hér er mun betra en hjá þeim og við verjum neytendur langbest fyrir sýkingum af þessum löndum. Þetta eitt sýnir hvað kerfið er meingallað. Íslensk stjórnvöld verða einfaldlega að fara til Brussel, berja í borðið og gera kröfu um að við megum áfram hafa þær sóttvarnir sem við þurfum. Ef ákvæðin í 13. grein EES, sem fjalla um heilsuvernd manna og dýra, eru allt í einu ekki lengur í gildi er EES-samningurinn orðið eitthvað annað en við samþykktum á sínum tíma,“ segir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. */VH*

Framkvæmdir við Dýrafjarðargöng ganga vel

Starfsmönnum Suðurverks og Metrostav hefur gengið vel við gröft Dýrafjarðarganga sem byrjað var á síðastliðið haust. Göngin, sem verða 5,3 km að lengd og með 7,5 km vegtengingum, eiga að verða tilbúin 2020.

Göngin munu leysa af hólmi erfiðan fjallveg yfir Hrafnseyrarheiði á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar sem lokaður er mánuðum saman vegna snjóa á hverju ári. Ljóst er þó að gerð ganganna verður til lítils nema samhliða verði unnið við endurbætur á veginum til vesturs yfir Dynjandisheiði. Það verkefni er nú í ferli hjá Vegagerðinni og unnið að umhverfismati.

Búnir að grafa um 1.300 metra

Í sjöundu viku þessa árs voru grafnir 66,1 metri og í lok þessarar viku verður væntanlega búið að grafa um 1.300 metra af göngunum og þá eftir um 4 kílómetrar.

Starfsmönnum Suðurverks og Metrostav miðar vel við gröft Dýrafjarðarganga. Eiga þeir nú eftir um 4 km af 5,3 km heildarlengd ganganna.

Lítið um vandamál við gangagröftinn

Guðmundur Rafn Kristjánsson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni á Ísafirði, segir að gangagröfturinn hafi gengið vel.

„Menn hafa ekki lent í neinum vandamálum vegna vatnsleka þó vatns verði auðvitað vart annað slagið. Þá hefur bergið verið þokkalegt, en kargi hefur þó stundum verið að stríða þeim. Helsti vandinn hefur verið vegna veðurs í vetur. Það hefur gengið svolítið erfiðlega að koma mannskap til og frá borsvæðinu þegar skipt er um vaktir vegna veðurs.“

Hann segir að gangamenn reiði sig yfirleitt á að fara með bát til og frá Bíldudal, en veður hefur stundum hamlað því. Þá sé mikið mál að opna Hrafnseyrarheiði til að komast yfir á Þingeyri.

Í Arnarfirði fram að jólum

Guðmundur Rafn segir að grafið sé inn í fjallið frá Arnarfirði. Þar verði haldið áfram fram undir jól á þessu ári þegar gangamenn flytji búnað sinn yfir að gangamunna Dýrafjarðarmegin. Þá verður væntanlega búið að grafa tvo þriðju hluta ganganna eða að þeim hluta sem göngin liggja hæst.

Segir Guðmundur Rafn að það henti betur að grafa svo mikið Arnarfjarðarmegin til að fá efni í uppfyllingar þar vegna vegagerðar að gangamunna. */HKr.*

REXTON
STÓRKOSTLEGUR!

Rexton frá SsangYong hefur sannað sig við íslenskar aðstæður. Í tilefni af flutningi SsangYong í nýjan sýningarsal á Krókhálsi 9 bjóðum við þennan frábæra jeppa á sérstöku opnunartilboði, þar sem 33” breyting er innifalin í verðinu. Hér fer alvöru jeppi, sem er allt í senn, fjórhjóladrifinn, byggður á grind og ríkulega búinn. Rexton er fyrir þá kröfuhörðu sem kunna að meta gegnheil gæði og frábært verð.

- **Byggður á grind**
- **Millikassi með læsingu**
- **7 manna**
- **2.6 tonna dráttargeta**
- **178 hestöfl**
- **7 þrepa sjálfskipting**
- **Tog (Nm) 400 við 1400-2800 sm**
- **Lágt drif**

33” breyting
Opnunartilboð

Rexton DLX, sjálfskiptur, dísel

Fullt verð m/breytingu	**6.410.000 kr.**
33” breyting	**- 520.000 kr.**
Tilboðsverð	**5.890.000 kr.**

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

SSANGYONG

Verið velkomin í reynsluakstur | benni.is.

Reykjavík	**Reykjanesbær**	**Bílaríki, Akureyri**
Krókhals 9	Njarðarbraut 9	Glerárgötu 36
Sími: 590 2020	Sími: 420 3330	Sími: 461 3636

Bílahúð Benna
Sérfræðingar í bílum

FRÉTTIR

Verðskrár afurðastöðvanna til endurskoðunar

– Norðlenska hækkar verð fyrir dilkakjöt um 3%

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var greint frá því meðalverði sem afurðastöðvarnar greiddu fyrir dilkakjötskílóið frá síðustu sláturtíð. Nokkrar viðbótarupplýsingar – auk leiðréttingar – hafa síðan borist, þar á meðal frá afurðastöðvunum sem greiddu lægsta og hæsta verðið.

Meðalverðið hjá SAH afurðum hefur verið leiðrétt, en upphaflegar upplýsingar sem blaðamanni bárust voru rangar. Rétt verð er 340,99 krónur á kílóið – sem er þó enn lægsta verðið – og hæsta verðið er 425,5 krónur á kílóið, en það var greitt hjá Sláturhúsi KVH á Hvammstanga og það barst einnig eftir útkomu blaðsins.

Sala hjá Norðlenska gefur tilefni til leiðréttingar

Þá tilkynnti Norðlenska um þriggja prósenta hækkun þann 9. febrúar síðastliðinn á innleggi dilkakjöts 2017. Í rökstuðningi fyrir hækkuninni kemur fram að þegar verðskráin fyrir haustið 2017 var kynnt hafi legið fyrir að ef betur færi með afurðasölu en óttast var að yrði, myndi verðskráin verða endurskoðuð í því ljósi.

„Einnig hefur legið fyrir að vegna þeirrar óvissu sem fylgir miklu birgðahaldi á sauðfjárafurðum er það vilji fyrirtækisins að uppfæra verðskrá einungis fyrir þann hluta innleggs sem hefur verið seldur á hverjum tíma. Sala Norðlenska á lambakjöti, bæði innanlands og utan, í lok árs 2017 er um fjórðungur af innleggi síðustu sláturtíðar og gefur afkoman tilefni til leiðréttingar á verðskrá um 3% af innleggi dilkakjöts haustið 2017. Næsta endurskoðun verðskrár er fyrirhuguð í maí vegna sölu á fyrsta ársfjórðungi 2018. Leiðréttingin kemur til greiðslu 15. febrúar,“ segir í tilkynningunni.

Í umfjölluninni í síðasta blaði kom fram að verðskrá Kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga (KS) verði endurskoðuð í næsta mánuði.

Uppfært meðalverð afurðastöðvanna fyrir kíló af dilkakjöti:

Sláturfélag Vopnfirðinga:
Meðalverð var um 377 krónur fyrir kílóið, með uppfærðri verðskrá.

Fjallalamb:
Meðalverð var 347,69 krónur fyrir kílóið. Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalambs, segir að þegar endanleg útkoma ársins 2017 liggi fyrir mun Fjallalamb ákveða með uppfærslu á verðskrá.

Norðlenska
Meðalverð er um 367 krónur á kílóið. Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segir að halda verði því til haga að sú uppbót sem nú er greidd sé vegna sölu á haustslátrun 2017 fram að síðustu áramótum. Greidd er uppbót á þau kíló sem seld höfðu verið um áramót. Varðandi það sem þá átti eftir að selja verður tekin ákvörðun um í maímánuði.

Kjötafurðastöð KS
Meðalverð var 399,7 krónur fyrir kílóið. Verðskráin verður endurskoðuð í næsta mánuði, að sögn Ágústs Andréssonar forstöðumanns. */smh*

Vefþættir um lambakjöt

Bændablaðið og Markaðsráð kindakjöts hafa tekið höndum saman og látið framleiða fjóra stutta vefþætti um sauðfjárframleiðsluna. Bera þeir heitið „Lamb og þjóð“ en þar er fjallað um kindakjöt frá ýmsum hliðum, allt frá frumframleiðandanum og á disk neytenda.

Markmiðið með gerð þáttanna er að fá heildstæða mynd af fjölbreyttu vöruúrvali í lambi og draga fram sjónarmið aðila á ólíkum stöðum í framleiðslukeðjunni ásamt öðrum viðhorfum. Meðal annars er fjallað um vöruþróun og markaðsmál, áherslur bænda, neytenda, verslunar- og veitingamanna og kjötiðnaðarins.

Framleiðsla þáttanna er á hendi Harðar Þórhallssonar og Þorsteins Roy Jóhannssonar. Þeir hafa áður unnið þættina „Spjallað við bændur“ fyrir Bændablaðið. Þættirnir um „Lamb og þjóð“ verða aðgengilegir á vefsíðu Bændablaðsins, bbl.is og á Facebook og sýndir á næstu vikum.

Í fyrsta þætti er rætt við Oddnýju Steinu Valsdóttur, formann Landssamtaka sauðfjárbænda, og Dominique Plédel Jónsson, sem er formaður Slow Food á Íslandi ásamt því að sitja í stjórn Neytendasamtakanna.

Sveinn Sæland, garðyrkjubóndi að Espiflöt, tekur saman blómvönd í tilefni konudagsins. Myndir / Ívar Sæland.

Konudagurinn er stærsti blómasöludagur ársins

Konudagur er fyrsti dagur góu og þann dag fagna landsmenn ástinni, vaxandi birtu og vorinngangi. Orðið konudagur varð fyrst algengt á 20. öld. Hefð hefur skapast fyrir því að karlmenn færi ástinni sinni blóm á konudaginn.

Sveinn Sæland, garðyrkjubóndi að Espiflöt, segir að konudagurinn sé stærsti blómasöludagur ársins þegar kemur að afskornum blómum. „Hefðin fyrir því að færa konunni blóm á konudaginn er orðin ansi löng. Mig minnir að fyrsta auglýsingin um konudagsblóm frá íslenskum garðyrkjubændum hafi birst 1960. Það er því búið að byggja upp þessa hefð í tæp 60 ár og blómasalan vaxandi ár frá ári.“

Stórir framleiðendur afskorinna blóma á Íslandi eru átta og ætluð heildarsala á landinu öllu á vöndum er í kringum þrjátíu þúsund.

Tvær milljónir stilka á ári

„Espiflöt er að framleiða um tvær milljónir stilka á ári og að selja um níu þúsund vendi í tengslum við konudaginn. Ætli vikan sé ekki að vega um 12% af ársveltunni hjá okkur,“ segir Sveinn.

Mest afsetning í blómabúðum

„Stærstur hluti sölunnar er í blómabúðum og þær öflugasti afsetningaraðilinn en svo sjáum við greinilega aukningu í sölu á afskornum blómum í stórmörkuðum og sérstaklega í kringum stóran dag eins og konudaginn.“

Á Espiflöt er fagmennskan í fyrirrúmi.

Mest sala á tilbúnum vöndum

„Mest er salan í tilbúnum vöndum með fimm til sjö og upp í tólf til fimmtán blóm í hverjum vendi. Rauðar rósir eru alltaf jafn vinsælar á konudaginn enda tákna þær ástina í huga margra og margir í þeim hugleiðingum á konudaginn.

Auk rósa seljast blóm eins og túlípanar vel og er salan á þeim vaxandi. Einnig selst talsvert af annars konar afskornum blómum vel, eins og liljur, geislafíflar, krýsantemur, ilmskúfur og fleiri tegundir, allt eftir smekk kaupenda.

Allar þessar tegundir eru í boði allt árið en salan á þeim er langmest vikuna í kringum konudaginn.



Falleg litasamsetning.

Blómaskrúð og mikil fjölbreytni.

Íslensk blóm seljast vel

Að sögn Sveins seljast afskorin íslensk blóm vel þrátt fyrir að innflutningur á þeim sé að aukast og stærri hluti af heildarsölunni en hann hefur verið í gegnum tíðina. „Ætli innflutt afskorin blóm séu ekki um 25% af heildarmarkaðinum. Ísland er einangrað land í þessu tilliti og það þarf oft að flytja blómin langt að. Persónulega tel ég lítið mál að tala fyrir íslenskum blómum og margir kaupa þau eingöngu.

Íslenskir blómaframleiðendur selja allir sín blóm undir eigin merki og kaupendur geta þannig séð frá hvaða framleiðanda þau eru og það heldur okkur á tánum og líklega besta gæðastýring sem völ er á,“ segir Sveinn Sæland garðyrkjubóndi að lokum. */VH*

Nýja 6-serían frá DEUTZ - FAHR er mætt

Landbúnaður um víða veröld er einstaklega fjölbreyttur. Sérhvert bú gerir hlutina á sinn einstaka máta. Hvort sem um er að ræða stórt, miðlungs-stórt eða lítið bú, verktaka eða bæjarfélag. Allir vinna að sama markmiðinu, að ná árangri.

Það er ljóst að þarfir viðskiptavina okkar eru jafn ólíkar og þeir eru margir. DEUTZ-FAHR þróaði nýju 6-seríuna með það að leiðarljósi að hver og einn geti fundið vél við sitt hæfi. Módelin í 6 seríunni eru 12 talsins, allt frá 156 hestöflum og upp í 226 hestöfl. 4 og 6 cylindra mótorar, 3 útgáfur af gírskiptingum og ótrúlegt úrval af aukabúnaði í boði.

Sölumenn okkar eru ávallt reiðubúnir að hjálpa til við að setja saman réttu vélina sem hentar hverju sinni.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.500 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.250 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Innviðanauðsyn

Samgöngu-, fjarskipta- og raforkumál er lykillinn að því að nútímasamfélag geti þrifist. Þá er bara svo einfalt og þá skiptir engu máli hversu mjög kjörnir þjónar almennings á Alþingi reyna að réttlæta óviðunandi stöðu í þeim málum.

Mikið og þakkarvert átak hefur verið gert í uppbyggingu ljósleiðarakerfis um landið og er þar enn unnið á fullum krafti. Öðru máli gegnir um uppbyggingu dreifikerfis raforku sem og viðhald og uppbyggingu vegakerfisins. Þar eru menn hreinlega með allt niðrum sig.

Varðandi raforkukerfið þá er það ansi aumt að hin 150 megawatta Blönduvirkjun, sem tekin var í gagnið 1991 og á að geta skilað 910 gígawattstundum af raforku á ári, hafi aldrei nýst að fullu. Í 27 ár hefur aldrei verið hægt að nýta afkastagetu virkjunarinnar vegna þess að dreifikerfið frá stöðinni er ekki nógu öflugt. Á borði umhverfisráðherra mun liggja erindi frá fyrrverandi aðstoðarmanni sem mun sannarlega ekki hjálpa til við að leysa dreifikerfismálin á því svæði. Á sama tíma æpa menn á aukna raforku í ört vaxandi byggð á Eyjafjarðarsvæðinu og horfa helst á dísilrafstöðvar til að geta mætt þar hreinu neyðarástandi. – Halló, herra forseti, var nokkur í þingsal Alþingis að tala um að draga úr útblæstri koltvísýrings á Íslandi?

Talað er um aukna rafbílavæðingu, ekki síst í sveitum landsins. Ef vel á að vera er alveg ljóst að þar skortir víða verulega á afhendingaröryggi, sérstaklega á Vestfjörðum, sem og þriggja fasa raflagnir. Á Vestfjörðum er líka lykilatriði að menn komi á hringtengingu á raforku, öðruvísi verður aldrei hægt að tryggja afhendingaröryggi í fjórðungnum.

Talandi um hringtengingu raforkukerfisins á landinu í heild, þá er hún harla máttlaus. Þar er um að ræða langa kafla mjög víða utan suðvesturhluta landsins þar sem raforkukerfið getur ekki sinnt neinni auka raforkumiðlun á milli landshluta ef á þarf að halda.

Vegamálin eru svo sér kapítuli út af fyrir sig en samt hluti af órjúfanlegri heild. Þar hafa ráðherrar og þingmenn árum saman reynt að skýla sér á bak við fjármagnsskort og segja að lengra verði vart gengið í vegamálum nema að setja á vegtolla og nýja skatta eins og kolefnisgjald. Á sama tíma tala þessir sömu menn um aukna rafbílavæðingu, þar sem síaukinn fjöldi rafbíla borgar ekki krónu vegna slits á vegakerfinu.

Það verður að segjast eins og er að það er ansi aumt af ráðherrum og þingmönnum að grípa helst til þess ráðs að snúa út úr umræðunni þegar þeim er bent á, að á fimm ára tímabili er verið að innheimta af eigendum ökutækja 330 milljarða króna í skatta og gjöld. Þar af er EKKI verið að nota til vegamála 258 milljarða króna. Þá koma þingmenn og ráðherrar og reyna að slá ryki í augu fólks með því að segja að þessir skattar og gjöld séu ekki beinlínis eyrnamerktir vegamálum. Það er bara ekki það sem verið er að tala um, þessir hundruð milljarða eru sannarlega dregnir upp úr vösum ökutækjaeigenda, að vísu að mjög litlu leyti úr vösum rafbílaeigenda. Það eru því innheimtir miklu meira en nægjanlegir fjármunir af umferðinni til að standa straum af kostnaði við umferðarmannvirkin. Á yfirstandandi ári verða þetta yfir 73 milljarðar króna, en ekki er ætlunin að setja í viðhald og nýbyggingu nema rétt rúmlega 21 milljarð króna. Menn eru því sannarlega að innheimta af eigendum ökutækja á þessu ári einu saman um 52 milljarða umfram það sem nýta á í vegakerfið. Svo leyfa menn sér að snúa út úr þessu og gaspra um skort á fjármunum til málaflokksins í stað þess að nýta til þess gjöldin af umferðinni. */HKr.*

Hér á ég heima

Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is

Blikur eru á lofti í íslenskum landbúnaði um þessar mundir. Þekktur er vandi sauðfjárbænda sem núverandi ríkisstjórn brást við með 665 m. kr. fjárveitingu í fjáraukalögum 2017. Langtímalausn hefur þó ekki verið náð svo sem með því að lögleiða sveiflujöfnun eða beita öðrum verkfærum.

Tvennt er í farvatninu á næstu mánuðum. Annars vegar er um að ræða viðbrögð við dómi EFTA-dómstólsins þann 14. nóvember sl. varðandi ákvæði núverandi matvælalöggjafar þess efnis að ekki megi flytja inn hrátt kjöt, ógerilsneydd egg og ógerilsneydda mjólk hingað til lands frá öðrum aðildarríkjum EES án sérstaks leyfis. Jafnframt skilyrði um að kjöt skuli hafa verið fryst í a.m.k. 30 daga áður enn til innflutnings kemur. EFTA-dómstóllinn taldi þessi skilyrði fara í bága við EES-samninginn og mælir svo fyrir að þau eigi að afnema.

Hins vegar er um að ræða gildistöku tollasamnings við ESB sem undirritaður var í september 2015. Samningurinn tekur gildi 1. maí nk. en verður að fullu kominn í gildi í byrjun árs 2021. Kvótar ESB fyrir tollfrjálsan innflutning hingað til lands munu fimmfaldast á tímabilinu, en kvótar Íslands á markað ESB munu á sama tíma ríflega þrefaldast.

Fyrir liggur að bæði þessi atriði geta haft mjög veruleg neikvæð áhrif á innlendan landbúnað. Aðstaða íslensks landbúnaðar til að keppa við erlenda framleiðslu er ekki jöfn og greinin býr yfir ýmiss konar sérstöðu sem auðvelt er að glata. Allt skiptir þetta verulegu máli. Fjöldi manns starfar við landbúnað eða úrvinnslu afurða hans og sú starfsemi er oft grunnstoð í samfélögum dreifbýlisins. Breytingar til verri vegar geta því haft mjög veruleg neikvæð samfélagsleg og byggðaleg áhrif, einkum í þeim byggðum sem hafa ekki að mörgu öðru að hverfa.

Hvað varðar tollasamninginn þá skal fyrst bent á niðurstöður starfshóps þáverandi ráðherra um hann sem skilað var árið 2016. Þar voru lagðar til aðgerðir sem gætu mætt áhrifum samningsins, þar á meðal að við útreikning á magni tollkvóta við innflutning verði alltaf miðað við kjöt með beini í samræmi við hvernig ESB framkvæmir slíkan umreikning. Þar er bara eitt dæmi um hróplegt ósamræmi sem ekki hefur komist til framkvæmda frekar en aðrar tillögur hópsins.

Einhliða niðurfelling tolla

Nú er staðan með þeim hætti að stjórnvöld hafa einhliða fellt niður tolla á öllum vörum nema sumum matvörum. Um ekkert annað er því að semja ef til stendur að gera fríverslunarsamninga við aðrar þjóðir. Á sama tíma er tollvernd mikilvægur hluti af landbúnaðarstefnunni. Eðlilegt er að afmarkað sé með skýrum hætti til hvaða afurða tollverndin á að ná og gera verður kröfu til þess að tollverndin skili árangri þar sem henni er beitt. Tollar eru að hluta til föst krónutala. Upphæðir hafa í mörgum tilvikum ekki breyst í meira en 20 ár og þar af leiðandi rýrnað verulega að verðgildi. Hátt gengi krónunnar undanfarin misseri kemur síðan þar til viðbótar og rýrir verndina enn frekar. Tollum er ætlað að jafna samkeppnisstöðu miðað við þær framleiðsluaðstæður sem eru fyrir hendi og í núverandi stöðu er það ekki raunin.

EFTA-dómstóllinn kvað upp þann 14. nóvember sl. að gildandi skilyrði fyrir innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddri mjólk og eggjum væri brot á EES-samningnum. Þessi skilyrði voru tekin upp þegar íslensk stjórnvöld innleiddu matvælalöggjöf Evrópusambandsins. Málið nú spratt upphaflega af kvörtun verslunarinnar til ESA árið 2011. Við meðferð þess lögðu íslensk stjórnvöld fram margvísleg gögn þess efnis að takmarkanirnar sem deilt var um væru eðlilegar með vísan til 13. greinar EES-samningsins sem fjallar um heimild til takmörkunar á viðskiptafrelsi í því skyni að vernda heilsu manna og dýra.

Niðurstaða dómstólsins var eftir sem áður að taka í engu mið af 13. grein EES-samningsins í niðurstöðunni. Talið var að hún ætti ekki við. Vísindaleg rök stjórnvalda hafa þó ekki verið dregin í efa og verður að segja að niðurstaða sem þessi veldur verulegum áhyggjum af því því hvort að EES-ríkin eru raunverulega á jafnréttisgrundvelli gagnvart ESB í þessu efni. Þessi staða er því verulegt umhugsunarefni fyrir stjórnvöld og fyllsta ástæða til að ræða við Evrópusambandið um raunverulega þýðingu þessara ákvæða. Að óbreyttu virðast þau einskis virði.

Vísindamenn hafa bent á að afnám ofangreindra takmarkana muni þýða verulega aukna áhættu á ýmsum sviðum fyrir heilsu manna og dýra.

ESB hefur gefist upp í baráttunni við kampýlóbakter

Hvað varðar matarsýkingar þá er það staðreynd að eftirlit hérlendis með kampýlóbakter og salmonellu er umfangsmeira en annars staðar á EES-svæðinu og skilyrði fyrir markaðssetningu afurða strangari. Engin önnur Evrópuþjóð skimar jafn vel fyrir kampýlóbakter eins og Ísland, enda er okkar árangur í baráttu við þær sýkingar talinn öfundsverður. Regluverk ESB gerir ráð fyrir að hægt sé að fá sérstakar viðbótartryggingar vegna salmonellu eins og Norðurlöndin hafa fengið. Sjálfsagt er að óska eftir þeim líka, en ekkert slíkt er í boði vegna kampýlóbakter. Það er einfaldlega ekki í regluverki ESB, en sýkingar af völdum kampýlóbakter eru algengustu matarsýkingar í Evrópu. Þar hefur ESB gefist upp.

Aukinn innflutningur mun auka líkurnar á því að hingað berist sýkingar sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum sem er talið eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál í heiminum í dag. Mikil tengsl eru á milli þessa og sýklalyfjanotkunar í landbúnaði. Samkvæmt gögnum frá Lyfjastofnun Evrópu fyrir árið 2015 er sýklalyfjanotkun í landbúnaði í Evrópu allt upp í 88 sinnum meiri en hér á landi, þar sem hún fer hæst.

Smit getur valdið miklu tjóni

Hvað varðar heilsu dýra þá er ekki ágreiningur um að innlendir búfjárstofnar hafa búið við langa einangrun og hafa aldrei komist í snertingu við smitefni margra búfjársjúkdóma sem eru landlægir í Evrópu og víðar. Berist smit hingað er því líklegt að það geti valdið miklu tjóni með ófyrirséðum afleiðingum. Um leið hefur íslenskur landbúnaður ekki aðgang að neinum tryggingasjóði vegna tjóns af völdum búfjársjúkdóma eins og er fyrir hendi innan ESB, ef frá eru taldar bótagreiðslur vegna riðuniðurskurðar í sauðfé.

Pólitísk viðbrögð eru nauðsynleg

Bændasamtökin telja eðlilegast að óskað verði eftir viðræðum við Evrópusambandið um þessa stöðu. Látið verði reyna á hvort við getum haldið núgildandi löggjöf áfram í gildi með samningum þess efnis. Full rök standa til þess þó að EFTA-dómstóllinn hafi ekki tekið tillit til þeirra. Rétt er að rifja upp að við innleiðingu matvælalöggjafar ESB fór fram umfangsmikil fagleg umræða um efni hennar. Lokaafgreiðslan var samhljóða á Alþingi. Vönduð umræða við meðferð málsins skilaði þeim árangri. Nú hefur EFTA-dómstóllinn eyðilagt þá sátt. Sú staða hlýtur að hafa í för með sér að íslensk stjórnvöld bregðist við henni pólitískt. Lagaleg viðbrögð duga ekki til. Stjórnvöld verða að láta á það reyna gagnvart ESB hvort þau hafi raunverulegt vald á því að tryggja heilsu manna og dýra. Það er sannarlega uggvænleg staða ef svo er ekki og vekur margar alvarlegar og stórar spurningar um hvert vald íslenskra stjórnvalda er í raun og hvort við þá stöðu verði unað. Bændur una því ekki. Við ætlum að eiga áfram heima í sveitum landsins.

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Við Kópasker. Mynd / Hörður kristjánsson

LÍF & STARF



Meðlimir Ungra umhverfissinna með Arctic Youth Ambassadors í Anchorage, Alaska.

Ungir umhverfissinnar:

Fræðsla og vitundarvakning um umhverfismál

Ungir umhverfissinnar eru félagasamtök og vettvangur ungs fólks sem vill láta gott af sér leiða í umhverfismálum. Félagið var stofnað árið 2013 og telur rúmlega 640 meðlimi allt í kringum landið.

Hlutverk félagsins er að vera málsvari ungs fólks í umhverfismálum, hvetja til upplýstrar umræðu og standa vörð um rétt komandi kynslóða til jafns aðgangs að náttúruauðlindum.

Fjölbreytt málefnastarf

Pétur Halldórsson, líffræðingur og formaður samtakanna, segir að hjá félaginu starfi málefnanefndir um skólp og sorp, miðhálendið, sjávarmengun, auðlindanýtingu, friðlýst svæði, samgöngur, landgræðslu, matvælaframleiðslu, vatnsvernd, loftslagsmál, fiskeldi og alþjóðasamstarf.

„Undir félagið falla einnig tvær landshlutanefndir, á Suðurlandi og Austurlandi, sem vinna að svæðisbundnum málefnum. Í gegnum slíkt málefnastarf verður til sérfræðiþekking ungs fólks með mismunandi reynslu og sýn á umhverfismál. Slík reynsla og þekking er nauðsynleg til að félagið geti tekið upplýsta afstöðu þegar kemur að því að hafa áhrif á ákvarðanatöku og stefnumótun stjórnvalda í skipulagsgerð og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.“

Fræðsla

„Eitt af helstu verkefnum samtakanna er

Pétur Halldórsson, líffræðingur og formaður Samtaka ungra umhverfissinna.

að stuðla að fræðslu og vitundarvakningu ungmenna með framhaldsskólakynningum á landsvísu.

Kynningarnar varpa ljósi á hvernig umhverfismál snerta ungt fólk og hvernig það sjálft getur haft áhrif á ákvarðanir stjórnvalda og daglegt líf. Frá október 2016 hafa 25 framhaldsskólar af 30 verið heimsóttir.

Stefnt er að því að heimsækja hina fimm fyrir lok vetrarins og í framhaldinu að heimsækja alla framhaldsskóla landsins árlega.

Kynningarnar eru því lausnamiðuð fræðsla um umhverfismál, líkt og kallað var eftir á X. umhverfisþingi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins 2017,“ segir Pétur.

Vitund ungmenna um skipulagsmál

Að sögn Péturs vinna samtökin að rannsókn sem er styrkt af Skipulagsstofnun um vitund ungmenna um skipulagsmál. „Rannsóknin felst í söfnun gagna og greiningu á svörum ungmenna á landsvísu um hversu meðvitað ungt fólk er um rétt sinn til að hafa áhrif á ákvarðanatöku stjórnar í skipulagsmálum.“

Alþjóðasamstarf

„Ungir umhverfissinnar eru m.a. í samvinnu við hóp ungs fólks í Alaska sem kallast Arctic Youth Ambassadors og er málsvari ungs fólks þar varðandi samfélags- og umhverfismál. Samvinnan er að hluta á vegum vinnuhóps Norðurskautsráðsins um líffræðilegan fjölbreytileika, Conservation of Arctic Flora and Fauna, og hefur einnig hlotið styrk frá bandaríska sendiráðinu á Íslandi.

Í kjölfar þessarar samvinnu kemur félagið nú að undirbúningi samráðsvettvangs ungmenna í umhverfis- og samfélagsmálum á norðurslóðum,“ segir Pétur. */VH*

Hugmyndasamkeppni um nýtingu varmaorku á Suðurlandi

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) og Orka náttúrunnar (ON) hafa gert með sér samkomulag um að efna til hugmyndasamkeppni um nýtingu varmaorku á Suðurlandi á þessu ári.

Tilgangur samkeppninnar er að fá fram hugmyndir um nýtingu varmaorku sem víða finnst í formi jarðhita á Suðurlandi og býður upp á fleiri tækifæri en nýtt eru í dag. „Markmiðið er að nýta betur verðmætin sem eru í orkunni, auka fjölbreytni í atvinnulífi með umhverfismál að leiðarljósi og vinna að nýsköpun í orkutengdri starfsemi,“ segir Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS. Dómnefnd skipa Gunnar Þorgeirsson, formaður SASS, Sigurður Þór Sigurðsson, formaður Atorku (Samtök atvinnurekenda á Suðurland), Berglind Rán Ólafsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjamarkaða ON, Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (NMÍ) og Albert Albertsson, stjórnarformaður Íslenska jarðvarmaklasans. Haraldur Hjaltason,

Hugmyndasamkeppni: Mynd tekin við undirritun samstarfssamningsins um keppnina en á henni eru frá vinstri, Þorsteinn I. Sigfússon, forstjóri NMÍ, Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri NMÍ, Berglind Rán Ólafsdóttir, forstöðum. fyrirtækjamarkaða ON og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS.

ráðgjafi hjá Artemis, hefur verið ráðinn sem verkefnisstjóri og mun hann starfa með dómnefndinni. Samkeppnin sjálf verður auglýst þegar nær dregur. */MHH*

MÆLT AF MUNNI FRAM

196

Fyrir skemmstu flutti þátturinn vísur þeirra félaga **Sigurðar frá Brún** og **Höskuldar frá Vatnshorni.** Eftir Sigurð liggja nokkrar ljóðabækur, en kveðskapur Höskuldar lifir helst og mest í muna fólks. Lengi hefur mig grunað að hjá afkomendum Höskuldar og **Sólveigar Bjarnadóttur** frá Vatnshorni leyndist sitthvað af kveðskap hans. **Sigríður frú á Kagaðarhóli** í Svínavatnshreppi er ein lifandi barna Höskuldar og Sólveigar. Því gerði ég mér erindi til frænku minnar til vísnasnapa. Þar kom ég ekki að tómum kofunum. Handskrifaðar lausavísur auk heilla rímnaflokka átti Sigríður eftir föður sinn í ótal kistlum og kommóðum. Í þessum þætti verður birt brot af aflanum. Fyrst birtist lesendum „Úr rímum af Sigurði Jónssyni frá Brún“. Mansöngshluti rímunnar heitir „Skammdegis andvökur“.

I.

Hverjum fegin fagnar sprett,
fríða sveigir hána
þegar hún teygir tána létt
trausta spegilgjána.

Þreyta má ég móanölt,
mig þó ávallt fýsi
þetta háa, hýra tölt
heyra á bláum ísi.

Gripin hrynja hrein og snjöll,
hratt þau dynja á beðinn.
Klakabrynjan kliðar öll,
klungrin stynja freðin.

Hálsinn léttan hátt við brjóst,
höfuð sett í taumum,
ganglag mettað gleði og þjóst
gefst nú rétt í draumum.

Máninn þjórar, á því enn
úti slórir fagur.
Gáska órar grípa menn,
glaðnar stórum hagur.

Kannski bíður klár við stall
kvikur, fríður, alinn,
fljótur gríðar, fimur, snjall,
fáka prýði valin.

II. hluti rímunnar. Ferðalög Sigga:

Feyskist víðir, fölna tún,
fjölgar hríðum stærri,
alltaf síðan Siggi Brún
sást að ríða nærri.

Lét hann skotta skjóttan lit,
skarta flott á vegum,
fór með hotti og hófaþyt,
hér um vottanlegum.

Kringum trippa- og fola fans,
fjörs með kippi létta
Snúður,Vippi og Snælda hans
snerust lyppið netta.

Oft var takið æst og þétt,
ef hann rak með fleirum,
þegar Vaka viðbragðslétt
var að blaka eyrum.

Hugann seiðir hæð og mór,
hátt hann reið með slögum.
Margar leiðir fann og fór
frammí heiðar drögum.

Hátt til fjalla frosts um nátt
fölur hallast máni.
Jökla skalla jafnt og þrátt
jagar mjallar gráni.

Um vindgnúinn fannafald
ferð hann snúa kunni,
við að búa upp tösku og tjald
talaði drjúgum munni.

Lék með ólgu í æðunum,
úfna kólgu í svipnum,
kuldabólgu í kvæðunum,
að klækja sólgna gripnum.

Oft er klökugt upp um fjöll,
óvís þök um nætur.
Veðra hrök og vatnaföll
velta um jökulrætur.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Verðbreyting á fóðurverði hjá Líflandi

Um síðustu mánaðamót hækkaði Lífland verð á kjarnfóðri um 2%. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af verðhækkunum á hráefnum.

Þar ber hæst talsverð hækkun á heimsmarkaðsverði á sojamjöli sem og verðhækkanir á vítamínum og steinefnum sem eru tilkomnar vegna minna framboðs.

Þess má geta að þrátt fyrir þessa hækkun hefur fóðurverð frá því í júlí 2016 lækkað að meðaltali um tæp 9%, mismikið eftir tegundum.

Verðskrá má finna á slóðinni; http://www.lifland.is/static/files/verdlistar/verdlisti-kjarnfodurs-1.feb.-2018.pdf.

Nautgripum frá Eystri-Grund hefur verið fargað

Matvælastofnun tilkynnti um það 12. febrúar að 110 nautgripum af bænum Eystri-Grund við Stokkseyri hefði nýverið verið fargað.

Bændablaðið sagði frá drætti á förgun gripanna í 2. tölublaði þessa árs, en atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið fyrirskipaði strax í mars á síðasta ári að þeim yrði að farga. Í umfjölluninni kom einnig fram að ekki væri hægt að meta bæturnar fyrir bændurna á Eystri-Grund fyrr en gripunum hefði verið fargað.

Þar kom fram að ástæður þess að fresta þurfti förgun hafi meðal annars verið þær að eigandi gripanna hafi óskað eftir frestun og svo gátu sláturhúsin ekki tekið við gripunum í sláturtíðinni í haust. Þar kom fram að ekki var nein neyð sem knúði fram neyðaraflífun gripanna; þar sem engir áverkar voru á gripunum né sjúkdómar sem herjuðu á þá.

Í tilkynningu Matvælastofnunar kom fram að notkun kjötmjöls sem fóður eða til fóðurgerðar fyrir dýr sem alin eru til manneldis er bönnuð til að hindra að heilahrörnunarsjúkdómar berist í menn og dýr.

„Matvælastofnun lagði bann á markaðssetningu afurða og slátrun til manneldis og flutning gripa frá bænum í mars sl. og óskaði í kjölfarið eftir fyrirskipun ráðuneytisins um niðurskurð allra gripa sem höfðu haft aðgang að kjötmjölinu á býlinu.

Niðurstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um niðurskurð lá endanlega fyrir í lok júní eftir að kröfu eiganda gripanna um frestun réttaráhrifa hafði verið hafnað af hálfu ráðuneytisins.

Í framhaldi niðurskurðar mun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ákvarða bætur til umráðamanns gripanna," sagði í tilkynningunni. /smh

Fiskeldisstöðin að Eyjarlandi í Bláskógabyggð:

Veiðifélag Eystri-Rangár sækir um endurnýjun á starfsleyfi

Veiðifélag Eystri-Rangár hefur sótt um endurnýjað starfsleyfi til Bláskógabyggðar í þeim tilgangi að sveitarfélagið veiti félaginu jákvæða umsögn við umsókn félagsins til Umhverfisstofnunar og að umrædd umsókn skuli ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Nú er félagið að sækja um 19,9 tonna starfsleyfi til Umhverfisstofnunar vegna fiskeldisstöðvarinnar að Eyjarlandi sem hefur verið starfrækt allt frá árinu 1983. Stöðin nýtir ferskt vatn úr lindum og varma úr borholu í Útey við Laugarvatn. Stöðin er starfrækt í dag sem seiðaeldisstöð, aðallega á laxaseiðum, fyrir veiðiár þ.m.t. Eystri-Rangá. Um er að ræða 507 fm seiðeldishús auk 409 fm af útikerjum, staðsett á 40.000 fm iðnaðar- og athafnarlóð. Ekki er verið að breyta fyrirkomulagi fiskeldisstöðvarinnar frá því sem verið hefur, eingöngu verið að endurnýja starfsleyfi á starfsemi sem hefur verið starfrækt á sama stað og með svipuðum hætti í áratugi. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar ákvað á síðasta fundi sínum að fresta afgreiðslu málsins fram að næsta reglubundna fundi sveitarstjórnar sem verður í næsta mánuði. /MHH

Samgöngumál á Suðurlandi:

Villingaholtsvegur fær fimm daga þjónustu

Íbúar í Flóahreppi eru hæstánægðir með þá ákvörðun Vegagerðarinnar að eftir að bætt var við framlög til samgöngumála á Suðurlandi þá fái Villingaholtsvegur 5 daga þjónustu Vegagerðarinnar.

„Þetta er sannarlega góð viðbót og ber að þakka það því að á Villingaholtsvegi, sem er fjölfarinn, hafa oft skapast erfiðar aðstæður, bæði ófærð og mikil hálka. Á sama tíma verður aukin þjónusta á Urriðafossvegi," segir Eydís Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps. /MHH

Formannsskipti hjá Landssamtökum sláturleyfishafa:

Mikilvægt að fjárfesta í hagræðingu

– segir nýi formaðurinn, Ágúst Torfi Hauksson

Þann 1. febrúar síðastliðinn tók Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, við sem stjórnarformaður Landssamtaka sláturleyfishafa.

Hann tekur við af Ágústi Andréssyni, forstöðumanni Kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga (KKS). Stjórnin verður áfram óbreytt og er þannig skipuð: Steinþór Skúlason, varaformaður frá Sláturfélagi Suðurlands, Ágúst Andrésson frá KKS/SKVH/Hella, Ólafur Rúnar Ólafsson frá SAH afurðum á Blönduósi og Geir Gunnar Geirsson frá Stjörnugrís.

Ágúst Torfi Hauksson er nýr formaður Landssamtaka sláturleyfishafa. Mynd / MÞÞ

Samhljómur sláturleyfishafa

Ágúst Torfi segir að það sé of snemmt að segja til um áherslubreytingar því hann hafi tekið við embættinu með skömmum fyrirvara. „Það hefur hins vegar verið þokkalegur samhljómur meðal sláturleyfishafa um þau mál sem fjallað er um á vettvangi samtakanna, svo þörf á verulegum áherslubreytingum er ekki mikil.

Á nýafstöðnum aðalfundi Landssamtaka sláturleyfishafa var samþykkt ályktun þess efnis að fundurinn lýsti fullum stuðningi við stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda í tengslum við viðræður samtakanna við hið opinbera varðandi það að koma á tímabundinni útflutningsskyldu sem lið í lausn á vanda sauðfjárgreinarinnar," segir Ágúst spurður um hvort hann styðji hugmyndir forvera hans um að útflutningsskyldu verði aftur komið á. „Ég hygg að allir aðilar samtaka sláturleyfishafa standi að baki þeirri ályktun."

Mikilvægt að fjárfesta í hagræðingu

Ágúst Torfi var einnig spurður um hvort afurðastöðvarnar þyrftu að fara í endurnýjun og uppfærslu á sínum húsa- og tækjakosti – og hvort endurskoða þurfi samkeppnisumhverfi greinarinnar, eins og forveri hans hefur talað fyrir.

„Ég er sammála fyrrverandi formanni um að mikilvægt sé að afurðastöðvar starfi við þær aðstæður að þær hafi tök á því að fjárfesta í hagræðingu. Því hefur ekki verið að heilsa undanfarin ár og stendur það greininni að mörgu leyti fyrir þrifum, út úr þeirri stöðu verðum við að komast," segir Ágúst Torfi. /smh

Þorsteinn Geir Kristinsson, Fiskfélaginu, Sigurjón Bragi Geirsson, Garra, Iðunn Sigurðardóttir, Matarkjallaranum, Bjartur Elí Friðþjófsson, Grillmarkaðnum og Garðar Kári Garðarsson, Deplar Farm. Mynd / Sigurjón Ragnar

Kokkur ársins 2018:

Fimm manna úrslitahópur keppir í Hörpu 24. febrúar

Fimm kokkar keppa til úrslita laugardaginn 24. febrúar í Flóa í Hörpu um nafnbótina Kokkur ársins 2018. Undanúrslit fóru fram í Hörpu 19. febrúar þar sem átta kokkar kepptu um laus sæti í úrslitum.

Úrslitafyrirkomulag verður þannig að keppendur hafa fimm tíma til að elda þrjá rétti fyrir 12 manns. Kokkur ársins verður krýndur í lok kvölds frammi fyrir fullu húsi veislugesta og hann öðlast þátttökurétt í Nordic Chef-keppninni á næsta ári, sem verður haldin á Íslandi.

Eftirtaldir kokkar keppa til úrslita:

- Bjartur Elí Friðþjófsson, Grillmarkaðnum
- Garðar Kári Garðarsson, Eleven Experience-Deplar Farm
- Iðunn Sigurðardóttir, Matarkjallaranum
- Sigurjón Bragi Geirsson, Garra
- Þorsteinn Kristinsson, Fiskfélaginu

Opið hús verður frá kl. 13.00 til kl. 18.00. Eftir það munu gestir sem tryggja sér miða á úrslitakvöldið fylgjast með keppendum og jafnhliða því fá fjögurra rétta Kokkalandsliðsmáltíð.

Keppnin er haldin í samstarfi við Nettó og IKEA á Íslandi.

Í fyrra var það Hafsteinn Ólafsson á Sumac Grill + Drinks sem bar sigur úr býtum. /smh

Sótt um lóð fyrir gagnaver á Blönduósi

Einkahlutafélagið Borealis Data Center hefur sent skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar umsókn um lóð fyrir gagnaver á svæði sem er í skipulagsferli við Svínvetningabraut.

Uppi eru áform um að byggja tvö hús á lóðinni á þessu ári, samtals um 1.200 fermetrar að stærð. Stefnt er að því að reisa fleiri hús á sömu lóð á komandi árum.

Nefndin tók jákvætt í erindi frá félaginu og mælir með því við byggðaráð að lóðinni verði úthlutað til félagsins með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar.

Borealis Data Center átti fund með sveitarstjórn Blönduósbæjar í júní í fyrra en fyrirtækið var að leita að hentugri staðsetningu fyrir gagnaver þar sem nægt landrými væri og gott aðgengi að raforku.

Samkvæmt fundargerð nefndarinnar verður fyrsta húsið stálgrindarhús á steyptum sökkli klætt með samlokueiningum. Húsið verður um 16x40 og 640 fermetrar að stærð. Næsta hús verður um 12x48, eða um 580 fermetrar.

Mikil vinna hefur farið fram á Blönduósi við að kynna sveitarfélagið sem ákjósanlegan kost fyrir gagnaver. Búið er að eyrnamerkja í aðalskipulagi Blönduósbæjar rúmlega 270 hektara lóð undir slíka starfsemi. Nálægðin við Blönduvirkjun er mikill kostur og engin náttúruvá er á svæðinu.

/MÞÞ

Vöruviðskiptin óhagstæð

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar fyrir janúar 2018 nam fob verðmæti vöruútflutnings 48,5 milljörðum króna.

Þá nam fob verðmæti vöruinnflutnings 53,9 milljörðum króna.

Vöruviðskiptin í janúar, reiknuð á fob verðmæti, voru því óhagstæð um 5,4 milljarða króna.

/VH

Atvinnuleysi 2,6%

Á fjórða ársfjórðungi 2017 voru að jafnaði 199.600 manns á aldrinum 16–74 ára á vinnumarkaði. Af þeim voru 194.400 starfandi og 5.200 án vinnu og í atvinnuleit.

Á vef Hagstofunnar segir að atvinnuþátttaka hafi verið 81,2%, hlutfall starfandi 79,1% en atvinnuleysi 2,6%. Samanborið við fjórða ársfjórðung 2016 fjölgaði starfandi fólki um 2.700 en hlutfall starfandi af mannfjölda lækkaði um 1,8 prósentustig. Á sama tíma fjölgaði atvinnulausum lítillega, eða um 200 manns, og hlutfall atvinnulausra af vinnuafli hækkaði um 0,1 prósentustig. Atvinnulausar konur voru 2.300 og var atvinnuleysi á meðal kvenna 2,5%. Atvinnulausir karlar voru 2.900, eða 2,7%. Atvinnuleysi var 2,5% á höfuðborgarsvæðinu og 2,7% utan þess. */VH*

Drög að landsáætlun

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur kynnt til umsagnar drög að landsáætlun sem fjallar um hvernig eigi að byggja upp helstu innviði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Fjallar áætlunin um stefnumótun vegna uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Jafnframt er kynnt verkefnaáætlun um þau verkefni sem á að vinna á næstu þremur árum.

Samhliða landsáætluninni eru kynnt drög að umhverfisskýrslu í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. */VH*

Fundað um grásleppu

Alþjóðlegur upplýsingafundur um grásleppumál - LUROMA - var haldinn í Reykjavík 2. febrúar síðastliðinn. Fundurinn er árlegur og var nú haldinn í 30. skiptið. Landssamband smábátaeigenda hafði veg og vanda að fundinum.

Snarpar umræður urðu um málefnið á fundinum sem lauk með samþykkt áskorunar til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Í henni kemur fram fullur stuðningur við kröfu LS til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um að beita sér fyrir endurskoðun á skýrslu Hafrannsóknastofnunar. */VH*

Við viljum bjóða þér að fá fund með sérfræðingi okkar frá GEA sem hefur aðstoðað fjölda viðskiptavina okkar við að endurskipuleggja og bæta sín fjós.

Á fundinum er farið yfir teikningar af fjósinu og viðraðar hugmyndir að betra fyrirkomulagi, með tilliti til umferðar gripa, vinnuhagræðingar og nýtingar mjaltaþjóna.

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 540 1100 eða með tölvupósti **fyrir 5. mars** á **thjonusta@lifland.is** og pantaðu tíma í ráðgjöf.

"Fullt af nýjum hugmyndum og lausnum"

"Þegar við létum teikna fjósið töldum við að búið væri að hugsa fyrir flestu sem skipti máli. Við ákváðum samt að fá sérfræðing frá Líflandi til þess að fara yfir teikningarnar hjá okkur og ég sé ekki eftir því. Hann fór yfir teikningarnar og benti okkur á fullt af nýjum hugmyndum og lausnum sem voru bæði hagstæðari og auðvelduðu alla umferð gripa um fjósið. Þessar lausnir hafa einnig sparað okkur mikla vinnu í fjósinu. Ég mæli eindregið með því að panta viðtal hjá Líflandi og fá ráðgjöf ef þú ert í þeim hugleiðingum að breyta hjá þér."

Hulda Sigurðardóttir, Stekkjarflötum.



Stálinnréttingar frá GEA



GEA Monobox

Mjólkurtankar frá GEA

GEA Mlone



Margverðlaunaðar mottur frá Kraiburg

LÍFLAND

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lynghálsi | Borgarnes Borgarbraut | Akureyri Óseyri | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Ormsvöllur

FRÉTTIR

Hundrað veitingastaðir í Japan bjóða íslenskt lambakjöt

Tugir þúsunda gesta heimsækja árlega matvælasýninguna Food Table sem haldin er í febrúar á hverju ári í Tókýó í Japan. Veitingamenn og smásalar sjá þar það helsta sem er á boðstólum í matvörum fyrir Japansmarkað.

Íslenskt lamba- og hrossakjöt var kynnt á sýningunni í ár við góðar undirtektir. Þetta er í annað skipti sem japanskir kaupendur fá að smakka á íslensku afurðunum á sýningunni. Í ár voru að auki kynntar nokkrar nýjar afurðir frá litlum íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum, eins og beinasoð og niðursoðið lambakjöt.

Samstarf við japanskan sérvöruinnflytjanda

Þátttakan í sýningunni er samstarfsverkefni kjötútflytjenda, hrossabænda og Icelandic lamb í samvinnu við japanska fyrirtækið Global Vision, sem flytur inn ýmsar sérvörur til Japans frá Evrópu og Norður-Ameríku. Fyrirtækið selur til veitingastaða, svæðisbundinna dreifingaraðila og sérverslana. Íslenskt lamba- og hrossakjöt er það nýjasta í vörulínu japanska fyrirtækisins, sem hefur lagt töluvert undir við markaðssetningu á íslensku vörunum. Nú þegar er íslenskt lambakjöt komið á matseðla um 100 veitingastaða og fæst auk þess í nokkrum völdum verslunum. Salan undir hatti þessa verkefnis nam um 200 tonnum í fyrra.

Vöruþróun vegna sérstakra japanskra rétta

Sölunni á íslenska lambakjötinu má einkum skipta í tvo meginhluta. Annars vegar eru fluttir út dýrari bitar á góðu verði sem fara til alls kyns veitingastaða og sérverslana. Hins vegar eru fluttir út feitir frampartar sem fara á veitingastaði sem sérhæfa sig í svokölluðu mongólsku grilli, eða Ghengis

Kokkurinn Friðrik Sigurðsson á spjalli við japanskan gest á sýningunni.

Khan. Þá er einnig farið af stað vöruþróunarverkefni á sérstökum lambakjötsrúllum úr íslensku lambakjöti sem nýttar eru í rétti sem heita Shabu Shabu. Í báðum tilfellum elda viðskiptavinir kjötið sjálfir við borðið og íslenskt lambakjöt þykir hafa sérstaka eiginleika sem nýtast vel á þessari tegund veitingastaða.

Framlag utanríkisþjónustunnar er ómetanlegt

Icelandic lamb og Global Vision gerðu með sér samstarfssamning í fyrra sem gerir ráð fyrir stigvaxandi markaðshlutdeild íslenska lambakjötsins. Í honum felst einnig að allt markaðsefni Icelandic lamb er þýtt á japönsku, sett hefur verið upp japönsk heimasíða og samvinna er um gerð markaðsefnis fyrir netið.

Hið opinbera hefur lagt verkefninu lið og að sögn Svavar Halldórssonar, framkvæmdastjóra Icelandic lamb, hefur stuðningur utanríkisráðuneytisins og sendiráðsins í Japan verið ómetanlegur við að koma því af stað. Stuðningurinn felst meðal annars í því að haldin er móttaka í sendiráðinu fyrir fjölmiðlamenn, áhrifafólk úr veitinga- og smásölugeiranum og fulltrúa íslenskra fyrirtækja í Japan. Þá hefur Friðrik Sigurðsson, matreiðslumaður

Erlendur Garðarsson, Elín Flygenring, sendiherra Íslands í Japan, Svavar Halldórsson, ásamt japönskum fulltrúa og Friðriki Sigurðssyni matreiðsumanni. Myndir / SH

Hlaðborð með íslenskum lambaréttum vakti áhuga Japana.

utanríkisráðuneytisins, einnig heillað Japani með útfærslum sínum á íslenskum afurðum.

Möguleikar fyrir íslenska ull og hönnun

Þótt meginánhersla sé á matvörur á Food Table-sýningunni eru einnig kynnt þar alls kyns tæki, húsgögn og fleira fyrir hótel og veitingastaði. Japanir eru þekktir fyrir áherslu á hönnun og í ár voru stigin fyrstu skrefin til að kynna íslenska hönnun og ullarvörur fyrir Japönum.

Stólar frá hönnunarfyrirtækinu Spot Design, sem voru til sýnis í íslenska básnum, vöktu mikla athygli. Áklæði þeirra eru handgerð úr íslenskri ull og aðeins búið til eitt eintak af hverjum stól. Sýnishornin sem voru á íslenska básnum voru seld á staðnum.

Að sögn Svavars Halldórssonar bendir ekkert til annars en framhald verði á þátttöku Íslendinga í sýningunni á næsta ári. Þótt svona markaðssetning sé vissulega langhlaup hafi árangurinn af verkefninu hingað til verið afar góður, allir aðilar séu í þessu af fullri alvöru og líkur á áframhaldandi góðum árangri á næstu árum.

Hugmyndir um búsetuúrræði til sveita fyrir eldri borgara:

Ábendingar hafa borist um álitlega staði

– Áhugahópur stofnaður um verkefnið

Undirbúningsfundur samtaka um ný búsetuúrræði til sveita fyrir eldri borgara var haldinn þriðjudaginn 20. febrúar á Café Catalina í Hamraborg í Kópavogi.

Á fundinum voru kynntar hugmyndir um stofnun sambýliseininga aldraðra í búsetukjörnum utan þéttbýlis. Bændablaðið fjallaði um þessar hugmyndir í fyrsta tölublaði þessa árs og ræddi við Árna Gunnarsson, fyrrverandi bónda í Skagafirði og núverandi eldri borgara, sem telja má sem upphafsmann þeirra.

Reynsla annarra þjóða

Að sögn Árna var á fundinum stutt kynning á reynslu annarra þjóða á búsetukjörnum með blönduðum aldurshópum utan þéttbýlis. „Það var kannaður áhugi á ofanrituðum valkostum og málin rædd á breiðum grundvelli. Þær ályktanir komu fram að þar sem búsetuform gætu verið af ýmsum toga gætu framkvæmdahópar orðið tveir eða fleiri,“ segir Árni.

„Fundarfólk varð sammála um að nauðsynlegt væri að stofna heimasíðu til að fólk gæti rætt mál og boðið áhugasömum til þátttöku. Það var einhugur í fólki að halda áfram þessum undirbúningi og kosin fimm manna stjórn til að vinna að því verki. Formaður er Sigrún Huld Þorgrímsdóttir og með henni í stjórn Hanna Brynja Axelsdóttir, Dóróthea Lórenzdóttir,

Sólheimar eru ákveðin fyrirmynd að sambýlum eldri borgara til sveita.

Frá undirbúningsfundinum á Cafe Catalinu. Árni Gunnarsson situr við enda borðsins. Mynd / smh

Esther Ármannsdóttir og Magni Hjálmarsson.“

Sólheimar fyrirmynd

Árni segir að Sólheimar í Grímsnesi væru að vissu leyti fyrirmynd. Ríkið gæti lagt til jarðir í þessi verkefni og það gætu verið eftir atvikum litlar eða stórar jarðir með húsnæði fyrir sjö til tíu einstaklinga. Það sé margt fólk einmana sem gæti vel hugsað sér að búa á stað þar sem hægt væri að hugsa um hesta, hunda, hænsni – og það gæti líka stundað garðyrkju.

Eldra fólk hafi í mörgum tilvikum tengsl út í sveitirnar og hafi áhuga á að endurnýja kynnin við sveitalífið; fólk með ágæta hreyfigetu og kollinn í lagi.

Árni upplýsti á fundinum að margir einstaklingar hefðu haft samband við hann eftir umfjöllun Bændablaðsins og lýst áhuga sínum á málinu og jafnframt ánægju með að undirbúningur væri hafinn. Þar væri um að ræða fólk úr ýmsum aldurshópum og meðal annars fólk sem væri á lokaferli starfsaldurs og vildi geta átt sem flesta valkosti eftir starfslok.

Þá hefðu honum borist ábendingar um nokkra álitlega staði fyrir hópinn til að skoða og jafnvel óformleg tilboð ef áhugi væri fyrir samningaviðræðum. Nýkjörin undrbúningsstjórn ákvað að hittast í lok mánaðarins. /smh

JÖKLAR

Upplifun á Íslandi

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU

Forsniðin einingahús Fljótleg í uppsetningu

JÖKLAR - ÍSLENSKU HÚSIN

Við kynnum til sögunnar Íslensku húsin í Jöklaseríunni. Fyrirmynd húsanna eru mörg af hinum gömlu fallegu íslensku húsum sem finna má víða um Ísland, t.d. í Stykkishólmi, Akureyri, Flatey og í fleiri bæjarkjörnum. Húsin eru hönnuð alfarið hér á landi og uppfylla íslenska byggingarreglugerð.

BREYTINGAMÖGULEIKAR

- Hægt er að lengja/stytta húsin og færa til glugga og hurðir
- Hægt er að fá glugga og hurðir í stærð, útliti og í þeim fjölda sem óskað er.

S 24,3 fm



M 29,8 fm



L 38,2 fm



Húsin eru afhent ósamsett. Þegar búið er að setja þau saman uppfylla þau skilalýsinguna „Tilbúin að utan, fokheld að innan".

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

NJARÐARNES 4

STEINSMIÐJA AKUREYRAR
MINNISMERKI.IS

NJARÐARNES 4

SÉRTILBOÐ
febrúar
FRÍ SENDING UM ALLT LAND

252
br 60 x h 50 frá sökkli

sökkull 80x35x10
Svartur - 185 þúsund með grafskrift

252
br 60 x h 50 frá sökkli

Sökkull 80x35x10
Grár - 159 þúsund með grafskrift

103
76x55 cm frá sökkli

120 cm sökkull
Svartur - 240 þúsund með grafskrift

Nýuppfærð heimasíða - minnismerki.is - mikið úrval og góð verð

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is

FRÉTTIR

Guðmundur Egill Ragnarsson matreiðslumeistari og Birgir Reynisson, framleiðslustjóri í eldhúsi Sölufélags garðyrkjumanna í Brúarvogi í Reykjavík. Mynd / smh

Veitingasvið Sölufélags garðyrkjumanna gerir samning við Reykjavíkurborg um þjónustu við mötuneytin:

Um tvö þúsund börn og starfsmenn daglega í mat

Nýverið gerði Matartíminn, veitingasvið Sölufélags garðyrkjumanna, rammasamning við Reykjavíkurborg um rekstur mötuneyta fyrir leik- og grunnskólana.

Matartíminn var stofnaður í júní 2017, í samvinnu Sölufélags garðyrkjumanna (SFG) og þeirra Herborgar Svönu Hjelm og Birgis Reynissonar. Herborg segir að í dag þjónusti Matartíminn tvö þúsund börnum og starfsmönnum daglega og þjónusti um 15 leikskóla.

„Við Birgir byrjuðum síðasta sumar á því að gera matseðla í samvinnu við leikskóla og þegar matseðlarnir voru orðnir þannig að börnin voru orðin mjög sátt við matseðilinn þá fórum við að þjónusta leikskóla og grunnskóla," segir Herborg.

Gúrkur, tómatar og rauðkál skorið niður.

Íslensk kjötsúpa.

Skordýraeitur í þvagsýnum barna í Danmörku

Matartíminn er starfræktur í höfuðstöðvum fyrirtækisins að Brúarvogi 2, að sögn Herborgar, undir ötulli stjórn fagaðila og sérfræðinga. „Hjá okkur starfar matreiðslumeistari og matreiðslumenn með mikla reynslu af að elda í stóreldhúsum, svo hef ég um 11 ára reynslu af rekstri skólamötuneyta.

Sölufélag garðyrkjumanna leggur mikinn metnað í að auka hlut íslenskra afurða á borðum skólabarna, þá sér í lagi íslenskt grænmeti, kjöt og fisk. Upphaf rekstrarins má rekja tvö ár aftur í tímann þegar fregnir bárust að skordýraeitur mældist langt yfir hættumörkum í þvagsýnum barna á leikskólaaldri í Danmörku. Í framhaldi fóru íslenskir garðyrkjubændur að velta fyrir sér hvernig væri hægt að fá leik- og grunnskólabörn til að neyta meira af íslensku grænmeti og sú leið var valin að koma á fót veitingasviði. Hugsjónin snýr einnig að matarsóun en SFG nýtir grænmetið frá bændum betur, afskurður er notaður í súpur og sósur. Með þessu náum við að vera samkeppnishæf í verði. Hingað til hefur ekki verið gerð grundvallarkrafa um gæði hráefnis þegar keyptur er matur frá þriðja aðila, né um umhverfisþætti eins og kolefnisfótspor og sjálfbærni – en þar er okkar sérstaða á markaði, ásamt íslenska grænmetinu," segir Herborg.

Herborg Svana Hjelm.

Hún segir að mikil framleiðslugeta sé fyrir hendi hjá Matartímanum og getur fyrirtækið tekið að sér fjölbreytt verkefni. „Við framleiðum sósur, súpur og grænmetisbuff fyrir heildsölur og veitingastaði. Mikil eftirspurn er eftir grænmetisfæði úr íslensku grænmeti og neytendur eru alltaf að verða betur upplýstir um mikilvægi þess að neyta íslensks grænmetis og hráefnis úr nærumhverfinu."

Grænmetisbuff í umhverfisvænum umbúðum frá Matartímanum.

Flest allt gert frá grunni

„Við gerum flest allan mat frá grunni, notum engin aukaefni né sykur og mjög lítið af salti. Við notum íslenskt grænmeti, íslenskan fisk og íslenskt kjöt. Sósur eru úr grænmeti, við þykkjum sósur með kartöflum, ekki kartöflumjöli, og bjóðum upp á kartöflumús en ekki kartöfluduft. Við nýtum grænmeti sem ekki ratar í búðir. Við bökum allt sjálf og má nefna að við höfum verið að baka brauð úr byggi frá Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum.

Matseðlar eru unnir eftir ráðleggingum embættis landlæknis. Það skiptir miklu máli að fæðuvalið sé næringarríkt og fjölbreytt. Þannig er hægt að borða allan mat af og til og í hóflegu magni. Með því að fylgja ráðleggingum um mataræði er auðveldara að tryggja að líkaminn fái þau næringarefni sem börn og ungmenni þurfa yfir daginn.

Hitaeiningaþörf leikskólabarna á aldrinum tveggja til fimm ára er um 70% af dagsþörfinni og hádegisverður fyrir grunnskólabörn á aldrinum 6–16 ára er um 33% af dagsþörfinni – kolvetni eiga að vera um 50–60%, prótein 15–30 prósent og fita frá 15 prósent upp í 40 prósent. Allir matseðlar eru næringarvútreiknaðir," segir Herborg og vísar síðan til vefjar Matartímans fyrir þá sem vilja kynna sér betur matseðlana (http://matartiminn.is/matsedlar.html).

Álitleg litrík samsetning

Herborg segir að miklu máli skipti við matseðlagerðina að hafa matinn litríkan og skemmtilegan fyrir börnin – því börnin borða fyrst með augunum. „Það verður líka að leyfa börnunum að velja sjálf á diskana og það þarf að passa vel upp á áferðina á matnum.

Við, ásamt starfsmönnum í leikskólum og grunnskólum, tökum eftir því að mikil aukning á neyslu á grænmeti verður þegar við höfum starfað í einhvern tíma í mötuneytum. Við skýrum það þannig að við leggjum mikla áherslu á að hafa grænmetið litríkt og að raða saman litum sem vekja áhuga hjá börnum – en svo þarf að skera grænmetið þannig að það henti ungum börnum. Börnin eru líka mjög dugleg að borða súpur úr blómkáli, spergilkáli, sveppum, gulrótum og kartöflum." /smh

INNRÉTTINGAR

Spinder

Spinder fjósainnréttingar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga að nánast öllum þörfum nútímafjósa.

Við afgreiðum stíur, jötugrindur og milligerði í mörgum stærðum og gerðum og í flestum tilfellum er afgreiðslutíminn stuttur og varan flutt heim í hlað.

Hafðu samband:
bondi@byko.is

byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR

- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir | Sími 564 0013 | www.ishurdir.is | ishurdir@ishurdir.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

MHG VERSLUN

2017 Framúrskarandi fyrirtæki

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

MULTI ONE®
Oft veltir lítil vél þungu hlassi

Ný sending af MultiOne 6.3 SD fjölnotavélum

Nú bjóðum við MultiOne 6.3 SD vélar á enn betra verði en áður og með fleiri aukahluti innifalda. Um er að ræða frábærar fjölnotavélar með **1200 kg lyftigetu**.

Á MultiOne 6.3 SD situr stjórnandi í aftari hluta þessara lipru og sveigjanlegu véla. **Vélarnar afhendast með skóflu, aukaballest að aftan og taðgreip.**

Hafðu samband við sölumann í síma 590 5116 eða sendu línu á iab@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

FRÉTTIR

Fálkinn sem bændur á Hnjúki handsömuðu á dögunum reyndist vera með skotsár. Mynd / Lögreglan á Norðurlandi vestra

Fálki með skotsár

Bændur á Hnjúki í Vatnsdal handsömuðu fálka í liðinni viku. Var hann settur í búr og í samráði við Náttúrufræðistofnun fluttur suður í Húsdýragarðinn.

Hann var skaddaður á væng en dýralæknir sem annaðist hann sá að um skotsár var að ræða. Fálkinn reyndist fullorðinn kvenfugl sem gefið var nafnið Ógn

Þetta kemur fram á Facebook-síðu Lögreglunnar á Norðurlandi vestra. Vakti lögregla athygli á því að fálkar eru alfriðaðir samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Brot geta varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis. Virða skal það refsingu til þyngingar ef um sjaldgæfar eða fágætar fuglategundir er að ræða. */MÞÞ*

Haldið verður upp á 100 ára afmæli Kötlugossins 1918

Í Vík í Mýrdal er í undirbúningi að halda upp á 100 ára afmæli Kötlugossins á nýju ári, en Katla gaus síðast 12. október 1918. Gosið var með stærstu Kötlugosum frá því að land byggðist.

Haldið verður upp á tímamótin 12. október í Vík 2018 samhliða Regnbogahátíð Mýrdælinga sem er árleg bæjarhátíð. „Já, við ætlum að minnast þessara tímamóta með veglegum hætti með fræðasamfélaginu og er undirbúningur að fara af stað.

Við gerum ráð fyrir tveggja daga dagskrá þar sem við munum kalla á helstu sérfræðinga landsins á sviði jarð- og náttúruvísinda til að fræða okkur um gosið 1918 og afleiðingar þess. Auk þess mun verða fjallað um söguna og þau áhrif sem stórgos á Suðurlandi hafa haft á mannlífið á svæðinu," segir Ásgeir Magnússon,

Ásgeir Magnússon. Mynd / MHH

sveitarstjóri Mýrdalshrepps, sem á sæti í undirbúningsnefnd afmælisins.

Ásgeir leggur áherslu á að hér verði um að ræða bæði fræðandi og skemmtileg erindi sem eigi erindi við sem flesta. En skynjar Ásgeir að íbúar í Mýrdal séu mikið að hugsa um Kötlu og afleiðingar slíks goss í dag? „Nei, það finn ég ekki á íbúunum, fólk er ekki óttaslegið, það er ekki mín tilfinning." */MHH*

KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR

BÍLAR
Kæli- & frystibúnaður frá Carrier í miklu úrvali.
Fyrir allar gerðir af sendi- og flutningabílum.

HURÐIR fyrir kæla
Hentar afar vel fyrirtækjum í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði.

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is

Það voru þær Harpa Sif Þorsteinsdóttir, gjaldkeri Björgunarsveitarinnar Dagrenningar á Hvolsvelli, og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, formaður Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu, sem tóku við peningagjöfinni, hér staddar með sínu fólki, auk Braga Hanssonar, formanns starfsmannafélagsins og Friðriki Pálssyni hótelstjóra. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Hótel Rangá sýnir virðingarvert fordæmi:

Starfsfólk gefur björgunarsveitum peninga í stað þess að þiggja þjórfé

Starfsfólk á Hótel Rangá gáfu björgunarsveitunum á Hellu og Hvolsvelli tvær milljónir króna sem það hefði annars fengið í eigin vasa í þjórfé frá gestum hótelsins.

„Við ákváðum það á Hótel Rangá fyrir tveimur árum að þiggja ekki þjórfé. Við segjum gestunum hins vegar að við vitum að mörgum þyki ánægjulegt að leggja fram einhverja fjármuni sem virðingarvott fyrir góða þjónustu. Við bjóðum þeim að leggja fram peninga sem renna til björgunarsveita á svæðinu. Þetta hefur vakið afskaplega jákvæð viðbrögð meðal gesta okkar enda vorum við að gefa björgunarsveitunum á svæðinu tvær milljónir króna," segir Friðrik Pálsson hótelstjóri, aðspurður hvað yrði um það þjórfé sem safnaðist á hótelinu. Með stórauknum fjölda ferðamanna til Íslands hefur það færst í vöxt að þjórfé sé greitt.

„Já, víða um heim eru menn að reyna að hverfa frá þessu kerfi, meira að segja Bandaríkjamenn, þar sem laun þjóna eru jafnvel aðeins 250 til 400 krónur á tímann og þeir þurfa svo að vera eins og rukkarar fyrir hönd veitingahússeigandans að fá upp í launin sín," bætir Friðrik við. Hvor björgunarsveitin fékk 1 milljón króna, þ.e. Flugbjörgunarsveitin á Hellu og Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli. */MHH*

Fimm þúsund tjón voru metin eftir Suðurlandsskjálftann 2008

Þann 29. maí í vor verða 10 ár liðin frá Suðurlandsskjálftanum sem varð 29. maí 2008 en hann var af stærðinni 6,3. Upptök skjálftans voru í Ölfusi, milli Hveragerðis og Selfoss.

Mikið tjón varð á fasteignum og lausafé á svæðinu og einnig varð töluvert tjón á veitukerfum Árborgar og Hveragerðisbæjar. Alls voru metin um 5.000 tjón vegna skjálftans á vegum Viðlagatryggingar Íslands. Heildartjón, að meðtöldum matskostnaði, nam um 10 milljörðum króna og samsvarar það rúmum 15 milljörðum króna á verðlagi dagsins í dag. Jarðskjálftinn er stærsti tjónsatburður Viðlagatryggingar frá stofnun hennar árið 1975 í kjölfar eldgossins í Vestmannaeyjum 1973 og snjóflóðsins í Neskaupstað 1974.

Það gekk mikið á í Suðurlandsskjálftanum 29. maí 2008. Þessi mynd var tekin í Árnesapóteki á Selfossi. Myndir / MHH

Enn berast tilkynningar um tjón

„Þótt brátt séu liðin 10 ár frá jarðskjálftanum berast okkur enn þá einstaka tilkynningar um tjón, einkum vegna skemmda sem af einhverjum ástæðum hafa ekki verið sýnilegar eigendum. Dæmi um slík tjón eru skemmdir á fráveitulögnum undir gólfplötum fasteigna. Frestur til að tilkynna tjón sem ætla má að tjónþola hafi verið kunnugt um er hins vegar liðinn. Stofnunin tekur við tilkynningum og lætur meta tjón ef skilyrði um fresti og fyrningu eru uppfyllt. Í árslok 2018 fyrnast öll tjónamál vegna jarðskjálftans," segir Jón Örvar Bjarnason, byggingarverkfræðingur hjá tjóna- og áhættumati hjá Viðlagatryggingu Íslands.

Jón Örvar Bjarnason hjá Viðlagatryggingu Íslands.

Fimmta hvert heimili án bruna- og náttúruhamfaratrygginga

Jón Örvar segir mikilvægt að eigendur fasteigna og innbúa hugi vel að vátryggingarvernd gagnvart náttúruhamförum. Allar húseignir á Íslandi eru vátryggðar gegn náttúruhamförum, þar sem um lögboðna skyldutryggingu er að ræða. Til að innbú sé vátryggt þarf það hins vegar að vera brunatryggt hjá vátryggingarfélagi (VIS, Sjóvá, TM eða Verði). Eigendur innbúa snúa sér því til almennu vátryggingarfélaganna vegna þess.

„Sérfræðingur í áhættumati hjá okkur telur að um 70–80% af heimilum á Íslandi séu með brunatryggingu á innbúum og þar með vátryggð hjá stofnuninni gegn náttúruhamförum. Því má gera ráð fyrir því að nærri fimmta hvert heimili í landinu sé án bruna- og náttúruhamfaratrygginga og geti því ekki búist við að fá tjón sitt bætt vegna slíkra atburða," segir Jón Örvar. */MHH*

Landssamband veiðifélaga:

Krefst stjórnsýsluúttektar á Mast

Landssamband veiðifélaga hefur skrifað Kristjáni Þór Júlíussyni, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, bréf þar sem þess er krafist að fram fari stjórnsýsluúttekt á eftirliti Matvælastofnunar með sjókvíaeldi á laxi.

Í bréfinu er vísað til þess að í fjölmiðlum hefur verið greint frá því að í óveðri að undanförnu hafi búnaður fiskeldisfyrirtækisins Arnarlax orðið fyrir skemmdum og sjókví hafi laskast í Tálknafirði með þeim afleiðingum að flothæfni var ekki lengur til staðar.

Einnig hafi komið rifa eða gat á nót í kví fyrirtækisins í Arnarfirði. Þá liggi fyrir að nú átta dögum síðar hafi eftirlitsmaður ekki enn verið sendur á staðinn til að taka út mannvirki og búnað fyrirtækisins.

Einnig gerir Landssambandið alvarlegar athugasemdir við að opinberir eftirlitsaðilar birti ekki upplýsingar um málið sem virðist hafa átt að fara leynt.

Arnarlax er stærsta fiskeldisfyrirtækið á Íslandi og með eldi í þremur fjörðum, Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði. Stefna fyrirtækisins er að framleiða rúmlega 20.000 tonn af laxi árið 2020. */VH*

Þú getur stólað á okkur

Íslensk hágæða framleiðsla

Eldhússtóll
Eldhússtólinn sígildi fæst í mörgum litum. Hægt er að fá grindina krómaða eða litaða og áklæði er til í fjölbreyttu litaúrvali.
Góð hönnun stenst tímans tönn og er sívinsæl.
Verð 27.900 kr.

Stacco
Stacco er staflanlegur fjölnota stóll sem hentar við öll tækifæri. Auðvelt er að flytja hann milli rýma á þartilgerðum vögnum sem Stáliðjan framleiðir. Alla stóla er hægt að fá í fjölbreyttu litaúrvali.
Verð 31.100 kr.

Lúdó
Lúdo er þægilegur og meðfærilegur og hentar jafnt við eldhúsborðið heima og á vinnustað. Alla stóla er hægt að fá í fjölbreyttu litaúrvali.
Verð 26.900 kr.

Rondó
Þægilegur og léttur stóll við kaffiborðið eða eldhúsborðið. Hann hentar vel í eldhúsið heima hjá þér og jafnframt í fundarherbergið á vinnustaðnum. Rondó er með standard setu og grindin er úr krómi. Fjölbreytt litaúrval.
Verð 25.900 kr.

Eldhúsborð
Með föstum T-fótum úr krómi. Við bjóðum upp á borðplötur í nokkrum litum.

Borðplata
Verð 18.375 kr.

T borðfætur undir borð
Verð 24.125 kr.
(parið)

Samtals Verð 42.500 kr.

Vönduð íslensk framleiðsla síðan 1959. Stáliðjan er gamalgróið íslenskt fyrirtæki sem framleiðir vandaða vöru fyrir heimilið og vinnustaðinn.

STÁLIÐJAN
Stálhúsgögn og alhliða stálsmíði

Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi - Sími 564 5885 - www.stalidjan.is

ERTU AÐ HUGA AÐ BREYTINGUM?



INNRÉTTINGAR
GÚMMÍMOTTUR
STEINBITAR
DÆLUBÚNAÐUR
Í FJÓS, HESTHÚS O.FL

- ÞJÓNUSTA Í 30 ÁR -



Verslunin Eyri
velkomið að hafa samband
sími: 825 4627
indridi.gretarsson@ks.is

SUNDSÁLFA Fremtiden PERSTRUP animat

KS Verslunin Eyri
Opið: mán. - fös. 8 - 18
Lau. 10-13 / S: 455 4610

STEKKUR

Furðusögur af sjó

Vellygni Bjarni sagði þá sögu af sér er hann reri á vertíð frá Görðum á Álfanesi að hann hefði dregið lúðu sem var svo stór að fjórar kýr komust fyrir undir rafabeltinu á henni, og að uxi hefði staðið uppi á henni en riklingurinn komst varla á fimm hesta. Innan í lúðunni voru tólf vöðuselir.

Maður vestur í Húnavatnssýslu, sem heyrði söguna af þessari stórflyðru, sagði að sér þætti hún ekkert stórkostleg á við lúðu sem hann hefði séð. Hún hefði verið svo stór, að hrafn hefði verið heilt ár að fljúga upp á rafabeltið á henni.

Drógu kvenmann á öngli

Einu sinni reru fiskimenn frá höfða í höfðahverfi á Látraströnd og drógu kvenmann á öngli og fluttu heim með sér að Höfða. Hún var fálát mjög, sagðist eiga heima í sjónum og hafa verið að skýla að eldhússtrompi móður sinnar þegar hún var dregin upp. Hún var alltaf að biðja mennina að flytja sig aftur út á sjó og hleypa sér niður á sama mið og hún var dregin úr. Ekki vildu þeir það og vildu að hún ílengdist í landi enda var hún vel að sér um alla hluti. Hún var eitt ár á Höfða og saumaði messuklæðin sem eru í Laufási. Þegar árið var liðið var hún flutt út á sjó aftur því menn sáu að hún mundi aldrei una í landi. Hét hún því að senda kýr á land. Sagði hún að þegar þær kæmu skyldu menn vera tilbúnir og sprengja blöðru sem væri á milli nasa þeirra því annars færu þær aftur í sjóinn. Litlu síðar komu tólf kvígur úr sjónum og fóru rakleitt að Höfða. Þær voru sægráar að lit. Sex af þessum kúm náðust og voru hið mesta afbragð.

Hafgýgur, haffrú, margýgur, meyfiskur, marmennill eða marbendill

Tvenns konar sæbúar eru það sem næst ganga álfum og er sagt að þeir séu í mannslíki. Annað er hafgýgur, haffrú, margýgur eða meyfiskur en hitt er marmennill eða marbendill. Margýgi er lýst þannig að hún hafi gulleitt hár og sé í mannslíki niður að mitti en þar fyrir neðan fiskur og með sporð. Sjómenn telja sig stundum hafa séð hana og þá oftast norður við Grímsey. Sagt er að margýja gefi ungum mönnum auga og sæki upp í skip af þeir sofna á vaktinni. En Credo í gamla Grallaranum er sögð góð vörn gegn því. Marbendill heldur sig mest á hafsbotni og sést aldrei nema hann sé dreginn upp. Beri svo við að marbendill sé dreginn lifandi vill hann umsvifalaust komast niður aftur á sama stað og hann var dreginn. Menn vita lítið um háttarlag marbendla nema að þeir eiga góðar kýr.

Sjódauðir birtast ástvinum

Sjódauðir menn gerðu oft vart við sig í sama mund og þeir drukknuðu og birtust þá ástvinum sínum blautir og dapurlegir. En aðrir voru sem urðu eftir drukknun í sjó rammir og illskeyttir draugar, svo sem Skipárdraugurinn við Stokkseyri sem átti til að æra ferðamenn með ópum og ráðast að þeim við ána. Eiðisboli í Mýrdal var sjódraugur sem glettist við menn sem leið áttu um Eiðið við Dyrhólaey.

/VH

HLUNNINDI & VEIÐI

Gráslepppukarlar í vanda

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com

Grásleppuvertíðin hefst eftir nokkrar vikur. Að þessu sinni standa grásleppukarlar frammi fyrir nýjum og áður óþekktum vanda. Þeir hafa verið sviptir vottun um sjálfbærar veiðar á þeirri forsendu að of mikið af sel og teistu komi í grásleppunetin sem meðafli. Þar með getur orðið erfitt að selja grásleppuhrognin á mikilvægustu mörkuðunum fyrir þessa vöru.

Grásleppuveiðar við Ísland eru áhættusöm atvinnugrein. Í fyrsta lagi eru veiðarnar mjög háðar veðri. Stundum tekst mönnum ekki að draga netin í bátana vegna óveðurs eða færa þau nægilega djúpt svo veðrið nái ekki að skemma þau. Missa kannski allt úthaldið í einum veðurofsa. Þótt ekki fari svo illa, veiðist ekkert meðan bræla er en leyfilegir veiðidagar halda hins vegar áfram að líða óbættir. Á síðasta ári voru dagarnir 46 talsins og þá þarf að nýta samfleytt frá því að hver og einn leggur sín net og þar til hann dregur þau upp í síðasta sinn.

Í öðru lagi hefur markaðsástand fyrir grásleppuhrogn ekki verið upp á það besta á síðustu árum sem endurspeglast í því að dregið hefur úr þátttöku í veiðunum. Ef öll grásleppuveiðileyfi væru nýtt gætu yfir 400 bátar stundað veiðarnar, en meðalfjöldinn á undanförnum árum hefur verið 240–250 bátar.

Afturköllun vottunar

Nýjasti vandinn er svo sá að svokölluð MSC vottun um sjálfbærar grásleppuveiðar við Ísland hefur verið afturkölluð á þeirri forsendu að of mikið af landsel, útsel og teistu komi í grásleppunetin sem meðafli. Vottunarstofan Túnsem annast þessa vottun byggir á skýrslu Hafrannsóknastofnunar um meðafla á grásleppuveiðum þar sem leiddar eru að því líkur að þessi meðafli geti ógnað þessum stofnum. Grásleppukarlar mótmæla harðlega mati Hafrannsóknastofnunar á umfangi meðafla á grásleppuveiðum.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir í samtali við höfund þessa pistils að það sé ekkert nýtt að selir og fuglar flækist í grásleppunet og engin ástæða sé til að afturkalla vottunina af þeim sökum. Örn gerir þá athugasemd við skýrslu Hafrannsóknastofnunar að hún byggi eingöngu á gögnum frá veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu en ekkert á aflaskýrslum frá sjómönnunum sjálfum. Veiðieftirlitsmennirnir séu einkum að skoða meðafla í upphafi vertíðar og ekki síst á þeim stöðum þar sem vitað er um meðafla, eins og t.d. í Breiðafirði og á Húnaflóasvæðinu. Þessar tölur séu síðan uppreiknaðar fyrir allt landið eins og meðafli sé jafnmikill alls staðar, á öllum veiðitímanum og á öllu dýpi. Þetta sé víðs fjarri raunveruleikanum. Sums staðar komi lítið sem ekkert af sel í grásleppunet. Þá komi teista ekki í net sem lögð séu neðan við ákveðið dýpi en hún sé samt reiknuð að fullu inn í meðafla alls staðar. Örn fullyrðir að Hafrannsóknastofnun ofmeti meðaflann á grásleppuveiðum gróflega og hefur LS óskað eftir því við sjávarútvegsráðuneytið að reynt verði að leysa þetta mál svo vottunin geti komist á að nýju.

Ófullnægjandi skráning

Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar, Guðmundur Þórðarson og Guðjón Sigurðsson, hafa svarað gagnrýni Landssambands smábátaeigenda í grein í Fiskifréttum þar sem þeir segja að erfiðlega hafi gengið að fá grásleppukarla til þess að skrá allan meðafla í afladagbók og því ekki hægt að styðjast við gögn þeirra, en þess í stað orðið að reiða sig eingöngu á gögn veiðieftirlitsmanna. Tekið er sem dæmi að á árunum 2014–16 hafi eftirlitsmenn skráð meðafla fugla eða spendýra í 67% róðrum þegar þeir voru um borð, en meðafli var eingöngu skráður í 15% róðra þegar eftirlitsmenn voru ekki um borð. Samkvæmt skráningum sjómanna í afladagbækur árið 2017 komu að minnsta kosti 400 landselir í netin, um 200 útselir, 286 hnísur, 600 teistur og 1.800 aðrir sjófuglar. Áætlað mat Hafrannsóknastofnunar, byggt á eftirlitsferðum Fiskistofu, er talsvert hærra, eða á bilinu 700–1.100 landselir, 970–2.100 útselir, 240–440 hnísur, 1.300–2.121 teistur, og um 4.800 aðrir sjófuglar. Bent er á að þetta sé fimmfaldur munur á meðafla í heild.

Sérfræðingarnir viðurkenna að sú aðferð að uppreikna meðaflann yfir landið allt út frá þeim róðrum sem eftirlitsmennirnir fóru í sé ekki gallalaus því aðstæður geti verið mismunandi í tíma og rúmi. Best væri ef sjómennirnir sjálfir skráðu allan meðafla í samræmi við lög og reglur, en svo lengi sem skráningu þeirra sé ábótavant sé eina raunhæfa leiðin að auka gagnasöfnun, t.d. með auknu eftirliti eða upptöku öryggismyndavéla. Hvort tveggja sé hins vegar mjög kostnaðarsamt.

Neikvæð áhrif á markaðssetningu

En hvaða áhrif hefur afturköllun MSC vottunarinnar á markaðssetningu grásleppuhrogna frá Íslandi? Örn Pálsson segir að hún gæti leitt til þess að erfiðlega gangi að selja til mikilvægra markaðslanda, svo sem Svíþjóðar, Þýskalands og jafnvel Danmerkur, en tæpur helmingur hrognanna hefur farið til þessara landa. Á síðasta ári nam grásleppuhrognaframleiðslan á Íslandi 8.600 tunnum. Útflutningsverðmæti þeirra nam 1,8 milljörðum króna. Helmingur hrognanna er unninn í kavíar í tveimur verksmiðjum hérlendis (hjá Vigni Jónssyni á Akranesi og hjá ORA) en hinn helmingurinn fer óunninn til vinnslu erlendis. Að auki er grásleppan sjálf fryst án hrogna og seld til Kína, en henni var áður fleygt að undanskildu því takmarkaða magni sem verkað hefur verið fyrir þá sem sólgnir eru í signa grásleppu.

Milljarða verðmæti

Samkvæmt upplýsingum Landssambands smábátaeigenda starfa hátt í 800 manns við veiðar og vinnslu á grásleppu hérlendis. Eins og áður kom fram hefur þátttaka í veiðunum og aflinn farið minnkandi í takt við markaðsástandið. Meðalafrakstur af grásleppuveiðum síðustu tíu ára er 10–11 þúsund tunnur af hrognum sem er vel innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnun telur ráðlegt að veiða. Mest hefur útflutningsverðmæti hrognanna á einu ári farið í 3 milljarða króna en þá fór saman metveiði, hagstætt verð og gengi.

Nú er svo komið að Íslendingar og Grænlendingar veiða um 95% af allri grásleppu í Norður-Atlantshafi. Afrakstur hvorrar þjóðar var 8.600 tunnur í fyrra. Sjómenn á Nýfundnalandi, sem áður voru mjög umsvifamiklir í þessum veiðum, veiða nánast ekkert lengur. Norðmenn hafa líka stórlega dregið úr veiðum og það sem Danir og Svíar veiða er mest selt ferskt til neytenda.

Lífsstíll frekar en lífsviðurværi

En hvar við landið er grásleppan aðallega veidd og hverjir veiða hana? Grásleppan er dyntóttur fiskur og því getur verið æði sveiflukennt milli ára hvar best veiðist. Almennt má segja að veiðin hafi verið einna tryggust í innanverðum Breiðafirði, úti af Ströndum og úti af Norðausturlandi en ágætisveiði getur líka verið annars staðar eins og við Suðvesturland. Grásleppukarlar nú til dags eru að stærstum hluta sjómenn sem einnig stunda aðrar fiskveiðar en þó eru líka allmargir sem eru eingöngu á grásleppu og stunda síðan aðra vinnu í landi. Í þeim hópi eru bændur við Breiðafjörð.

Ljóst er að grásleppuveiðar eru áhættusamur veiðiskapur. Þegar vel gengur er hægt að hafa gott upp úr sér en þegar illa gengur hafa menn ekkert nema puðið upp úr krafsinu og jafnvel hreint tap. Því er ekki að undra að margir grásleppukarlar lýsa því svo að veiðarnar séu frekar lífsstíll en lífsviðurværi. Vonandi er að nýjustu hremmingar grásleppukarla, afturköllun á vottun veiðanna, dragi ekki máttinn úr þessari atvinnugrein meira en orðið er.

Grásleppuveiðar. Mynd / VH

Vonandi er að nýjustu hremmingar grásleppukarla, afturköllun á vottun veiðanna, dragi ekki máttinn úr þessari atvinnugrein meira en orðið er.

VÍKURVAGNAR EHF.

HESTAKERRUR - GRIPAVAGNAR

HESTAKERRA

HB 610 - FYRIR 5-6 HESTA

VERÐ

2.190.000 með vsk.

GRIPAFLUTNINGAKERRA

TA 510 - FYRIR 4-5 HESTA

VERÐ - 1.570.000 með vsk.

TA 510 – FYRIR 4-5 HESTA MEÐ MILLIGÓLFI

VERÐ – 1.850.000 með vsk.

TA 5 – FYRIR 2-3 HESTA

VERÐ – 1.200.000 með vsk

VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

SS Síðan 1907

Hrossabændur - hestamenn!

Vantar hross til slátrunar á næstu vikum.

Hækkað verð.

Forðist biðlista í haust.

Sláturpantanir í síma 480 4100.

Sláturfélag Suðurlands
Selfossi

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 8. mars

ÁRSHÁTÍÐ SAUÐFJÁRBÆNDA 2018

Árshátíð *Landssamtaka sauðfjárbænda* verður haldin föstudaginn 6. apríl í Súlnasal Hótels Sögu. Hátíðin hefst með fordrykk kl. 19:00, en borðhald hefst kl. 20:00.

- VEISLUSTJÓRAR ERU BJÖRK JAKOBSDÓTTIR OG GUNNAR HELGASON.
- HLJÓMSVEITIN MEGINSTREYMI LEIKUR FYRIR DANSI.

Tekið er við miðapöntunum á skiptiborði *Bændasamtaka Íslands* í síma 563-0300.

Miðaverð liggur ekki fyrir en talsvert er um pantanir nú þegar. Mögulegt er að panta borð fyrir hópa, átta manns eða fleiri.

Að gefnu tilefni er tekið fram að pöntun á gistingu felur ekki í sér pöntun á miða og öfugt.

VINNUPALLAR EHF
s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

LAMBAMERKI

Prentað er á merkin hjá Plastiðjunni Bjargi – Iðjulundi, Akureyri
Veittur er 20% afsláttur ef pantað er inn á bufe.is fyrir 21. mars 2018.

Combi Nano blöðkumerki í lömb.
Combi Nano örmerki -Örmerkjahluti merkis er endurnýtanlegur.

Micro lambamerki

Seljum tangir, nálar í þær og merkipenna.

PLASTIÐJAN BJARG
IÐJULUNDUR

Iðjulundur – Furuvöllum 1 – 600 Akureyri.
Opið frá kl. 8 - 16 alla virka daga
Sími 414-3780 – pbi@akureyri.is

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Liðið ár og starfið fram undan hjá Bændasamtökum Íslands:

Fjölbreytt verkefni í þágu bænda

Bændasamtök Íslands eru heildarsamtök íslenskra bænda. Þau eru málsvari sinna félagsmanna og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði. Þunginn í starfi Bændasamtaka Íslands er fjölbreytt hagsmunabarátta fyrir landbúnaðinn, allt frá því að kynna störf bænda og afurðir þeirra með margvíslegum hætti og til þess að gera samninga við stjórnvöld um stuðning við landbúnað á breiðum grunni.

Aðild að samtökunum geta átt einstaklingar og félög einstaklinga og lögaðila sem standa að búrekstri. Aukaaðild er möguleg fyrir einstaklinga sem styðja við markmið samtakanna. Í árslok 2017 voru félagsmenn samkvæmt félagatali rétt um 3.400 talsins. Á vef Bændasamtakanna, bondi.is, er hægt að nálgast nánari upplýsingar um starfsemina og skrá sig í samtökin.

27 stöðugildi

Hjá Bændasamtökunum starfa um þrjátíu manns í 27 stöðugildum. Meginstarfsemi samtakanna er í Bændahöllinni en þau eru einnig með starfsstöð á Akureyri, auk þess sem nokkrir starfsmenn hafa aðsetur annars staðar. Þá eiga og reka samtökin Nautastöðina á Hesti og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem rekur 13 starfsstöðvar víðs vegar um land. Hótel Saga ehf. og fasteignafélagið Bændahöllin ehf. eru í eigu Bændasamtakanna. Samtökin eiga hlut í einangrunarstöð fyrir holdanaut á Stóra-Ármóti ásamt hlut í Landsmóti ehf.

Sindri Sigurgeirsson er formaður Bændasamtakanna og Sigurður Eyþórsson er framkvæmdastjóri. Formaður BÍ er talsmaður samtakanna og kemur fram fyrir þeirra hönd.

Búnaðarþing fram undan

Búnaðarþing er æðsta stofnun BÍ en þar sitja fulltrúar aðildarfélaganna og móta stefnu samtakanna. Á síðasta ári var í fyrsta skipti unnið eftir nýju skipulagi þar sem Búnaðarþing er haldið á tveggja ára fresti og ársfundur þar á milli. Búnaðarþing verður sett í Súlnasal Hótel Sögu mánudaginn 5. mars nk. að morgni til. Athöfnin er öllum opin en skráning er á vefsíðu samtakanna, bondi.is. Þingið sjálft stendur yfir í tvo daga.

Hagsmunagæsla fyrir bændur

Stærsti einstaki þáttur í starfi BÍ er að gæta hagsmuna bænda. Bændasamtökin veita umsagnir um fjölda lagafrumvarpa, þingsályktunartillagna, skýrslna og reglugerða á ári hverju. Auk þess fylgja þeim margs konar fundir í ráðuneytum og með þingnefndum til að fara yfir umsagnir eða gera grein fyrir hagsmunum bænda við afgreiðslu margvíslegra mála. Samvinna við búgreinafélög er mikil enda lykilatriði til þess að nýta krafta bænda sem best. Þau mál sem hafa verið hvað mest áberandi síðustu misseri tengjast búvörusamningum, rekstrarvanda í sauðfjárræktinni, minnkandi áhrifum tollverndar og hráakjötsmálinu svokallaða. Þá eru loftslagsmál og aðgerðir til þess að sporna við aukningu gróðurhúsalofttegunda mál málanna í dag.

Búvörusamningar

Framkvæmd búvörusamninga er ekki lengur á hendi BÍ, en heilmikil vinna er tengd því að fylgjast með henni í því skyni að gæta hagsmuna félagsmanna. Sérfræðingar frá BÍ tóku þátt í vinnu við endurskoðun reglugerða sem fylgja samningunum, m.a. til að skoða og endurbæta framkvæmdina þegar fyrsta gildisár þeirra var að mestu liðið. Fram undan er þátttaka í nýjum samráðshópi um endurskoðun búvörusamninga sem landbúnaðarráðherra skipaði á dögunum.

Rekstrarvandi í sauðfjárræktinni

Mjög mikill tími hefur farið í vinnu vegna vandans sem uppi er í sauðfjárræktinni. Fundir voru með þáverandi ráðherra og stjórnvöldum allt frá lokum mars og út árið. Allt var reynt til að ná sátt á milli bænda og stjórnvalda um aðgerðir til lausnar. Það gekk ekki vel, þar sem óyfirstíganlegur ágreiningur reyndist milli þáverandi ráðherra og bænda í málinu. Á endanum lagði ráðherra landbúnaðarmála fram tillögur í eigin nafni sem samtök bænda stóðu ekki að. Í kjölfar þess sprakk þáverandi ríkisstjórn, vegna annars máls, en það þýddi hins vegar að engin hreyfing fékkst á málið fyrr en að loknum kosningum og myndun nýrrar ríkisstjórnar. Í stjórnarsáttmála hennar er kveðið á um að leysa eigi vanda sauðfjárbænda til skemmri og lengri tíma. Í fjáraukalögum 2017 sem samþykkt voru undir lok ársins var svo samþykkt að veita 665 m. kr. til að lausnar skammtímavandans. Eftir stendur að lausnir til þess að vinna á langtímavanda sauðfjárræktarinnar eru ekki komnar til framkvæmda.

Tollverndin

Bændasamtök Íslands leggja áherslu á að tollvernd verði áfram beitt til að jafna samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu gagnvart innfluttri. Nýlegir samningar við ESB um aukinn tollfrjálsan aðgang búvara að íslenskum markaði vekja ugg meðal bænda. Bændasamtökin hafa gert kröfu um að tollvernd verði viðhaldið og magntollum beitt í ríkari mæli. Að mati samtakanna hallar verulega á samkeppnisstöðu íslenskra bænda um þessar mundir gagnvart innflutningi.

Hráakjötsmálið

EFTA-dómstóllinn kvað upp þann dóm 14. nóvember sl. að sú tilhögun að skylt sé að frysta hrátt kjöt í að minnsta kosti 30 daga áður en það er flutt hingað, standist ekki EES-samninginn. Þetta gildir líka um bann við innflutningi á ógerilsneyddum eggjum og ógerilsneyddri mjólk. Ekki var þó gerð athugasemd við að bannað sé að markaðsfæra ógerilsneydda mjólk, enda er innlendum framleiðendum það óheimilt. Í stuttu máli telur dómstóllinn að ekki megi setja nein sérstök skilyrði fyrir innflutning þessara vara af EES-svæðinu því eftirlit í upprunalandi eigi að gilda.

Þessu hafa forsvarsmenn Bændasamtakanna mótmælt og talið að áhættan sem fylgir innflutningi á hráu kjöti og ferskum eggjum sé óásættanleg. Fyrir liggur að framundan er mikil barátta á vegum BÍ við að verja sem best heilsu manna og dýra við þessar breyttu kringumstæður. Henni er hvergi nærri lokið.

Í Bændahöllinni er meðal annars starfsfólk á skrifstofu BÍ sem sinnir hagsmunabaráttu bænda, annast fjárreiður, bókhald, launagreiðslur, lögfræðiráðgjöf og rekstur skiptiborðs fyrir samtökin og fleiri tengda aðila. Fremst frá vinstri: Erna Bjarnadóttir og Sigurður Eyþórsson. Aftari röð frá vinstri: Auður Oddgeirsdóttir, Halldóra Ólafsdóttir, Sigríður Þorkelsdóttir, Jóhanna Lúðvíksdóttir, Guðrún Vaka Steingrímsdóttir og Gylfi Þór Orrason. Mynd / TB

RML á fullu stími

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf. er að fullu í eigu BÍ. Félagið lauk stefnumótunarvinnu á síðasta ári og nú er unnið að innleiðingu þeirra verkefna sem í henni felast sem mun halda áfram allt þetta ár. Tekist hefur að reka RML með afgangi frá árinu 2015 og gera eiginfjárstöðu þess jákvæða. RML verður áfram á næstu árum að aðlagast nýjum veruleika í ljósi breytinga í kjölfar brottfalls tekna af búnaðargjaldi og það verður veruleg áskorun sem fyrirtækið ætlar sér að mæta að sögn stjórnenda.

Upplýsingatæknin mikilvæg

Hjá Bændasamtökunum er starfandi upplýsingatæknideild sem sinnir hugbúnaðarþróun, rekstri tölvukerfa sem bændur nota í sínum daglegu störfum ásamt notendaþjónustu. Alls starfa 10 manns í deildinni auk verktaka. Þjónustufulltrúar eru þrír, einn kerfisstjóri, fimm aðilar sem koma að hugbúnaðargerð og gagnagrunnssmíði og einn kynbótasérfræðingur. Viðfangsefni deildarinnar eru fjölbreytt, allt frá þróun og rekstri hugbúnaðar til ýmiss konar þjónustu, s.s. við starfsfólk BÍ og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og bændur sjálfa.

Almannatengsl og útgáfustörf

Á útgáfu- og kynningarsviði BÍ starfa fimm manns auk verktaka að fjölbreyttum verkefnum. Bændablaðið er gefið út 24 sinnum á ári og Tímarit Bændablaðsins kemur út tvisvar í ár. Ýmis verkefni koma inn á borð sviðsins, s.s. almannatengsl og upplýsingagjöf, rekstur vefsíðna, skólaverkefni og þátttaka í viðburðum og sýningum. Vinnuverndarverkefnið *Búum vel* er rekið innan sviðsins og nú nýlega var hleypt af stokkunum verkefninu *Hleðsla í hlaði* sem gengur út á að fjölga rafhleðslustöðvum til sveita.

Alþjóðlegt samstarf

Bændasamtök Íslands taka virkan þátt í samstarfi norrænna bændasamtaka, NBC. Ísland fer með formennsku í samstarfinu 2017–2019. Fundir formanna bændasamtakanna eru haldnir árlega og verður hann í sumar haldinn í Danmörku. Enn fremur starfa margir starfs- og vinnuhópar, s.s. á sviði eignarréttar, dýraheilbrigðis, uppbyggingar félagsstarfsins og fleira. Þannig hefur BÍ aðgang að öflugu tengslaneti sérfræðinga á ýmsum sviðum. Á síðastliðnu ári voru Embluverðlaunin, sem eru norræn matarverðlaun, afhent í fyrsta skipti en það er samstarfsverkefni NBC styrkt af norræna ráðherraráðinu. Embluverðlaunin verða næst afhent á Íslandi árið 2019. BÍ er einnig aðili að alþjóðasamtökum bænda WFO.

Árið 2018 verður ár breytinga

Árið 2018 verður áfram ár breytinga hjá BÍ eins og síðustu ár. Mótun starfsemi BÍ heldur áfram. Rekstur samtakanna byggist nú á þríþættum tekjum, þ.e. félagsgjöldum, eigin tekjum eins og af sölu forrita og eignatekjum. Allir þessir þættir geta sveiflast á milli ára.

Enginn mun greiða til samtakanna nema að taka um það meðvitaða ákvörðun og það þýðir líka að þau verða að greina á milli þess í allri sinni starfsemi hvort verið er að þjónusta félagsmenn eða aðra. Um leið þarf að viðhalda vilja félagsmanna til að greiða til samtakanna. Munurinn hefur og mun áfram koma fram í mismunandi verði fyrir þjónustuna, svo sem á skýrsluhaldsforritum samtakanna, eða hvort þjónustan er í boði yfirleitt, til dæmis varðandi orlofshús, starfsmenntastyrki, styrki úr velferðarsjóði, lögfræðiráðgjöf og annað sambærilegt.

Forsvarsmenn BÍ stefna að sjálfsögðu að því að sem flestir sem starfa í landbúnaði verði félagsmenn. Það verður viðvarandi áskorun og þeir sem kjósa að vera með verða að finna greinilega mun samanborið við þá sem kjósa að vera það ekki. Samtökin verða áfram að vera sterkur og öflugur málsvari íslensks landbúnaðar. */TB, SE, EB, ÞÞÞ*

LESTUR PRENTMIÐLA Á LANDSBYGGÐINNI



HEIMILD: Prentmiðlakönnun Gallup. Könnunartími okt.-des. 2017.

Bændablaðið

BÆNDAHÖLLIN VIÐ HAGATORG

Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

FRÉTTASKÝRING

Ofnotkun sýklalyfja hjá mannfólki og í landbúnaði er dauðans alvara:

Miklar áhyggjur hjá ESB og alþjóðastofnunum vegna uppgangs sýklalyfjaónæmra baktería

– Áætlað er að ofursýklavandinn í heiminum geti valdið gríðarlegu efnahagstjóni og kostað 10 milljónir mannslífa á ári um 2050

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) sem og fulltrúar alþjóðastofnana hafa miklar áhyggjur af aukinni tíðni kamfílóbaktersýkinga sem orðið er stórt lýðheilsuvandamál í Evrópu. Það er m.a. farið að valda miklum vanda á heilbrigðisstofnunum.

Í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB segir m.a. að kamfílóbaktersýkingar séu langalgengastar þegar um er að ræða fæðuborin smit í löndum Evrópusambandsins. Einkum sé þar um að ræða smit úr kjúklingakjöti. Þar segir einnig að ýmsar aðferðir hafi verið reyndar í ESB-ríkjunum til að berjast við þennan vanda. Þar hafi verið tekið upp hert regluverk og eftirlit með framleiðendum og alla leið í gegnum sláturhús og framleiðslukeðju. Árangurinn til þess er alls ekki eins og vonast var til. Þetta er þrátt fyrir að gerð hafi verið spálíkön sem sýna að óbreytt þróun ofursýkla muni leiða til mikils efnahagsáfalls á heimsvísu samfara dauða tuga milljóna manna fram til 2050.



Talið er að í Evrópu muni að óbreyttu farast af völdum ofursýkla á ári hverju þegar kemur fram undir 2050, mannfjöldi sem samsvarar allri íslensku þjóðinni og rúmlega það.

Alexander Fleming sem fann upp undralyfið Penicillin árið 1928.

Ofnotkun sýklalyfja hefur fætt af sér ofurbakteríur

Undralyfið Penicillin var fundið upp af Alexander Fleming árið 1928. Það olli straumhvörfum í baráttunni við sýkla, ekki síst við að meðhöndla sjúklinga á sjúkrahúsum. Með sýklalyfjunum hefur milljónum manna verið bjargað frá bráðum dauða og gríðarlegar upphæðir hafa sparast í þjóðfélögum um allan heim. Þessum árangri er nú alvarlega ógnað vegna ofnotkunar á sýklalyfjum. Afleiðingin verður sú að jafnvel minnsta sár á fingri getur orðið banvænt ef í það kemst sýklalyfjaónæm baktería.

Grunnurinn að þessu er óhófleg notkun sýklalyfja hjá mannfólki. Einnig í landbúnaði, þar sem lyfin eru notuð sem fyrirbyggjandi aðgerð til að koma í veg fyrir sýkingar og til að auka vaxtarhraða dýra. Þetta hefur leitt til þess að bakteríur byggja smám saman upp þol gegn lyfjunum og upp hafa sprottið ofurbakteríur eða „Super Bugs“, sem erfitt er að ráða við. Þar hafa sjúkrahús æ oftar þurft að reiða sig á það sem kölluð eru síðustu úrræða lyf eins og Colostine. Það er þó ekki notað nema í neyð, m.a. vegna þess að það getur verið hættulegt fyrir nýrun.

Viðvörun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar WHO fyrir skömmu hefur því vakið mikinn óhug. Þar var verið að vara við því að þúsundir tonna af af Colostine hafi verið notað við eldi á kjúklingum á Indlandi. Nær öruggt má telja að bakteríur muni mynda ónæmi við Colostine og við smitun í fólk eru þá nær engin úrræði eftir fyrir lækna til að bregðast við.

Sýklalyfið Colostine er einungis notað í neyð í baráttunni við sýklalyfjaónæmar ofurbakteríur. Það hefur hættulegar aukaverkanir og getur m.a. skaðað nýru manna.

Ciprofloxacin í affallsvatni lyfjafyrirtækja á Indlandi

Þá má sjá í frétt MaiOnline frá 6. desember síðastliðinn að ofnotkun sýklalyfja sé nú að stofna lífi milljóna manna í hættu. Þar kemur fram að affallsvatn frá 90 lyfjaframleiðendum nærri Hyderabad á Indlandi innihaldi nægilega mikið af hinu mikilvirka sýklalyfi Ciprofloxacin, að ógni nú þegar lífi 44.000 manna á svæðinu. Þá er haft eftir Erikl Solheim, umhverfissérfræðingi hjá Sameinuðu þjóðunum, að affall frá landbúnaði, mannabústöðum og iðnaði hafi valdið því að algengt sé orðið að sýklalyf finnist í jarðvegi, ám og setlögum. Þessi lyf séu stöðugt að hafa áhrif á þróun lyfjaónæmra baktería.

Staðan á Íslandi hefur sparað heilbrigðiskerfinu gríðarlegar upphæðir

Á Íslandi hafa fjölmargir gert lítið úr áhyggjum lækna á borð við Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði og yfirlækni sýklafræðideildar Landspítalans, og bænda varðandi afléttingu á hömlum til að flytja inn hrátt kjöt. Fram að þessu hefur einungis verið heimilað að flytja inn frosið kjöt, en það kann nú að vera að breytast vegna nýs tollasamnings við ESB og niðurstöðu EFTA-dómstóls er varðar innflutning á hrárri matvöru.

Það er þrátt fyrir almenna vitneskju um að á Íslandi líkt og í Noregi eru einstakar aðstæður vegna sáralítillar notkunar á sýklalyfjum í landbúnaði. Því hefur verið auðveldara að berjast við sýkingar sem upp hafa komið í fólki, þar sem lítt eða ekki hefur þurft að bregðast við ofurbakteríum. Það þýðir að heilbrigðiskerfið hefur ekki þurft að leggja út í gríðarlegan kostnað sem getur verið því samfara að berjast við smit frá lyfjaónæmum bakteríum. Þetta hafa sérfræðingar við Landspítalann m.a verið að benda á árum saman. Hvert ár sem hægt er að fresta því að hingað berist ofurbakteríur, m.a. með innflutningi á hráu kjöti, eggjum eða ógerilsneyddum mjólkurvörum, getur sparað ríkinu gríðarlegar upphæðir í rekstri sjúkrahúsa.

Þótt íslenskir hagsmunaaðilar í innflutningi og þeirra meðreiðarsveinar hafi gjarnan slegið því fram í fjölmiðlum að um sé að ræða hræðsluáróður bænda í sinni hagsmunagæslu, þá líta fjölþjóðlegar stofnanir greinilega ekki svo á. Heldur að málið sé raunverulega grafalvarlegt.

Dr. Tedros Adhanom Ghebreyesus, aðalframkvæmdastjóri WHO.

Miklar áhyggjur hjá WHO

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO birti í fyrsta sinn í byrjun síðasta árs lista yfir sýklalyfjaónæma sýkla. Þar er talað um 12 ættir baktería sem séu mesta ógnin við heilbrigði manna. Í áhættuflokki 1 eru nefndar Acinetobacter baumannii, Pseudomonas aeruginosa og Enterobacteriaceae. Í áhættuflokki 2, og skilgreindar sem mikil hætta, eru nefndar bakteríurnar; kamfílóbakter, salmonella, Neisseria gonorrhoeae, Helicobacter pylori, Staphylococcus aureus og Enterococcus faecium. Í áhættuflokki 3 undir meðaláhættu eru nefndar Streptococcus pneumoniae, Haemophilus influenzae og Shigella spp.

Í september 2017 sendi Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO viðvörun um að heimsbyggðin væri að verða uppiskroppa með nothæf sýklalyf. Þar sagði að ekki væri nógu mikið gert í þróun nýrra sýklalyfja sem nothæf væru í baráttunni við skæðustu sýklana.

Bráðavandi sem er að eyðileggja áratuga árangur í læknisfræði

„Sýklalyfjaónæmi er bráðavandamál um allan heim sem mun stefna árangri í lyfjanotkun í mikla hættu,“ sagði dr. Tedros Adhanom Ghebreyesus, aðalframkvæmdastjóri WHO.

„Án aukinna fjárfestinga í rannsóknum og lyfjaþróun, þá munum við verða neydd aftur til þess tíma þegar fólk þurfti að óttast um líf sitt vegna smits sem upp gat komið við minni háttar uppskurð.“

Benti WHO á að um 80% af sýklalyfjum sem seld eru í Bandaríkjunum séu ekki notuð til að meðhöndla sjúkdóma í fólki, heldur við eldi dýra. Af nær 2 milljörðum kg af kjúklingakjöti sem selt er í verslunum í Bandaríkjunum hefur einungis um 5,9% verið framleitt án sýklalyfja.

Í Bretlandi var sett í gang áætlun fyrir nokkrum árum um að draga úr notkun sýklalyfja í landbúnaði um 20%. Markmiðið var sett við að sýklalyfjanotkunin yrði komin niður í 50 mg á hvert framleitt kíló af kjöti á yfirstandandi ári 2018. Tölur sýna að strax á árinu 2016 hafði tekist að koma sýklalyfjanotkuninni niður í 45 mg á kg, sem samt er gríðarlega mikil notkun.

Um 2 milljónir Bandaríkjamanna smitast árlega af ofursýklum

Samkvæmt frétt á vefsíðu Natural News frá því í janúar sl., sýna tölur frá Bandaríkjunum að nærri 2 milljónir Bandaríkjamanna smitast nú árlega af lyfjaónæmum ofursýklum. Þar af látast um 23 þúsund manns sem ekki er hægt að bjarga með lyfjagjöf. Líkur eru taldar á að dánartalan vegna ofursýklasmits muni hækka umtalsvert á næstu árum.

Gríðarleg sýklalyfjanotkun framhjá eftirlitskerfum

Ekki er skrítið að erfiðlega gangi að berjast við notkun sýklalyfja á heimsvísu ef marka má skýrslu sem gefin var út um ofnotkun sýklalyfja í Sádi-Arabíu 2016. Að þeirri skýrslu stóðu m.a. sérfræðingar konunglega háskólans í Sádi-Arabíu, KSU, konunglegi lyfjaháskólinn KSUMC og lyfjadeild barnastofnunar Sádi-Arabíu og fleiri. Þar kemur fram að misnotkun á sýklalyfjum við meðhöndlun á fólki í landinu sé um 41–92%, einkum við meðhöndlun á börnum. Þar er einnig vitnað í alþjóðlegar tölur um notkun á sýklalyfjum sem seld eru fram hjá opinberu eftirlitskerfi, þ.e. meira og minna á svörtum markaði. Þar er að vísu ekkert minnst tölur frá Sádi-Arabíu, en vísað í tölur víða um heim. Þar kemur fram að í Svíþjóð, Danmörku, Hollandi, Belgíu, Austurríki, Írlandi og í Bretlandi sé slík notkun án lyfseðla um 3% af heildarnotkuninni. Á Spáni, Ítalíu Möltu og Grikklandi sé notkunin fram hjá eftirliti 19%. Í Póllandi, Litháen og í Rúmeníu er hún sögð vera 30%. Í Slóvakíu, Slóveníu og í Króatíu er hún sögð vera 6%. Þá er sýklalyfjanotkunin án framvísunar opinberra aðila sögð vera 44% í Tyrklandi, 40% í Jórdaníu, 36% í Kína, 18% á Indlandi og 62% í Víetnam. Þá er slík notkun sögð vera 100% í Súdan og í Nígeríu, svo einhverjar þjóðir séu nefndar.

Mikill misskilningur og vanþekking

Liew Kong Cheng, viðskiptaþróunarstjóri á sviði landbúnaðar, matvæla og drykkjarvara hjá viðskipta- og fjárfestingaráði Ástralíu og Hsu Li Yang, verkefnisstjóri við lyfjaónæmisverkefni Saw Swee Hock-skólann í alþýðuheilsufræði hjá háskólanum í Singapúr, segja að ofursýklamálið sér stórlega misskilið. Í grein á vefsíðu Brink

Þótt notkun sýklalyfja í landbúnaði á Íslandi sé ein sú minnsta í heimi ásamt því sem þekkist í Noregi þá er víða verið að nota mikið af sýklalyfjum sem hafa orsakað myndun ofursýkla, eins og m.a. í danskri svínarækt.

Asia, segja þeir að skortur á fræðslu og upplýsingum valdi því að stór hluti fólks átti sig ekki á þeirri hættu sem stafar af ofnotkun sýklalyfja og þróun ofursýkla. Það sé þrátt fyrir að á fundi háttsettra manna innan Sameinuðu þjóðanna 21. september 2016 hafi verið tekin merkileg ákvörðun um að gera áætlun um baráttuna. Síðan hafi þjóðir innan SÞ unnið hörðum höndum við að mynda áætlun undir heitinu „Global Action Plan on Antimicrobial Resistance“.

Menningarmunur veldur vanda

Þá segja þeir Cheng og Yang að menningarlegur munur ólíkra svæða eins og í Asíu og á Vesturlöndum valdi því að erfiðara verður að eiga við vandann. Það eigi líka við innan stofnana eins og WHO. Fólk skilji jafnvel ekki hvað sýklalyfjaónæmi þýði fyrir heilsu þess. Þótt könnun sýni að 56% sem telji sig vita eitthvað um málið, þá haldi 31% að það sé líkami fólks sem verður ónæmur fyrir sýklalyfjum, en skilur ekki að málið snúist um sýkla sem það geti smitast af og ekki er hægt að vinna á með lyfjum. Þetta valdi m.a. áhyggjum af framgöngu sýklalyfjaónæmra baktería (Antimicrobial resistance AMR) á svæði í Suðaustur-Asíu þar sem búa um 650 milljónir manna.

Um 3,2 milljónir smituðust af ofursýklum í Taílandi 2010

Segja þeir félagar að í einni rannsókn hafi verið áætlað að í Taílandi einu hafi árið 2010 um 3,24 milljónir manna verið lagðar á sjúkrahús vegna ofursýklasmits. Af þessum fjölda hafi 38.481 látist vegna þess að engin úrræði voru lengur til staðar til að berjast við sýklalyfjaónæmu bakteríurnar. Kostnaðurinn vegna þessa hafi margfaldast á svæði sem hafi svipaðan íbúafjölda og Evrópa og Norður-Ameríka samanlögð.

„Þarna getur orðið hörmungarástand fyrir heilsufar almennings í framhaldinu,“ segja þeir Liew Kong Cheng og Hsu Li Yang.

Ofursýklar geta kostað 10 milljónir manna lífið á hverju ári um 2050

Í skýrslu Alþjóðabankans 2016 og í skýrslu O'Neill sama ár, var áætlað að áhrif vegna sýlalyfjaónæmra baktería á fjármálakerfi heimsins muni nema sem svarar um 100 billjónum dollara árið 2050 [100 trillion á ensku] eða 100.000.000.000.000 dollara, samkvæmt okkar talnakerfi. Það þýðir um 3,8% af vergri landsframleiðslu heimsins. Þá er einnig gert ráð fyrir að sýklalyfjaónæmar bakteríur, eða ofursýklar, drepi um 10 milljónir manna árlega ef ekkert verði að gert.

Gert er ráð fyrir að í Evrópu muni á hverju ári deyja af völdum ofursýkla um 390 þúsund manns, eða sem svarar ríflega allri íslensku þjóðinni.

Efnahagshrun og gríðarlegt mannfall

Alþjóðabankinn segir að jafnvel þótt áhrif sýklalyfjaónæmu bakteríanna verði tiltölulega mild, þá geti það samt þýtt kostnað upp á um 1,1% af landsframleiðslu heimsins árið 2050. Í ofanálag þýði þetta samdrátt í efnahagsvexti heimsins sem geti í besta falli orðið um 1% en í versta falli um 5,6%. Sem dæmi var samdrátturinn mestur í efnahagshruninu 2008 til 2009 um 4,1%. Afleiðingarnar af óheftri þróun ofursýklavandans yrðu því efnahagslega mun verri fyrir heimsbyggðina en síðasta efnahagshrun og mannfallinu mætti líkja við ástandið í stórstyrjöld.

MAST fjallar um kamfílóbaktersýkingar

Í frétt Matvælastofnunar 12. febrúar sl. segir m.a. að á Íslandi hafi komið upp faraldur kamfílóbaktersýkinga í fólki á árunum 1998–1999 eftir að sala fersks kjúklingakjöts [íslensks] var leyfð í verslunum.

„Eftir samstillt átak eftirlitsaðila og framleiðenda gegn kamfílóbakter hefur tíðni kamfílóbakters haldist lág hérlendis og er gjarnan litið til Íslands sem fyrirmynd í baráttunni gegn þessum algenga sjúkdómsvaldi.

Innan Evrópu er nú rætt um hvernig ná megi betri stjórn á hættum tengdum sjúkdómsvaldinum. Í meðfylgjandi skýrslu Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) um aðgerðir gegn kamfílóbakter (Campylobacter) í kjúklingum er gerð grein fyrir fyrirbyggjandi aðgerðum í framleiðslu kjúklingakjöts í Evrópu. Allt kapp er lagt á að fækka kamfílóbaktersmiti í kjúklingum, en bein tengsl eru á milli kamfílóbaktersýkinga í fólki og smits í framleiðslu kjúklingakjöts. Niðurstöður voru fengnar úr skoðunarheimsóknum í þremur ríkjum ESB og tveimur EFTA-löndum, en Ísland var annað þeirra.“

Ísland og Noregur í sérflokki

„Einungis Ísland og Noregur (EFTA-lönd) hafa ástundað frystingu á menguðu kjúklingakjöti sem fyrirbyggjandi aðgerð í baráttunni gegn kamfílóbakter. Frosið kjúklingakjöt er verðminna en ófrosið og hafa því aðgerðir gegn kamfílóbakter í kjúklingum fyrst og fremst beinst að því að verja fuglana gegn smiti með góðum smitvörnum á búunum. Kappkostað er að framleiðendur geti sent frá sér ómengaða fuglahópa til slátrunar. Ekki er lögð áhersla á sértækar aðgerðir umfram góða starfshætti í sláturhúsum til að fyrirbyggja kamfílóbaktermengun. Í baráttu sinni við kamfílóbakter reyna EFTA-löndin fyrst og fremst að fyrirbyggja smit í fuglana þannig að minni aðgerða sé þörf á síðari stigum framleiðslunnar.

Hin Evrópulöndin sem könnunin náði til telja hins vegar óvinnandi veg að fyrirbyggja kamfílóbaktersmit í kjúklingum á búum. Leggja þau höfuðáherslu á áhættuminnkandi aðgerðir í slátruninni þ.e.a.s. á síðari stigum framleiðslunnar.“

Reyna nýjar baráttuaðferðir en án árangurs

„Stöðugt er verið að þróa og prófa nýjar aðferðir til að draga úr kamfílóbaktermengun eftir slátrun, svo sem meðhöndla kjöt með heitri gufu eða hátíðnibylgjum/hljóði (ultrasound), eða snöggri yfirborðsfrystingu (crust freezing). Þrátt fyrir að hafa bætt sláturaðferðir sínar hafa Evrópulöndin ekki náð settum markmiðum um lægri tíðni kamfílóbakter í kjúklingum.

Markaðurinn kallar eftir fersku kjúklingakjöti en innan ESB er frysting kjöts frá smituðum eldishópum talin vera efnahagslega óframkvæmanleg. Bólusetningar



Ofnotkun sýklalyfja er dauðans alvara.

á kjúklingum gegn kamfílóbakter hafa einnig verið prófaðar en ekki borið tilætlaðan árangur. Önnur leið getur verið að bólusetja kjúklinga með bakteríudrepandi veirum (bacteriophages) rétt fyrir slátrun en sú aðferð er dýr og getur valdið áhyggjum meðal neytenda.“

Íslenska aðferðin að frysta smitað kjöt hefur reynst árangursríkust

„Í stuttu máli blasir við að ríki ESB hafa ekki fundið viðunandi lausnir til að ná stjórn á kamfílóbakter í kjúklingum og ekki náð að lækka tíðni smits í fólki. Frysting á kamfílóbaktermenguðu kjöti, eins og tíðkast hefur hér á landi í nær tvo áratugi, hefur til þessa reynst langárangursríkasta aðgerðin í baráttunni gegn þessum sjúkdómsvaldi,“ segir í frétt MAST.

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 540 4980 til að fá frekari upplýsingar.

VERKSTÆÐISÞJÓNUSTA!
Tímapantanir í síma 540 4980

GRZZLY 700 EPS MEÐ TRAKTORSSKRÁNINGU
Ný útgáfa með dráttarspili, LED ljósum og 26“ dekkjum. Aukin burðargeta og lækkaður þyngdarpunktur gerir gott hjól enn betra.
TILBOÐSVERÐ KR. 2.190.000,- M/VSK.

Einnig fáanlegt með aukasæti og innbyggðum farangurskassa. **TILBOÐSVERÐ KR. 2.240.000,- M/VSK.**

YAMAHA
Kletthálsi 3 |110 Reykjavík | sími 540 4900
www.yamaha.is
ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

TÆKNI & VÍSINDI

Vísindamenn finna efni í jarðvegi sem getur drepið ofurbakteríur

– Óvíst hvort eða hvenær það nýtist til lækninga og leysir ekki þann bráðavanda sem uppi er, segir prófessor í sýklalyfjarannsóknum

Baráttan við ofursýklana er hörð og þar óttast menn að stríðið sé nánast tapað ef ekki komi til ný undralyf. Það undralyf kann mögulega að vera í sjónmáli einhvers staðar í framtíðinni ef marka má frétt BBC um efni sem fundist hefur í jarðvegi.

Í frétt BBC sem birt var 13. febrúar sl. segir að hópur vísindamanna hjá Rockefeller-háskólanum í Bandaríkjunum vonist nú til að náttúrulegt efni geti hugsanlega verið lausnin í baráttunni við sýkingar sem sýklalyf ráði ekki við.

Malacidin-efni úr jarðvegi sem geta tortímt ofurbakteríum

Tilraunir sýna að efni, sem kölluð eru Malacidins, geta tortímt fjölmörgum bakteríusjúkdómum sem hafa þróað með sér ónæmi fyrir þekktum sýklalyfjum. Malacidins geta einnig drepið svokallaða ofurbakteríu (superbugs – MRSA).

Grein um árangurinn hefur verið birt í ritinu Nature Microbiology og gefur mönnum vonir um að komið sé nýtt vopn í baráttunni við sýklana. Kemur fram að sýklalyfjaónæmir sýklar drepi nú um 700.000 manns á ári og eru þeir taldir ein mesta ógnin við heilsu jarðarbúa í dag.

Jarðvegurinn er fullur af alls konar örverum sem framleiða hugsanlega mikið af læknandi efnum eins og þeim sem drepa sýkla. Teymi vísindamanna hjá Rockefeller-háskólanum í New York undir stjórn dr. Sean Brady hefur verið önnum kafið við að rannsaka þessi efni. Notuðust þeir við genaraðgreiningartækni við að rannsaka yfir 1.000 jarðvegssýni sem tekin voru vítt og breitt um Bandaríkin. Þeir uppgötvuðu að Malacidin var að finna í mörgum sýnanna og töldu að það gæti haft merkilega þýðingu. Prófuðu þeir efnið á rottum sem smitaðar höfðu verið í sár á húð með sýklalyfjaónæmum sýklum.

Vísindamennirnir eru nú að vinna að frekari tilraunum við að auka lyfjahæfni efnisins í von um að hægt verði að þróa það til að meðhöndla sýkingar í fólki.

Langur vegur frá uppgötvun viðurkenndra lyfja

Dr. Sean Brady segir að ómögulegt sé að segja hvenær eða jafnvel hvort þessi uppgötvun leiði til þess að efni eins og Malacidins mun verða notuð í lækningaskyni.

„Það er langur og erfiður vegur frá því að bakteríudrepandi efni finnst þar til það fær viðurkenningu til að hægt sé að fara nota það til lækninga.“

Í óhreinindum jarðvegsins þrífast ýmsar undraverðar örverur sem geta verið manninum til mikils gagns. Það virðist því vera heilmikið til í þeirri speki sem mjög er þekkt á Íslandi og segir: Af misjöfnu þrífast börnin best.

Uppgötvunin leysir ekki þann bráðavanda sem uppi er

Colin Garner, prófessor við sýklalyfjarannsóknir í Bretlandi (Antibiotic Research UK), segir að uppgötvun á nýju sýkladrepandi efni til að að nota gegn MRSA-sýkingum séu vissulega góðar fréttir. Þetta leysi þó ekki þann bráðavanda sem uppi er.

„Okkar áhyggjur eru einkum varðandi svokallaðar „gram-neikvæðu“ bakteríur sem erfitt er að meðhöndla og eru stöðugt að auka þol sitt.

Þessar „gram-neikvæðu“ bakteríur orsaka meðal annars lungnabólgu, blóð- og þvagsýkingar sem og sýkingar í húð. Við þurfum nauðsynlega ný sýklalyf til að vinna á þessum sýkingum.“ */HKr.*

Starfsmaður óskast

Um er að ræða framtíðarstarf á verkstæði í bæði inni- og útivinnu. Vinnutími frá 8.00–16.15.

Hæfniskröfur:

- Æskilegt er að viðkomandi hafi sveinspróf/menntun eða reynslu af störfum tengdum járn- og rennismíði.
- Stundvísi.
- Sjálfstæð vinnubrögð, framtakssemi og jákvæðni.
- Góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Lyftararéttindi eða önnur vinnuvélaréttindi eru kostur.

Upplýsingar eru í síma 587 5650 eða arentsstal@arentsstal.is
Guðmundur, Magnús og Gauti.

arents stál
Krókhálsi 5g, Járnhálsmegin • 587 5650
arentsstal.is • arentsstal@arentsstal.is

Til sölu: Tækjabúnaður til eggjaframleiðslu

Ergo auglýsir til sölu innréttingar og tæki til eggjaframleiðslu sem samanstendur af hillum, búrum, færiböndum, vatns- og fóðurkerfum ásamt fóðursílóum sem koma úr þrotabúi.

–

Jansen Aviary varpkerfi með vatns- og fóðurkerfum og fráfæriböndum fyrir allt að 18.850 fugla.

Jansen Poultry varpkerfi með vatns- og fóðurkerfum fyrir allt að 4.700 fugla.

Jansen Nivo Varia gólfkerfi fyrir ungaeldi með vatns- og fóðurkerfum, u.þ.b. 15.000 ungar.

Pökkunarstöð sem samanstendur af *Sideliner 5 180* eggjaþvottavél, lýsingarvél, *VDX 15000* eggjapökkunarvél og *Pelbo* eggjabrotsbúnaði.

4 stk. fóðursíló ásamt fóðursniglum.

Búnaðurinn hefur verið tekinn niður og honum pakkað í 5 stk. 40 feta gáma.

–

Nánari upplýsingar veitir Ásmundur Guðnason hjá Ergo
Sími: 440 4405 / Netfang: ag@ergo.is

Rafbíll í hleðslu. Ekki fer mikið fyrir hleðslubúnaðinum frá EO á húsveggnum á bak við bílinn.

Stöðugt bætast við nýir möguleikar varðandi hleðslu rafbíla á Íslandi

– EO Ísland með breskar stöðvar sem tengjast farsíma notenda

Mikil gerjun virðist vera í kringum rafbílavæðingu landsmanna um þessar mundir. Nýir og langdrægari bílar bætast stöðugt í bílaflóruna og tegundum búnaðar til hleðslu rafbíla fjölgar.

Enn eitt fyrirtækið sem býður upp á búnað til hleðslu rafbíla er nú að hasla sér völl hér á landi. Þar er um að ræða Bresk-íslenska verslunarfélagið, sem flytur inn hleðslustöðvar frá breska framleiðandanum EO Charging undir merki EO Ísland. Áður hefur komið fram að Bændasamtök Íslands hafa tekið upp samstarf við ferðaþjónustubændur, Orkusetur og Hleðslu ehf. um uppbyggingu hleðslu á sveitabæjum. Hugmynd þessara samstarfsaðila er að byggja upp þjónustunet á meðal bænda og styrkja þannig innviði fyrir notkun rafbíla úti á landsbyggðinni. Hleðsla ehf. er umboðsaðili GARO hleðslustöðva á Íslandi og sérhæfir sig í lausnum fyrir hleðslu á rafmagnsbílum. Fyrirtækið byggir á reynslu starfsmanna við uppbyggingu innviða fyrir rafmagnsbíla í Noregi. Hefur fyrirtækið gert þjónustu- og uppsetningarsamning við Rafmiðlun hf.

EO - Mini hleðslustöðvar í fjórum mismunandi litum.

EO Ísland með sniðugt app

Varðandi nýjasta fyrirtækið á þessum markaði, Bresk-íslenska verslunarfélagið, þá segir Gyða Jónsdóttir sölustjóri að þau séu að flytja inn rafbíla-hleðslustöðvar frá EO Charging í Bretlandi, bæði fyrir heimili og fyrirtæki. Er það gert undir nafninu EO Íslandi. Hún segir að einn helsti ávinningurinn varðandi þessar stöðvar sé EO-app sem rafbílaeigendur geta notað í gegnum venjulega snjallsíma til að tengja sig við rafmagn. Fjölmargar

EO-Hub tengibúnaður fyrir margar stöðvar.

sem rafbílaeigendur geta notað í gegnum venjulega snjallsíma til að tengja sig við rafmagn. Fjölmargar og misöflugar gerðir eru til af þessum búnaði

Aðeins greitt fyrir notaða orku

„Stöðvar okkar fyrir vinnustaði og fjölbýlishús geta tengst tölvu sem sameinar allt að 30 hleðslustöðvar og sem dreifir spennu á milli stöðva svo rafmagnsinntakið ráði við magnið. Viðskiptavinur leggur bílnum í stæði og notar EO-appið í símanum sínum til að opna fyrir hleðslu. Þegar bíllinn er fullhlaðinn dregst af kreditkorti viðkomandi sú upphæð sem hlaðið var á bílinn og er lögð inn á reikning fyrirtækisins/húsfélagsins.

Það sem gerir EO einstaka lausn er hversu mikill metnaður er settur í notendavænan hugbúnað. Appið fyrir símann sýnir notendum t.d. hvar hleðslustöðvarnar eru, hverjar eru uppteknar, einnig getur viðskiptavinurinn fylgst með hleðslu á bílnum fjarverandi hvar sem hann er og gengið frá greiðslu.

Þessi lausn er einnig frábær valkostur fyrir fyrirtæki. Þar sem hægt er að gera greinarmun starfsmanns, viðskiptavinar eða gesta. Þar með er hægt að bjóða starfsmönnum upp á lægra eða ekkert gjald en annarra notenda," segir Gyða Jónsdóttir.

Hún segir að verið sé að hefja kynningu á þessum stöðvum víða um land. Þá hafi verktakar og húsfélög sýnt þessu mikinn áhuga, einkum vegna einfaldleikans við uppsetningu stöðvanna og möguleika við meðhöndlun.

Veitt er þriggja ára ábyrgð á öllum EO hleðslustöðvum sem settar eru upp af rafvirkja sem hlotið hefur þjálfun hjá EO Charging í Bretlandi og er viðurkenndur af þeim. Að öðrum kosti er veitt lögbundin eins árs ábyrgð á búnaði. Segir Gyða að mikilvægt væri að fólk tengdi þennan búnað rétt, en venjulegar heimastöðvar þurfa að hafa aðgengi að 16, eða 32 ampera tengingu. Varðandi heimastöðvarnar er það líka sagður mikill kostur að á þeim eru svokölluð „universal" tengi sem passa fyrir allar gerðir bíla. Hægt er að forvitnast nánar um þessar stöðvar á https://eoi.is/verslun/eolev-heimahledslustod/

/HKr.

Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús
naut - svín - hross - sauðfé

Hefðbundnir gólfbitar
Rastaðir gólfbitar
Velferðargólf - gúmmi og steinsteypa

AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)

Benedikt Hjaltason · Akureyri · Sími 894 6946 · Netfang: fjosbitar@simnet.is

AVANT e5
RAFDRIFINN LIÐLÉTTINGUR
• Umhverfisvæn
• Hljóðlát
• Engin mengun
• Ódýr í rekstri

VERÐ MEÐ SKÓFLU kr. 3.800.000 án vsk.

Sjá nánar á ÍSLENSKU AVANT síðunni:
www.avanttecno.com/www/is

Rafmagn - Orka - 11,5KWh
Með 30 lítra vökvadælu
Lyftigeta: 900 kg
Lyftihæð: 279 cm
Þyngd: 1590 kg
Lengd: 255 cm
Breidd: 113 cm
Hæð: 198 cm
Mál miðast við dekk 23x10,50- 12

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Verð miðast við gengi EUR 125

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 8. mars

ÓDÝR
Margskipt gleraugu
Umgjörð og gler
Verð 39.900 kr
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)
Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002
OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Hótelrúmföt og handklæði
fyrir ferðaþjónustuna
Allt lín fyrir:
Hótelið • Gistiheimilið • Bændagistinguna
Airbnb • Veitingasalinn • Heilsulindina
Þvottahúsið • Sérverslunina
Starfsmannafatnaður
fyrir hótel og veitingahús
Eigum allt fyrir:
• Þjóninn
• Kokkinn
• Gestamóttökuna
• Þernuna
• Vikapiltinn
• Hótelstjórnandann
86 ÁRA
EDDA HEILDVERSLUN
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík | sími 525 8210 | eddaehf@eddaehf.is | www.eddaehf.is

MATVÆLI & MARKAÐSMÁL

Matarfrumkvöðull frá Finnlandi – Thomas Snellman setti upp sölusíðuna REKO á veraldarvefnum:

Milliliðalaus viðskipti með búvörur á Facebook

Finninn Thomas Snellman hefur verið bóndi í 36 ár. Auk búskapar starfar hann við að kynna lífræna framleiðslu. Árið 2013 setti hann upp sölusíðu á Facebook og bauð þar framleiðendum og neytendum að hafa milliliðalaus viðskipti. Hópurinn, sem kallast REKO, nýtur mikilla vinsælda í Finnlandi og margir svipaðir verið stofnaðir þar og víðar í Evrópu.

Thomas Snellman er að jafnaði með 20 holdakýr þannig að býlið er ekki stórt, enda sinnir hann margs konar öðrum verkefnum samhliða búskap.

Snellman sagði í samtali við Bændablaðið að hann ræktaði holdanaut til kjötframleiðslu en að áður hafi hann rekið mjólkurbú. „Býlið er á vesturströndinni, um miðbik Finnlands, og á sænskumælandi svæði. Ég er að jafnaði með 20 holdakýr þannig að býlið er ekki stórt, enda sinni ég margs konar öðrum verkefnum samhliða búskap.“

Að sögn Snellman hefur hann lagt stund á lífræna framleiðslu í 27 ár og samhliða búskap í dag vinnur hann að kynningu á lífrænum búskap í Finnlandi. „Lífrænar landbúnaðarafurðir njóta síaukinna vinsælda í Finnlandi og eini geirinn í landbúnaði sem virðist eiga framtíð fyrir sér. Eftirspurnin eftir lífrænni framleiðslu er alltaf að aukast og í dag fæst næstum því þrisvar sinnum hærra verð fyrir lífræna hafra en þá sem eru ræktaðir á hefðbundinn hátt. Bændur eru einnig að fá um 30% hærra verð fyrir lífrænar mjólkurvörur en hefðbundna framleiðslu.“

Sífelld krafa um lægra verð

„Afkoman í því sem er kallaður hefðbundinn landbúnaður í Finnlandi er erfið í dag eins og víða annars staðar í heiminum. Vandi bænda í Finnlandi stafar meðal annars af innflutningi á ódýrum mat og kröfu verslunarinnar um ódýrari vörur. Í Finnlandi eru þrjú fyrirtæki ráðandi á matvælamarkaði, tvö finnsk og eitt þýskt. Þessar keðjur eru í mikilli samkeppni um að bjóða lægsta verðið og það kemur niður á verðinu til framleiðanda, sem eru bændur, auk þess sem aðföng og annar kostnaður við framleiðsluna fer hækkandi.

Staða verslunarinnar er sterk og samningsstaða bænda slæm og þeir þurfa að sætta sig við það verð sem verslunin vill borga ef þeir vilja fá hilluplass.

Í Finnlandi hætta að meðaltali fimm bændur búskap á viku vegna þess að þeir lifa ekki á framleiðslunni og ástandið er svipað víða annars staðar í Evrópu,“ segir Snellman.

Sölusíða á Facebook

Snellman segir að hann hafi verið orðinn leiður á því hversu lágt verð hann og aðrir bændur fengju fyrir sína framleiðslu. Hann kynntist hugmyndinni um sölu beint frá býli í Frakklandi 2011 og árið 2013 setti hann upp söluhóp á Facebook sem býður neytendum að eiga milliliðalaus viðskipti við bændur. Hópinn kallaði hann REKO, sem er skammstöfun á sænska hugtakinu Rejäl konsumtion, sem gæti útlagst sem sanngjörn neysla á íslensku.

Á síðunni bauð Snellman bændum og smáframleiðendum að setja inn upplýsingar um vörurnar sem þeir bjóða og neytendum að kaupa hana beint og milliliðalaust, hvort sem hún er lífræn eða ekki. Varan er afhent á ákveðnum stöðum þar sem kaupendur sækja og greiða fyrir.

REKO gengur út á að hver REKO-síða sinnir ákveðnu svæði, eða REKO-hring eins og það er kallað. Fyrsta afhendingin fór fram 6. júní 2013 í Jacobstad, sem er borg í nágrenni við býli Snellman.

„Salan á netinu fór hægt af stað og til að byrja með náði þjónustan til takmarkaðs svæðis í kringum Jacobsstad en á innan við ári fóru að berast fyrirspurnir víðar að í landinu og þjónustusvæðið stækkaði.“

Góður kostur fyrir bæði framleiðendur og neytendur

„Kostir RECO-hringanna fyrir framleiðendur eru margir. Vörurnar eru pantaðar fyrirfram þannig að ekki þarf að flytja óþarfa vörur á áfangastað, auglýsingakostnaður er lítill sem enginn og hagnaður af vörunni meiri en í gegnum sölu milliliða.

Snellman hefur lagt stund á lífræna framleiðslu í 27 ár og samhliða búskap í dag vinnur hann að kynningu á lífrænum búskap í Finnlandi.

Kostir fyrir neytendur er að hafa aðgang að vörum beint frá býli, lífrænni eða hefðbundinni framleiðslu eftir óskum. Að hafa bein samskipti við framleiðendur og byggja traust. Ef varan stendur undir væntingum er hægt að panta aftur ef ekki má snúa sér annað. Auk þess að vörurnar eru á lægra verði en í verslunum.

Í dag er hægt að kaupa nánast allar matvörur, fisk, brauð, egg, grænmeti, ávexti og kjöt, í gegnum REKO-kerfið nema mjólk en það er bannað samkvæmt lögum.“

Hröð uppbygging

Snellman segir að meðlimir á REKO-síðum árið 2013 hafi verið 15 framleiðendur og 400 kaupendur og veltan 80.000 evrur. 2014 voru framleiðendurnir 750 og kaupendurnir 12.000 og veltan áætluð tvær milljónir evra. Árið 2015 fór boltinn verulega að rúlla. Afhendingarstöðunum fjölgaði í hundrað, framleiðendum í 2.500, kaupendum í 150 þúsund og velta jókst í átta milljón evrur. Árið 2016 töldu framleiðendur sem seldu í gegnum REKO um 4.000, kaupendur 250 þúsund og áætluð velta 30 milljón evrur. Í dag eru afhendingarstaðir vara í Finnlandi 80 og reglulegir kaupendur um 330.000, sem er um 5% allra Finna og allur íbúafjöldi Íslands. Helmingur veltunnar kom í gegnum framleiðendur lífrænna landbúnaðarvara.

Aðgangur að síðunni er ókeypis og ekkert gjald er tekið fyrir viðskipti í gegnum hana.

Snellmann segir að virkni meðlima á REKO-síðunum sé mismikil. „Sumir selja og kaupa reglulega en aðrir sjaldnar og kannski bara einu sinni á ári.“

Snemma á síðasta ári var hleypt af stokkunum svipaðri síðu í Svíþjóð og tveimur afhendingarstöðum komið á laggirnar. Þremur mánuðum seinna voru þeir orðnir 26 og fyrsti REKO-hringurinn á Ítalíu afhenti sínar vörur fyrir nokkrum dögum.

Stórmarkaðir leita til bænda

„Aukin eftirspurn eftir lífrænum og vörum úr nærumhverfinu hefur leitt til þess að stórmarkaðir sem selja matvörur í Finnlandi eru farnir að sýna þeim meiri áhuga og leita til bænda til að fá þær. Það eitt og sér hefur snúið samningsstöðunni bændum í vil og í dag geta þeir farið fram á hærra verð fyrir framleiðsluna en áður.“

Kynning í Hörpu 4. mars

Snellman heldur erindi um hugmyndina að baki REKO á vegum Matarauðs Íslands og Bændasamtaka Íslands í Björtu loftum Hörpu sunnudaginn 4. mars næstkomandi klukka 14.00.

Auk Snellman mun Brynja Laxdal hjá Matarauði Íslands kynna reynsluna af markaðsstarfi á Facebook á Íslandi og Arnar Gísli Hinriksson markaðsfræðingur flytja erindi um Facebook sem sölutækni. Að erindunum loknum er boðið upp á vinnustofu fyrir framleiðendur, veitingamenn, neytendur og alla sem hafa áhuga á sveðisbundnum mat og afurðum. Á sama tíma er Matarmarkaður Búrsins í Hörpu. Aðgangur er ókeypis en gerð er krafa um skráningu á www.bondi.is. */VH*

Styrkir til þróunarverkefna í nautgriparækt, sauðfjárrækt og garðyrkju

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna og þróunarverkefna í nautgriparækt, sauðfjárrækt og garðyrkju samkvæmt reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1180/2017.

Í nautgriparækt eru þau verkefni styrkhæf sem talin eru styrkja íslenska nautgriparækt og fela í sér rannsóknir og þróunarverkefni.

Í sauðfjárrækt eru hver þau verkefni styrkhæf sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að vera kennsla, rannsóknir, leiðbeiningar og/eða þróun í sauðfjárrækt.

Í garðyrkju eru styrkhæf ráðgjafarverkefni, kynningarverkefni, rannsókna- eða tilraunaverkefni, vöruþróunarverkefni og endurmenntunarverkefni.

Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

a) Yfirlit um tilgang og markmið verkefnisins, þ.m.t. rökstuðningur fyrir því hvernig það fellur að þeim markmiðum sem tilgreind eru hér að ofan og hvernig það gagnast viðkomandi búgrein að öðru leyti.
b) Listi yfir alla sem eiga aðild að verkefninu.
c) Tímaáætlun verkefnisins.
d) Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
e) Hvar og hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar.

Umsóknafrestur er til 1.apríl n.k.

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á slóðinni **www.fl.is/þróunarfé**, en einungis er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna.

Umsóknum skal skilað til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyri 311 Borgarnesi, merktum: Umsókn um þróunarfé.

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins* hjá **thorhildur@fl.is.**

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Þessi fríði flokkur vann að gróðursetningu í hagaskógana á Fjarðarhorni í Hrútafirði sumarið 2017. Með hagaskógi er átt við gisinn skóg með góðum bithögum.

expert kæling
✓ Umboðsaðili Röka mjólkurtanka á Íslandi
✓ Kælikerfi
✓ Frystikerfi
✓ Almennar raflagnir
✓ Þjónusta & uppsetningar
VIÐ ÞJÓNUSTUM KÆLIKERFI Á ÖLLU LANDINU!
Expert kæling ehf. | Sími: 660 2977 | Netfang: elmar@expert.is
Draghálsi 22, 110 Reykjavík | Freyjunesi 10, 603 Akureyri | Gagnheiði 3, 800 Selfossi

Skýrsla um búskaparskógrækt í Húnaþingi vestra:

Verkefni í styrkjakerfi skógræktar á lögbýlum

Lagt er til í nýútkominni skýrslu um búskaparskógræktarverkefni í Húnaþingi vestra að búræktarskógrækt verði komið fyrir í hinu opinbera styrkjakerfi með viðeigandi og aðgengilegum samningum. Skógrækt bænda með önnur aðalmarkmið en timburframleiðslu hefur með formlegum hætti ekki verið til innan opinbera styrkjakerfisins, nema sem nokkur tilraunaverkefni. Sagt er frá skýrslunni á vef Skógræktarinnar.

Haustið 2016 fól þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, Skógræktinni að hrinda í framkvæmd átaki í skógrækt í Vestur-Húnavatnssýslu. Markmiðið var að bæta skilyrði til búskapar og búsetu í dreifbýli í sýslunni. Um var að ræða eins árs verkefni og skyldi þróa útfærslur á nýjum skógræktarverkefnum sem gætu fjölgað tækifærum fyrir bændur, aukið skógarþekju og um leið brúað bil milli skógræktar og hefðbundins landbúnaðar. Verkefnið var einnig hugsað sem skref íslensks landbúnaðar í átt að kolefnishlutleysi.

Áhersla lögð á nokkra þætti

Ráðherra lagði áherslu á nokkra þætti sérstaklega, svo sem skjólbeltakerfi fyrir ræktun, skjóllundi fyrir búfé, t.d. haustbeit stórgripa, sauðburðarhólf og önnur beitarhólf, beitarskóga í tiltölulega stórum afgirtum beitarstýrðum hólfum landgræðsluskóga á illa eða ógrónu landi, skjólskóga með fjölbreyttum trjágróðri þar sem tekist yrði á við staðbundin vindakerfi með það að markmiði að draga úr eða bægja frá sterkum vindstrengjum, akurskógrækt á landi sem ekki nýtist til matvælaframleiðslu að svo stöddu og fjölnytjaskóga með einhver af ofangreindum markmiðum auk timburnytja.

Þá gerði ráðherra einnig tillögu að vinnulagi. Bændum skyldi boðin ráðgjöf og kynning á því hvernig framangreindir þættir gætu stutt við annan landbúnað og bætt búsetuskilyrði. Kanna skyldi viðhorf bænda til núverandi stuðningskerfis í skógrækt og hvernig mætti breyta því svo að bændur sæju sér frekar hag í þeim. Einnig skyldi leita samstarfs við hagsmunasamtök bænda. Verkefnið hlaut sjö milljóna króna framlag til eins árs úr ríkissjóði og var gert ráð fyrir að öll sú upphæð rynni til framkvæmda.

Skógræktin tók við verkefninu og fól Sæmundi Kr. Þorvaldssyni, skógfræðingi í Dýrafirði, að stjórna verkefninu í samstarfi við skógræktarráðgjafa sýslunnar, Johan Holst.

Bændur í Húnaþingi áhugasamir

Bændur í Húnaþingi reyndust hafa töluverðan áhuga á verkefninu. Að loknum vel sóttum kynningarfundi bárust umsóknir frá 14 lögbýlum um verkefni í búskaparskógrækt. Eigendum sex lögbýla var boðið að gera samning um tilteknar framkvæmdir. Flestar hinna umsóknanna þóttu falla betur að hefðbundnum skógræktar- eða skjólbeltasamningum og var umsækjendum bent í þá átt. Í skýrslunni eru tíunduð þau verkefni sem ákveðið var að ráðast í. Það eru verkefni sem snúast um ræktun skjólbeltakerfa, hagaskóga og skjóllunda eða snjófangara.

Plastlagning fyrir skjólbelti á Mýrum III í Hrútafirði.
Mynd / Sæmundur Þorvaldsson.

Óheppilegt að ráðast í verkefni með litlum fyrirvara

Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að óheppilegt sé að ráðast í verkefni sem þessi með svo litlum fyrirvara enda þurfi góðan undirbúningstíma. Erfitt sé að ætla sér að bæði hanna og hrinda af stað skógrækt á einu og sama árinu. Segja megi að skjólbeltaverkefni, skjóllundir og snjófangandi skógar falli vel að núverandi kerfi fyrir skjólbeltastuðning á lögbýlum. Núverandi kerfi nái hins vegar að óbreyttu ekki utan um aðra ræktun búskaparskóga, svo sem hagaskóga og akurskóga.

Skógrækt bænda með önnur aðalmarkið en timburframleiðslu hafi ekki verið með formlegum hætti innan opinbera styrkjakerfisins, nema sem nokkur tilraunaverkefni. Á tímum stöðugs samdráttar í nýgróðursetningum síðustu 13 ár hafi þessir þættir orðið mjög út undan víðast hvar, auk þess sem áherslur opinberu skógræktarverkefnanna á búskaparskóga hafi verið mismunandi milli landshluta og jafnvel frá einum skógræktarráðgjafa til annars.

Þarf að kynna betur

Lögð er til í skýrslunni aukin kynning á öllum þáttum búskaparskógræktar og að sérstakt fjármagn verði veitt til þessarar afmörkuðu tegundar skóg- og trjáræktar í vel útfærðu stuðningskerfi með viðeigandi og aðgengilegum samningum. Í viðauka við skýrsluna koma fram tillögur Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda sem lúta í sömu átt. Auka þurfi kynningu, þróa verkefni sem falli vel að öðrum búskap bændanna og einnig að minna bændur reglulega á þá möguleika sem fyrir hendi eru.

/MÞÞ

MATVÆLI & MARKAÐSMÁL

Hjalteyri Sea Snack framleiðir Kalda bjórsnakk:

Viðtökur fram úr björtustu vonum

„Viðtökurnar hafa farið fram úr okkar björtustu vonum," segir Jóhannes Valgeirsson, framkvæmdastjóri hjá Hjalteyri Sea Snack.

Fyrirtækið setti á markað um síðustu mánaðamót nýja vöru, Kalda bjórsnakk (Kaldi Beersnack), sem svo sannarlega hefur fallið í kramið hjá neytendum.

Félagið setur vöruna á markað í samstarfi við Bruggverksmiðjuna Kalda á Árskógssandi, sem framleiðir bjórinn Kalda og rekur að auki Bjórböðin. Þar á bæ hefur gestum verið boðið upp á þetta nýja snakk á meðan þeir njóta bjórbaðsins. Að félaginu Hjalteyri Sea Snack standa þeir Jóhannes og Rúnar Friðriksson og fer framleiðslan fram í verksmiðju þess á Hjalteyri.

„Það hefur lengi blundað í okkur að finna okkur sérstöðu á markaði með sjávarsnakk. Það eru margir um hituna þegar að hinu hefðbundna kemur, harðfiski og bitafiski. Við höfum reynt að finna okkar vöru farveg utan þess hefðbundna, höfum m.a. framleitt bitafisk eða sjávarsnakk án viðbætts salts og eins höfum við prófað að nýta krydd af ýmsu tagi í okkar framleiðslu og það hefur alveg gengið upp. Við höfum sem sagt verið að bjóða upp á fisk án viðbætts salts, sem og fisk með miklu salti eða kryddi," segir Jóhannes.

Hjalteyri Sea Snack setti á markað um síðustu mánaðamót nýja vöru, Kalda bjórsnakk (Kaldi Beersnack), sem svo sannarlega hefur fallið í kramið hjá neytendum.



Marinerað í IPA Kalda og sítrónupipar

Hann segir að þeir félagar hafi legið um skeið yfir stöðunni þegar upp kom hugmynd um að útbúa snakk sem upplagt væri að maula yfir bjór, heima í stofu eða á börum og veitingastöðum, þar sem tíðkast að bjóða upp á hnetur, brauð eða jafnvel popp með drykkjum. „Rúnar datt niður á þessa snilldarhugmynd og hafði samband við þau Agnesi og Ólaf hjá Bruggverksmiðjunni Kalda. Skemmst er frá því að segja að þau tóku hugmyndinni vel og voru meira en til í að lána sitt vörumerki, Kalda, sem er þekkt á markaði. Við höfum séð um þróun vörunnar, framleiðsluna og að koma henni á markað."

Kalda bjórsnakk er útbúið með þeim hætti að fiskurinn er marineraður í ákveðinn tíma í IPA Kalda og sítrónupipar. Þar mallar hann um stund og fer þá í gegnum þar til gerða vél sem mótar fiskinn í hæfilega bita. „Það gerast einhverjir töfrar þarna í ferlinu, fiskurinn verður loftkenndur og mjúkur, en samt um leið stökkur."



Framleiðsla á Kalda bjórsnakki fer fram í verksmiðjunni á Hjalteyri, en samvinna er á milli Hjalteyri Sea Snack og Bruggverksmiðjunnar á Árskógssandi sem á vörumerki Kalda.

Betri viðtökur en við áttum von á

Kaldi bjórsnakk kom á markað um mánaðamótin janúar og febrúar og er m.a. til sölu í verslunum Krónunnar, Iceland og 10/11. Dreifing er í fullum gangi og það má nálgast vöruna víða á suðvesturhorninu, austur á Egilsstöðum, og svo má einnig finna snakkið á nokkrum stöðum í höfuðstað Norðurlands, Akureyri, m.a. hjá sælkeraversluninni Fisk kompaní. „Almennir neytendur hafa tekið vel við sér og þá hafa ferðamenn ávallt gaman af því að prófa eitthvað íslenskt og þessi vara virðist falla þeim vel í geð," segir Jóhannes, en viðtökur voru góðar, „betri en við áttum von á. Næsta skref hjá okkur er að gera átak í dreifingu og koma vörunni að sem víðast. Við höfum trú á vörunni og þetta fer vel af stað," segir Jóhannes.

/MÞÞ

Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í Þingeyjarsveit

Skólamáltíðir við grunn- og leikskóla í Þingeyjarsveit eru gjaldfrjálsar. Sveitarstjórn samþykkti við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 að bjóða upp á hollan og góðan mat, morgunmat, ávaxtastund og heitan mat í hádeginu í mötuneytum skólanna. Tók ákvörðun sveitarstjórnar gildi um síðustu áramót og hefur mælst vel fyrir meðal íbúa sveitarfélagsins sem lýst hafa ánægju með framtakið.

„Markmiðið er að bæta velferð barna og unglinga í sveitarfélaginu, gera góða skóla betri og meira aðlaðandi. Þetta verður vonandi einnig til þess að hvetja barnafólk til að flytja í sveitarfélagið. Við höfum fengið afar jákvæð viðbrögð og ljóst að íbúar kunna vel að meta þessa ákvörðun enda skiptir þetta máli fjárhagslega fyrir fjölskyldur, til að mynda sem eru með tvö og þrjú börn í grunn- og leikskóla," segir Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn samþykkti við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 að bjóða upp á hollan og góðan mat, morgunmat, ávaxtastund og heitan mat í hádeginu í mötuneytum skólanna.

Í sveitarfélaginu eru tveir grunnskólar starfandi og þrír leikskólar. Heildar nemendafjöldi í Þingeyjarsveit er um 145 börn og unglingar, um 107 nemendur í grunnskólunum og um 38 nemendur í leikskólunum. Kostnaður sveitarfélagsins vegna gjaldfrjálsu máltíðanna er um 12 milljónir króna á ári. Dagbjört segir að undanfarin ár hafi töluvert verið hagrætt í skólamálum með sameiningu og því hafi skapast frekara svigrúm í málaflokknum. „Það er mikill metnaður lagður í gott og faglegt skólastarf sem og einnig allan aðbúnað fyrir nemendur og kennara," segir Dagbjört.

Kvaðst hún ekki vita til að önnur sveitarfélög í landinu bjóði upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir, „ég þori ekki að fullyrða að við séum fyrsta sveitarfélagið til að bjóða upp á ókeypis máltíðir, en mörg sveitarfélög bjóða upp á gjaldfrjáls námsgögn og það gerum við líka," segir hún.

/MÞÞ

Á myndinni eru: Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, Þórður Árni Hjaltested, formaður Kennarasambands Íslands, Hugún Ósk Hermannsdóttir, leikskólastjóri Álfasteins, Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri Hörgársveitar, Klara E. Finnbogadóttir, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Björk Óttarsdóttir, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, og Sigurður Sigurjónsson, starfandi formaður Félags stjórnenda leikskóla.

Álfasteinn í Hörgársveit hlaut Orðsporið

Leikskólinn Álfasteinn í Hörgársveit hlaut Orðsporið, hvatningarverðlaun sem veitt eru þeim sem þykja hafa skarað fram úr í að efla orðspor leikskólastarfs í landinu og hafa unnið ötullega í þágu leikskóla og leikskólabarna. Hörgársveit hlaut Orðsporið 2018 fyrir að vera það sveitarfélag sem hefur hæst hlutfall leikskólakennara í starfi við uppeldi og menntun barna.

Orðsporið var afhent á Degi leikskólans fyrr í þessum mánuði. Markmið dagsins er að beina sjónum að því gróskumikla starfi sem fram fer í leikskólum landsins.

Hæft fólk með viðeigandi menntun

Að mati valnefndar um Orðsporið 2018 er mikilvægt að hafa vel menntaða starfsmenn í leikskólum landsins því það muni án efa skila sér í auknum gæðum í skólastarfinu og fagmennsku og um leið styrkja leikskóla sem áhugaverða vinnustaði. Hörgársveit hefur sett sér það markmið að í skólunum starfi hæft fólk með viðeigandi menntun við bestu námsaðstæður og vinnuskilyrði sem völ er á.

Í skólastefnu Hörgársveitar kemur fram að leiðarljós sveitarfélagsins er að vinna markvisst að því að mennta börn í metnaðarfullu skólastarfi þar sem velferð barnanna og starfsfólks er í fyrirrúmi og að menntunin nýtist til framtíðar. Er það m.a. gert með því að vera með virkar starfsþróunaráætlanir sem eru endurskoðaðar árlega. Þetta skilar sér í stöðugleika í starfsmannahaldi og góðum starfsanda. */MÞÞ*

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 8. mars

Grunnurinn að Húsi íslenskra fræða var grafinn 2013, en nú eru aspir og víðir búin að koma sér vel fyrir í grunninum.

Gróðurnám í Holu íslenskra fræða

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Tæplega fimm ár eru liðin frá því að grunnurinn að Húsi íslenskra fræða var tekinn án þessa að húsið hafi enn risið. Frá þeim tíma sem grunnurinn var tekinn hafa að minnsta kosti 31 háplanta skotið þar rótum.

Í mars 2013 tók Katrín Jakobsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra og núverandi forsætisráðherra, fyrstu skóflunna að Húsi íslenskra fræða. Tæpum fimm árum síðar er þar stór og djúpur grunnur sem í daglegu tali kallast Hola íslenskra fræða.

Katrín Jakobsdóttir, núverandi forsætisráðherra, tók fyrstu skóflunna að Húsi íslenskra fræða í menntamálaráðherratíð sinni.

Eva María Jónsdóttir, kynningarstjóri Árnastofnunar, við plöntusöfnun í Holu íslenskrar tungu.

Hóffífill, Tussilago farfara, er slæðingur sem hefur breiðst mjög út á höfuðborgarsvæðinu síðustu áratugi.

Þrátt fyrir að enn hafi ekkert orðið úr byggingu hússins hefur holan tekið talsverðum breytingum á þessum fimm árum því talsvert af gróðri hefur fest þar rætur.

Plöntugreiningarferð í holuna

Í lok ágúst á síðasta ári gerðu tveir starfsmenn Árnastofnunar, Þórdís Úlfarsdóttir orðabókarritstjóri og Eva María Jónsdóttir kynningarstjóri, sér ferð í plöntugreiningu í holuna. Við skoðun og greiningu plantanna kom

Vætudúnurt, Epilobium cilaantu, er stórvaxin, innflutt dúnurt af eyrarrósarætt. Hún vex sem slæðingur í skurðum og á óræktarsvæðum inni í bæjum og þorpum, ætíð í nágrenni við byggð. Hún er orðin mjög útbreidd á höfuðborgarsvæðinu og víðar í þéttbýli landsins.

Blásveifgras, Poa glauca, er fremur lágvaxið gras með bláleitum, skástæðum, stinnum og hrjúfum stráum. Það vex einkum á melum, söndum eða á klettum. Blásveifgrasið er algengt um allt land frá láglendi upp í meira en 1.100 m hæð.

Útlitsteikning af væntanlegu Húsi íslenskra fræða.

í ljós að á þremur og hálfu ári eftir að holan var tekin höfðu að minnsta kosti 31 tegund af háplöntum tekið sér bólfestu þar. Auk þess sem einnig fannst þar lággróður sem ekki var greindur í tegundir.

Eva sagði í samtali við Bændablaðið að líklegt væri að fleiri tegundir vaxi í holunni þar sem rannsóknin var ekki mjög nákvæm og heilt sumar liðið.

Í Tímariti Háskóla Íslands 2017 er haft eftir Þórdísi að af þeim tegundum sem vaxa á svæðinu eru mest áberandi dúnurtir, arfategundir, grastegundir og víðir og af einstökum tegundum má nefna augnfró, krossfífil, hóffífil, vætudúnurt, akurarfa, blóðarfa, njóla, baldursbrá og garðamaríustakk. „Þar fundust einnig átta grastegundir og fimm trjátegundir, grávíðir, gulvíðir, alaskaösp, birki og reynir. Aspirnar eru langstærstar og sumar þeirra um og yfir metri á hæð.“

Til stendur að varðveita trjáplönturnar

Áætlað er að hefja framkvæmdir við Hús íslenskra fræða í vor eða sumar ef allt gengur eftir. Eva segir að hugmyndir séu um að taka upp sjálfsánu trjáplönturnar sem hafa fest rætur í grunninum og setja þær í geymslu og planta þeim síðar út í garði við húsið. „Garðurinn gæti þá heitið Árnagarður í höfuðið á því húsi sem nú hýsir hluta stofnunarinnar.“

Ágústa Þorbergsdóttir, formaður Starfsmannafélags Árnastofnunar, að afhenda gjöf í tilefni af 10 ára afmæli Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Fyrirhugað er að fara í sambærilega gróðurgreiningarferð næsta sumar ef byggingarframkvæmdir verða ekki hafnar og athuga frekari útbreiðslu plöntutegunda í holunni.

/VH

Eftir 20 ára þróunarvinnu kemur gufuvélin Soilprep frá norska fyrirtækinu Soil Steam International á markað í sumar sem mun valda byltingu við framleiðslu utandyra á grænmeti og berjum.

Gufuvélin eykur uppskeru og geymsluþol

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is

Fyrirtækið Soil Steam International kynnir til sölu í sumar gufuvélina Soilprep sem mun valda byltingu við ræktun á grænmeti og berjum utandyra. Vélin, sem kemur fyrir gufu á 30 sentímetra dýpi í jarðveginum, nær að eyða illgresi, sveppum og þráðormum með góðum árangri. Þetta getur þýtt allt að 40 prósenta meiri uppskeru á þeim svæðum sem gufuvélin er notuð.

„Soil Steam International er tveggja ára gamalt fyrirtæki en verkefnið hóf faðir minn, Kjell Westrum, fyrir rúmum 20 árum, þegar hann byrjaði að gera tilraunir með að drepa sveppi, illgresi og þráðorma í jarðvegi með gufu. Þetta hafa bændur gert í meira en 100 ár en það hefur engum tekist áður að setja gufu í og á jarðveginn utandyra á sjálfbæran hátt. Það verður að ná að setja gufuna niður á 30 sentímetra dýpi og það eru ekki til aðrar vélar en okkar sem geta það. Við sýndum gufuvélina okkar í Noregi og Þýskalandi í fyrra og hún mun fara í sölu til viðskiptavina í júní á þessu ári," segir Hans Kristian Westrum, stjórnarformaður og sölustjóri fyrirtækisins.

Mynd af vélinni sem nú er í framleiðslu og fyrstu viðskiptavinirnir fá í hendurnar í júní á þessu ári.

Gegn sveppum og þráðormum

Gufuvél Soil Steam International þéttir jarðveginn fullkomlega þegar hún gengur stöðugt úti á akrinum og nær að drepa nánast allan þráðorm.

„Fyrirtækið er lítið enn sem komið er og við einblínum eingöngu á gufuvélar fyrir landbúnað en markaðurinn fyrir slíkar vélar er mjög stór. Þegar faðir minn byrjaði á þessu verkefni var það upprunalega til að berjast gegn nokkrum sveppategundum og þráðormum sem ekki voru til varnarefni gegn. Eftir margra ára prófanir komumst við að því að tæknin sem við notumst við drepur þetta niður með góðum árangri," segir Hans Kristian og bætir við:

„Þar að auki náum við að eyða nánast öllu illgresi og illgresisfræjum með gufunni. Vélin hefur verið prófuð á gulrætur, púrrulauk og kínakál þar sem bændurnir fá 18–40 prósent betri uppskeru eftir notkun á henni. Ástæðan fyrir því er að grænmetið fær þá frið gegn illgresi sem er í samkeppni um vatn og næringu. Þar fyrir utan fær grænmetið ekki í sig eins mikið af varnarefnum sem verða ónauðsynleg með gufuaðferðinni. Eftir að gufuvélin hefur farið um akurinn verður rótargrænmetið ekki fyrir árás sveppa í jörðinni og það þýðir að geymsluþol þeirra verður lengra. Við höfum til dæmis séð allt að 4 mánaða lengra geymsluþol á gulrótum eftir að hafa notað þessa aðferð. Ef við náum að geyma hluta af gulrótarframleiðslunni hér í landi 4 mánuðum lengur þá getur Noregur til dæmis verið sjálfbær með gulrótarframleiðslu og getur sleppt því að flytja inn frá Ísrael á hverju vori."

Stjórnarformaður og sölustjóri fyrirtækisins, Hans Kristian Westrum, ásamt Kåre Jan Johansen, framkvæmda- og tæknistjóra Soil Steam International.

Vinnur á einum hektara á klukkutíma

„Við notum sömu kerfi og notuð hafa verið í gróðurhúsum í Hollandi í mörg ár en við gerum það utandyra, úti á akrinum. Með því að lofttæma náum við að dreifa gufunni niður í allan jarðveginn á ákveðið dýpi þar sem 30 sentímetrar eiga að duga til að virka fyrir rótargrænmetið. Þetta hljómar mjög einfalt en er í rauninni flókið ferli. Þegar gufan er kæld verður hún að vatni og ef hún verður að vatni efst í jarðveginum þá býr hún til eins konar vatnsspegil sem er mjög erfitt að komast í gegnum. Þetta þýðir að við verðum að ná gufunni í gegnum jarðveginn á meðan hún er enn gufa þannig að hún gefi frá sér sem mesta orku og verði að vatni á réttu dýpi. Við höfum ítarlega stjórnun á þessu ferli í gegnum tölvu og hluta af þessu kerfi höfum við fengið einkaleyfi á," útskýrir Hans Kristian og segir jafnframt:

„Það sem gerir vélina einstaka í sinni röð er að við náum að hita upp stóran hluta af jarðvegi við ákveðið hitastig sem drepur þráðorma á fljótan og skilvirkan hátt. Við náum að gera það utandyra og á dýpi sem enginn annar hefur getað. Vélin sem kemur á markað í júní getur unnið á um einum hektara á klukkutíma og nær að sótthreinsa um 100 rúmmetra jarðvegs á klukkutíma."

Gufuvélin hefur vakið heimsathygli

Þó að næg vinna sé hjá starfsmönnum fyrirtækisins við að koma gufuvélinni í sölu og að þróa fleiri lausnir samhliða henni gera þeir einnig tilraunir með að framleiða gufurafala sem knúnir eru áfram af hauggasi.

„Vélin okkar og hugvitið í kringum hana hefur vakið mikla athygli. Sem dæmi þá fórum við með vélina til Þýskalands í fyrrasumar til eins af stærstu jarðarberjaframleiðendum þar í landi til að setja gufu í jarðveg hjá honum sem hann var búinn að eiga í stökustu vandræðum með. Jarðvegurinn var fullur af sveppum og það var ómögulegt að rækta nokkuð í honum enda hafði það ekki verið gert í þrjú ár þegar við komum. Án þess að við vissum þá komu um 50 manns víðs vegar að úr heiminum til að sjá og upplifa þegar við notuðum vélina þarna. Þetta voru stórir alþjóðlegir framleiðendur sem hafa átt í miklum vandræðum með sinn jarðveg," segir Hans Kristian og bætir við:

„Þetta voru aðilar frá Malasíu, Kanada, Ástralíu, Afríku, Hollandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum, sem höfðu heyrt um okkur á einn eða annan hátt og vildu sjá vélina að störfum. Eftir þetta fengum við þó nokkra umfjöllun í þýskum fjölmiðlum, margir af leiðandi vísindamönnum í heiminum hafa haft samband við okkur og í mars munum við heimsækja háskólann í Kaliforníu til að hitta nokkra stóra berja- og grænmetisframleiðendur og kynna vélina okkar. Þetta eru því spennandi tímar fyrir okkur og þá aðila sem geta nýtt sér hugvitið eftir áralanga þróunarvinnu." */ehg*

Frá undirskriftinni með fulltrúum Byggðastofnunar og átta atvinnuþróunarfélaga og Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Samstarfssamningur milli Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaga:

Vilji til að efla byggðamál og tryggja búsetu

Nýr samstarfssamningur milli Byggðastofnunar og átta atvinnuþróunarfélaga um land allt hefur verið undirritaður. Hann gildir til næstu fimm ára. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, var viðstaddur undirritunina og sagði hann það eindreginn vilja ríkisstjórnarinnar að efla byggðamál og tryggja búsetu vítt og breitt um landið. Þetta kemur fram á vef ráðuneytisins.

Samningarnir byggjast á samtali Byggðastofnunar og félaganna á síðastliðnu starfsári. Í nýjum samningum er leitast við að taka mið af breyttu starfsumhverfi félaganna en á liðnum árum hefur hlutverk atvinnuráðgjafarinnar breyst frá því að veita fyrst og fremst einyrkjum og litlum fyrirtækjum rekstrarráðgjöf í það að þjónusta einyrkja, stór og lítil fyrirtæki og sveitarfélög. Félögin hafa í vaxandi mæli tekið að sér að leiða saman aðila í fjölbreytileg verkefni. Það form sem atvinnuþróunarfélögin starfa í þarf að vera lifandi og taka breytingum í takt við þarfir hvers tíma.

Fulltrúar Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna skrifa undir nýjan samning.

Verðmæt þekking í atvinnuráðgjöf

Sigurður Ingi sagði þegar sjást í fjárlögum ársins aukin framlög til samgöngumála, heilsugæslustöðva á landsbyggðinni og til menntamála. Fram undan væri gerð fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar sem yrði lögð fram í mars og þar muni einnig sjást enn betur áform ríkisstjórnarinnar um þessi mál sem önnur. Þá sagði ráðherra að meðal verkefna sem tengjast sveitarstjórnar- og byggðamálum með beinum hætti í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar væri að skilgreina hlutverk landshlutasamtaka, styrkja sóknaráætlanir, nýta námslánakerfið og önnur kerfi sem hvata til að setjast að í dreifðum byggðum, ljúka ljósleiðaravæðingu og að innanlandsflug yrði hagkvæmari kostur fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Sagði hann vert að þakka atvinnuþróunarfélögunum fyrir aðkomu þeirra að þeim þætti.

Ráðherra sagði atvinnuráðgjöf búa yfir verðmætri þekkingu á nærumhverfinu og myndi tengslanet um landið allt. Einnig sagði hann nú unnið að gerð byggðaáætlunar og væri sérstök áskorun að samþætta byggðamál við aðra málaflokka í öðrum.

Skerpt á viðmiðum

Í ávarpi Aðalsteins Þorsteinssonar, forstjóra Byggðastofnunar, við athöfnina kom fram að sjálfstæði félaganna væri mikilvægt og að þau lytu ekki boðvaldi Byggðastofnunar eða ríkisins eða einstakra sveitarfélaga.

Á hinn bóginn hljóti ríkisvaldið að gera kröfur um að tilteknum reglum og lágmarksviðmiðum sé fylgt um ráðstöfun þess fjár sem það lætur af hendi rakna til verkefna í byggðarlögunum.

Í nýju samningunum er því skerpt á viðmiðum um árlega markmiðssetningu og mat á árangri af starfinu auk þess sem fjallað er um útvistun á starfi atvinnuráðgjafarinnar og fleira mætti nefna.

/MÞÞ

Upplýsingamiðstöðin á Akureyri komin í Vakann

Upplýsingamiðstöðin á Akureyri er nýjasti þátttakandinn í Vakanum, en upplýsingamiðstöðvar landshlutanna hafa verið að bætast í hóp Vakafyrirtækja, hver af annarri.

Upplýsingamiðstöðin er landshlutamiðstöð í upplýsingaveitu ferðamanna á Norðurlandi eystra og gegnir sem slík lykilhlutverki í upplýsingamiðlun til erlendra og innlendra ferðamanna á svæðinu. Gæði, vandvirkni og samræming þjónustu og fagleg upplýsingagjöf eykur líkur á ánægju gesta og annarra þeirra sem leita upplýsinga, aðstoðar og annarrar þjónustu hjá miðstöðinni. Straumur ferðamanna um upplýsingamiðstöðina eykst stöðugt enda er hún í alfaraleið í Menningarhúsinu Hofi.

„Það er okkur mikið kappsmál í öllum okkar störfum að veita sem besta þjónustu og viðhafa hlutleysi gagnvart öllum hagsmunaaðilum í upplýsingagjöf. Í amstri dagsins getur verið erfitt að koma umbótavinnu við en Vakinn gefur kærkomið tækifæri til þess," segir Hulda Jónsdóttir, umsjónarmaður Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna á Akureyri, í spjalli á vef Ferðamálastofu.

Hulda Jónsdóttir stolt af viðurkenningu Vakans.

„Innleiðing Vakans gerir allt okkar starf mun faglegra og skilvirkara."

Akureyrarstofa annast daglegan rekstur Upplýsingamistöðvarinnar en hún er kostuð af Akureyrarbæ í samstarfi við sveitarfélögin í Eyjafirði með stuðningi Ferðamálastofu. Upplýsingamiðstöðin í Hofi er opin daglega frá byrjun maí til lok september og virka daga frá október til apríl.

/MÞÞ

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

Bylting í hreinlæti!
Auðveldari og betri þrif, sparar tíma og léttir lífið
i-mop revolutionary cleaning
WORLDWIDE PATENTED TECHNOLOGY

Hafðu samband og pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki
Sími 480-0000 sala@aflvelar.is www.i-teamglobal.com
AFLVÉLAR

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um styrki til stuðnings við nýsköpun, vöruþróun kynningar- og markaðsstarf til stuðnings íslenskri sauðfjárrækt.

Sjá nánari upplýsingar inn á heimasíðu sjóðsins **www.fl.is**, undir Markaðssjóður/verklagsreglur.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, hópar, félög, samtök, rannsóknarstofnanir, háskólar eða fyrirtæki. Styrkhæf eru þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf.

Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

a) Listi yfir þá sem eiga aðild að verkefninu.
b) Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis.
c) Tímaáætlun verkefnisins og upplýsingar um helstu áfanga þess.
d) Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
e) Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar eða nýttar.

Umsóknafrestur er til 1. apríl n.k.

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð má finna á **www.fl.is/markaðssjóður**. Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna.

Umsóknum skal skilað til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyri 311 Borgarnesi, merktum: Markaðssjóður.

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins* hjá **thorhildur@fl.is.**

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300

MENNING & LISTIR

Blábankahraðallinn býður völdum frumkvöðlum í heimsókn á Þingeyri í vor

– til að starfa við nýsköpun eða listir í nokkrar vikur

Blábankahraðallinn á Þingeyri býður völdum frumkvöðlum, til dæmis sprotafyrirtækjum, listafólki, einstaklingum og hópum, til að dvelja í nokkrar vikur í húsnæði Blábankans í maí og njóta ókeypis gisti- og vinnuaðstöðu. Að auki munu þeir aðilar sem valdir verða til þátttöku í hraðlinum fá aðstoð sérfróðra leiðbeinenda.

Arnar Sigurðsson er einn leiðbeinenda í Blábankahraðlinum og forstöðumaður Blábankans á Þingeyri, auk þess að vera stofnandi og tæknistjóri Karolina Fund. „Hraðallinn er fyrir allar nýsköpunarhugmyndir, þurfa ekki að tengjast Þingeyri neitt og er opinn öllum hvaðanæva að.

Stuðningurinn felst í gisti- og vinnuaðstöðu og aðstoð leiðbeinenda, og einfaldlega því að komast út úr sínu venjubundna umhverfi þar sem áreiti hversdagslífsins truflar mann oft við að einbeita sér að því að vinna að sínu verkefni,“ segir Arnar.

Dagskrá mun miðast út frá þörfum þátttakenda

Að sögn Arnars eru nokkrir leiðbeinendur þegar staðfestir sem koma víða að, en endanleg dagskrá mun miðast út frá þörfum þátttakenda sjálfra.

Þingeyri við Dýrafjörð í vetrarbúningi.

„Þetta er í fyrsta sinn sem við höldum þennan hraðal, en Blábankinn var opnaður í september síðastliðnum, og hefur því starfað í um fjóra mánuði.

Blábankinn er samstarfsverkefni nokkurra aðila, bæði opinberra og einkaaðila, um að búa til frumkvöðlasamfélag. Hann er til húsa þar sem áður var Sparisjóður Vestfjarða á Þingeyri og síðar Landsbankinn.

Innan veggja Blábankans starfa frumkvöðlar, listafólk, fræðimenn og einyrkjar; bæði þeir sem búsettir eru hér og gestir til skemmri eða lengri tíma. Þá leitast Blábankinn við að finna nýstárlegar leiðir til að bæta þjónustustig á Þingeyri og í Dýrafirði. Meðal annars hefur hann gert samstarfssamninga um gjaldkera-, bókasafns- og bæjarþjónustu á svæðinu. Hér eru svo haldnir fundir, viðburðir og kynningar ýmiss konar,“ segir Arnar.

Hraðallinn stendur yfir frá 9.–30. maí, en þátttakendum er frjálst að dvelja í tvær vikur eða allan tímann eftir hentugleika. Umsóknarfrestur er til og með 1. mars næstkomandi.

Nánari upplýsingar hraðalinn og leiðbeinendur má finna inni á vef Blábankans, www.blabankinn.is.



STARTARAR OG ALTERNATORAR
fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla
Frí heimsending um allt land
Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is
ÁSCO

VARAHLUTIR Í DRÁTTARVÉLAR
EIGUM Á LAGER OG GETUM ÚTVEGAÐ VARAHLUTI Í FLESTAR TEGUNDIR DRÁTTARVÉLA

Útvegum einnig varahluti í gömlu dráttarvélarnar

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

JÖRÐ TIL SÖLU Í SKAGAFIRÐI

Syðra-Vatn í Efribyggð, Skagafirði er til sölu. Samgöngur eru frá hringvegi rétt ofan Varmahlíðar um Mælifellsveg nr. 752 og Efribyggðarveg nr. 751. Vegalengd til Sauðárkróks er 35,2 km.

Stærð jarðarinnar er talin 700 ha, en kortlagðir hafa verið 487 ha. Tún eru 30 ha. Á jörðinni er 124 m² íbúðarhús, fjárhús fyrir 340 kindur og önnur eldri útihús. Greiðslumark í ærgildum fylgir jörðinni.

Nánari upplýsingar hjá fasteignasölu Sauðárkróks.

Ágúst Guðmundsson lögg. fasteignasali
S: 453 5900 & 862 5907 · agust@krokurinn.is · www.krokurinn.is

Gæða gluggar og útihurðir frá Viking fyrir íslenskar aðstæður!

Trégluggar með og án álkápu í öllum litum
Stuttur afgreiðslutími

Viking
VIKING WINDOW AS

Hafið samband og fáið tilboð!

AFLVÉLAR

Aflvélar ehf · Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ · Sími 480-0000 · sala@aflvelar.is

UMHVERFIS- OG MANNVIRKJASVIÐ AKUREYRARBÆJAR

TIL SÖLU STRÆTISVAGN

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir tilboðum í strætisvagn af gerðinni *Mercedes Benz O 405 N*, árgerð 1997. Strætisvagninn er 12 metra langur með OM447 mótor, VOITH skiptingu og er ekinn um 750.000 km.

Allar frekari upplýsingar um vagninn veitir Þorsteinn Konráðsson í síma **860 4912** eða gegnum netfangið **svakverk@akureyri.is**

Tilboðum skal skila inn til **Umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar,** Geislagötu 9, 4. hæð **fyrir klukkan 11:00 miðvikudaginn 28. febrúar 2018.**

Tilboð verða opnuð á sama tíma og stað að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Heimilt er að senda tilboð í tölvupósti á netfangið **umsarekstur@akureyri.is**

Umhverfis- og mannvirkjasvið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

Eignatorg kynnir:

Jörðin Bær 1, Kaldrananeshreppi, landnr. 141748, ásamt 50% eignarhluta í Grímsey á Steingrímsfirði.

Í Grímsey stendur gestahús sem er fallegt bjálkahús með svefnplássi fyrir fjóra og fylgir með þessum eignarhluta. Jörðin á mikið óskipt land með Bæ 2 og ræktað land í séreign er nærri 14,9 hektarar. Fallegt tvílyft íbúðarhús, fjárhús og hlaða stendur á jörðinni.

Mikil náttúrufegurð. Stutt í Drangsnes og Hólmavík. Fyrirhuguð er lagning hitaveitu og ljósleiðara á vegum sveitarfélagsins. Í Grímsey er mikið fuglalíf, þ.m.t. mikið af lunda og æðarfugli.

Til greina koma skipti á fasteign á höfuðborgarsvæðinu.

Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 510-3500/615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

nettoline
STYRKUR - ENDING - GÆÐI

BLÖNDUNARTÆKI
Við gerum þér hagstætt tilboð, bæði í innréttingu, spegla, vaska og blöndunartæki

HÁGÆÐA DANSKAR
BAÐHERBERGISINNRÉTTINGAR

VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM

STURTUTÆKI

ÚRVAL INNRÉTTINGA

SPEGLAR OG LJÓS

OPIÐ:
Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 11 til 15

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá dönskum gagnrýnendum

FASTEIGNASALAN BYGGÐ

TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955

Til sölu: Ytra-Gil Eyjafjarðarsveit

Á jörðinni, sem er í rekstri, er gott 6 herbergja einbýlishús, fjós fyrir 38 kýr auk uppeldis og aðrar byggingar.

Frekari upplýsingar veitir Björn Guðmundsson, löggiltur fasteignasali, á skrifstofu.

© DAGSKRÁIN

SÍMI: 464 9955 ▪ FAX: 464 9901 ▪ SKIPAGATA 16 ▪ OPIÐ MÁN. - FÖS. KL. 9-12 & 13-17

Gamli traktorinn

Versatile – stórar og kraftmiklar dráttarvélar

Versatile er upphaflega kanadískt fyrirtæki en er í dag í eigu Rússa og framleiðir landbúnaðartæki og vélar af ýmsum gerðum, til dæmis jarðbora, þreskivélar og ekki síst dráttarvélar.

Árið 1946 tóku Kanadamennirnir og mágarnir Peter Pakosh og Roy Robinson sig saman og settu á stofn fyrirtæki í kjallaranum á heimili Pakosh í Wineppeg. Fyrirtækið kölluðu þeir The Hydraulic Engineering Company.

Pakosh var á þeim tíma verkfærahönnuður hjá Massey-Harris en hafði verið hafnað

þegar hann sótti um flutning yfir á framleiðslusvið MH. Fyrsta tækið sem nýja fyrirtækið setti á markað var kornsnigill sem flutti korn af bílum eða vögnum í síló. Salan gekk vel og í kjölfarið fylgdi ávinnsluherfi og síðan úðadælur. Árið 1963 var nafni fyrirtækisins breytt í Versatile Manufacturing Ltd. Þremur árum síðar setti það fyrstu dráttarvélina á markað.

Dráttarvélaframleiðslan kemst á skrið

Fyrsta dráttarvél Versatile kom á markað á því herrans ári 1966. Traktorinn var fjórhjóladrifinn, 100 hestöfl og með sex strokka Ford mótor og kallaðist Versatile D-100. Skömmu síðar sendi fyrirtækið frá sér Versatile G-100 sem einnig var 100 hestöfl en með V8 mótor frá Chrysler. Báðar vélar voru með þrjá gíra áfram og einn afturábak og kostuðu um 10.000 Bandaríkjadali á þávirði.

Þrátt fyrir að verðið þætti



sanngjarnt voru einungis 100 dráttarvélar af gerðinni D-100 og 25 af gerðinni G-100 framleiddar.

Fyrirtækið var þó ekki af baki dottið og á næstu tveimur árum send það frá sér nokkrar mismunandi týpur. Fyrst kom Versatile D-118 og í kjölfarið Versatile 125 og 145. Því næst sjálfknúin þreskivél Versatile SP430 og önnur dráttarvéladregin SP400, auk þess sem fyrirtækið hóf framleiðslu á sláttuvélum árið 1968.

Á sjöunda áratug síðustu aldar setti fyrirtæki á markað nokkra týpur af stórum og kraftmiklum dráttarvélum. Versatile 700, 800, 850 og 900 sem voru á bilinu 220 til 300 hestöfl. Uppfærslur á þessum týpum kölluðust Versatile 750, 825 og 950.

Versatile á stærstu dráttarvél síns tíma á sjöunda áratugnum. Traktorinn sem var átta hjóla tröll sem vó 26 tonn og kallaðist Versatile 1080, eða Big Roy, og var 600 hestöfl. Hann fór aldrei í framleiðslu.

Tíð eigendaskipti

Árið 1977 keypti Cornat Industries ráðandi hlut í Versatile Manufacturing Ltd en seldi hann tíu árum seinni til Ford New Holland sem var að stórum hluta í eigu Fiat og var nafni Vesatile dráttarvélanna breytt í New Holland. Aldamótaárið 2000 Keypti Buhler Industries Versatile af Fiat þegar Fiat og Case IH runnu saman. Eftir að Versatile komast í eigu Buhler voru dráttarvélar frá því fyrirtæki markaðssettar sem Buhler Versatile. Árið 2007 eignaðist rússneski vélaframleiðandinn RostSelMash 80% hlut í Buhler Industries og sleppti Buhler-hlutanum úr heitinu Buhler Versatile og markaðssetur í dag dráttarvélar undir heitinu Versatile. */VH*

UTAN ÚR HEIMI

Dýravelferð í Noregi:

Auka eftirlit með svínabændum

Til að efla dýravelferð hjá norskum svínabændum hefur nú verið ákveðið að fjölga skuli heimsóknum dýralækna, lækka skuli sláturverð til þeirra sem ekki standa sig sem skyldi og að sláturleyfishafar geti neitað að taka við dýrum hjá þeim bændum sem fara ekki eftir dýravelferðarreglugerðum.

Matvælaeftirlitið í Noregi skráði helmingsaukningu á brotum á reglugerðinni í lok árs 2017 en á sama tímabili árið áður. Í nóvember voru skráð óvenjumörg tilfelli um vanrækslu dýra, sérstaklega í Rogaland-fylki þar sem til dæmis fundust 100 dauðir grísir á einu svínabúi við eftirlitsferð dýralækna. Því verður nú aukið eftirlit á öllum svínabúum í landinu og viðurlög veitt við þeim sem ekki halda sig innan ramma laganna. Það sem einna helst verður horft til er að sjúkum og slösuðum dýrum verður fylgt eftir, notkun á undirlagi kannað sérstaklega, tilfelli um rófubit í flokknum skráð hjá sláturhúsum, þéttleiki í svínahúsunum kannaður ásamt aðgangi að fóðri og vatni.

Forsvarsmenn svínabænda í Noregi eru almennt ánægðir með hinar auknu reglur og eftirlit og vonast til að það verði jákvætt fyrir greinina í heild sinni og að hin alvarlega staða sem hún stendur fyrir núna muni snúast til betri vegar. Með samvinnu og ráðgjöf fleiri aðila sé það hægt, því lykilatriði sé hvernig dýrin hafi það. */ehg - Bondebladet*

Gæsasteggurinn Thomas tók fullan þátt í ungauppeldi svanaparsins sem hann var í sambandi við.

Gæsasteggurinn Thomas tók fullan þátt í ungauppeldi svanapars:

Tvíkynhneigður, fjölþreifinn og blindur gæsasteggur fallinn frá

Gæsasteggurinn Thomas á Nýja-Sjálandi er látinn, fertugur að aldri. Steggurinn var ekki við eina fjölina felldur eða kyn og tegundina þegar kom að makavali. Síðustu sex ár ævinnar var hann í ástarþríhyrningi með svanapari.

Þrátt fyrir að líffræðilega sé ómögulegt að gæsir og álftir geti eignast saman unga tók Thomas fullan þátt í útungun og ungauppeldi svanaparsins sem hann var í sambandi við.

Steggurinn Thomas tók snemma upp á því að aðgreina sig frá öðrum gæsum og kaus félagsskap með svörtum svansstegg sem kallaðist Henry og deildu þeir lífinu saman í 24 ár. Meðan á samvistum Thomasar og Henry stóð tók Henry upp samband við kvenkyns álft sem kölluð er Henrietta. Þrátt fyrir það hélt Thomas samvistum við Henry og studdi álftaparið við ungauppeldið.

Þegar svanurinn Henry lést hélt Thomas sér með Henriettu í nokkur ár.

Frá 2013 hefur Thomas búið á griðlandi fyrir fugla í Wellington á Nýja-Sjálandi. Smám saman fór sjón hans versnandi sökum aldurs og undir lokin var hann blindur. Hann lést 3. febrúar síðastliðinn og verður sárt saknað, að sögn talsmanns fuglaverndunarsvæðisins. „Thomas var að mörgu leyti kynlegur fugl og starfsmönnunum þótti afar vænt um hann og gættu hans einstaklega vel og hans verður sárt saknað. Thomas verður jarðsettur við hlið sálufélaga síns, Henrys, í grafreit verndarsvæðisins.“ */VH*

Holland:

Mykja, óþefur og umhverfisspjöll

Mykja frá hollenskum mjólkurbúum er orðin svo mikil að bændur eiga orðið svo erfitt með að losna við hana að til vandræða horfir út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Alþjóðasjóður villtra dýra, WWF, telur að fækka verði mjólkurkúm í Hollandi um 40% til að stemma stigu við vandanum.

Mjólkurframleiðsla í Hollandi er mikil þrátt fyrir smæð landsins og Holland fimmti stærsti útflytjandi mjólkur og mjólkurafurða í heimi enda um 1,8 milljón mjólkurkúa í landinu.

Vandinn er aftur á móti sá að meðan mjólkin selst vel þá hleðst mykjan upp. Líkt og annars staðar í heiminum nota hollenskir bændur eins mikið af mykjunni eins og þeir geta sem áburð en vegna gríðarlegs magns hennar hafa þeir ekki undan

Hvort sem stigið er á spariskónum í íslenska eða hollenska kúadellu er það alltaf jafn vandræðalegt.

að losa sig við hana. Komist hefur upp um kúabændur sem hafa gripið til þess óþverrabragðs að losa sig við mykjuna ólöglega með því að setja hana á afvikna staði og þverbrjóta þannig umhverfislög. Erfitt er að leyna losunarstöðunum þar sem mykja gefur af sér sterka og mjög einkennandi lykt sem finnst langar leiðir. Auk þess sem afrennsli hennar mengar grunnvatnið.

Annað ráð sem bændur hafa gripið til er að dæla allt of mikið af henni á akra og tún þrátt fyrir að lög í Hollandi geri ráð fyrir að bera megi meira af henni á en almennt gerist í löndum Evrópusambandsins.

Alþjóðasjóður villtra dýra, World wildlife fund, telur að fækka verði mjólkurkúm í Hollandi um 40% á næsta áratug til að stemma stigu við vandanum. Einnig hefur verið bent á að Holland er það land í Evrópu sem býr yfir hvað minnst af villti náttúru eða einungis 15% af flatarmáli landsins.

Talið er að um 80% kúabúa í Hollandi framleiði talsvert meira af mykju en þau geta losað sig við löglega og á síðasta ári greiddu þeir um 550 milljónir evra til að láta farga umfram mykju. */VH*

Verslunarstjóri Vélavals

Laust er til umsóknar starf verslunarstjóra í Vélaval í Varmahlíð.

Helstu verkefni, auk daglegs reksturs verslunar, eru innkaup og innkaupasamningar við birgja, fjárhagslegt uppgjör verslunar, ábyrgð á heimasíðu, almenn sölustörf ofl.

Staðgóð þekking á verslunarrekstri og þörfum landbúnaðarins nauðsynleg ásamt góðri almennri tölvukunnáttu, frumkvæði og góðum samskiptahæfileikum.

Umsóknarfrestur er til 1. mars næstkomandi
og skal umsóknum skilað á netfangið *elsa@landstolpi.is*

Möguleiki á húsnæði í boði, í göngufjarlægð frá versluninni sjálfri.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar um starfið veitir mannauðsstjóri í síma 4805600 eða á ofangreint netfang.

Vélaval ehf. | Við Norðurlandsveg | 560 Varmahlíð | ICELAND

Vélaval

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

limtrevirnet.is

Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með steinullareiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og illtendranleg. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

Ráðgjöf til viðskiptavina
Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.


Fjós

Fjarhús

Hesthús

LímtréVirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Lynghálsi 2 - 110 Reykjavík
Netfang - sala@limtrevirnet.is

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Sækjum frítt á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðvesturlandi, austur í Eyjafjörð.

Greiðum verulega hækkað verð á meðan pláss leyfir.

- **Afhending í febrúar 20.000,- án vsk.**
- **Afhending í mars 26.000,- án vsk.**
- **Afhending í apríl og maí* 34.000,- án vsk.**

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma **581 4138.**

Geymið auglýsinguna!

***Seinasti mögulegi móttökudagur er sunnudagurinn 20. maí.**
Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í *WorldFeng*.

jurop FORDENONE



6,500 lítra
9,500 lítra
11,000 lítra
13,500 lítra

HAUGSUGUDÆLUR

Er haugsugudælan í lagi?
Eigum til og getum útvegað varahluti í flestar gerðir haugsugudæla

Eigum einnig til gott úrval af haugsuguhlutum

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS

Baunir og baunabelgir.

Baunir hristar í skjóðu

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Það sem í daglegu máli kallast baunir, eða matbaunir, eru baunabelgir og ertur sem aftur eru fræbelgir og fræ nokkurra plantna af ertublómaætt. Um slitrótt eða ruglingslegt tal er sagt að það sé eins og að hrista baunir í skjóðu. Baunir eru ávextir í skilningi grasafræðinnar.

Ætluð heimsframleiðsla af þurrkuðum matbaunum er rúmlega 23 milljón tonn og hefur það magn verið fremur stöðugt undanfarin ár. Mjanmar, sem áður hét Burma, framleiðir allra þjóða mest af baunum, eða um 3,8 milljón tonn af þurrkuðum baunum. Indland fylgir þar fast á eftir með framleiðslu upp á rúm 3,6 milljón tonn. Í þriðja sæti kemur Brasilía með rúm 2,9 milljón tonn og í fjórða og fimmta sæti eru Kína og Mexíkó með 1,4 og tæp 1,3milljón tonn. Í sjötta til tíunda sæti koma Tansanía, Bandaríkin Norður-Ameríka og Afríkuríkin Kenía, Úganda og Rúanda með framleiðslu frá rúmum 1,1 milljónum tonna niður í 438 þusund tonn.

Erfitt er að henda reiður á út- og innflutningstölur matbauna í heiminum þar sem tölur um kaffi, kakó- og soja- og ýmsar aðrar baunir eru inni í þeim tölum en teljast ekki með í þessari umfjöllun.

Samkvæmt tollskrá skiptast þurrkaðir belgávextir, afhýddir, einnig flysjaðir og klofnir, undir nokkra tollflokka. Hænsnabaunir og belgbaunir. Belgbaunirnar skiptast svo aftur í belgbaunir af tegundinni Vigna mungo eða Vigna radiata. Litlar rauðar, baunir (Phaseolus eða Vigna angularis), nýrnabaunir, þar með taldar hvítar belgbaunir (Phaseolus vulgaris), augnbaunir (Vigna unguiculata), linsubaunir, breiðbaunir (Vicia faba var. major) og hestabaunir (Vicia faba var. equina, Vicia faba var. minor) og dúfnabaunir (Cajanus cajan).

Ætluð heimsframleiðsla af þurrkuðum matbaunum er rúmlega 23 milljón tonn.

Auk frystra grænna bauna og belgaldina sem eru unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki, ediksýru eða frystar og nýjar ertur.

Samkvæm grófri samantekt á upplýsingum á vef Hagstofunnar fluttu Íslendingar inn um 720 tonn af baunum árið 2017 og er þá fremur vantalið en of.

Ertublómaætt

Baunir eru fræ nokkurra tegunda plantna í ólíkum ættkvíslum innan ertublómaættarinnar. Þegar kemur að fjölda plöntutegunda er ertublómaættin sú þriðja stærsta í heimi og skiptist í rúmlega 750 ættkvíslir og um 19.000 tegundir trjáa, runna og klifurjurta sem eru ein- og fjölærra og vaxa nánast um allan heim.

Um 40.000 mismunandi yrki, afbrigði og landsortir af baunum eru í geymslum í fræbönkum víða um heim en einungis fáar þeirra eru ræktaðar í stórum stíl.

Allar eiga það sameiginlegt að lifa í sambýli við jarðvegsgerla sem sjá plöntunum fyrir köfnunarefni og margar þeirra hafa lengi verið í ræktun.

Fræ margra tegunda hafa og eru nýttar til matar og sem dýrafóður, aðrar, eins og lúpína, til landgræðslu og gullregn sem skrauttré í görðum og hvítsmári hefur lengi þótt góður til beitar. Auk þess eru plöntur af ertublómaætt notaðar til litunar á til dæmis indigo-bláu.

Baunir geta verið eitraðar eins og kastróbaunir, Ricinus communis, sem eru ríkar af efni sem kallast ricin.

Baunir

Þar sem baunir til mateldis, eða matbaunir, eru fræ margra tegunda plantna sem tilheyra fjölda ættkvísla í jurtaríkinu finnast þær víða um heim. Flest menningarsamfélög, hvort sem það er í Suður-Ameríku, við Miðjarðarhafið eða í Asíu, eiga sína eigin baun eða baunir sem eru hluti af föstu mataræði þeirra.

Baunir eru auðveldar í ræktun og geymast vel þurrkaðar og því góð trygging fyrir mögru árin.

Baunir eru ávextir í skilningi grasafræðinnar.

Nafnaspeki

Talsverður ruglingur er á nafngiftum bauna á íslensku og á það bæði við um ferskar og þurrkaðar baunir. Á erlendum málum er yfirleitt gerður greinarmunur á belgbaunum, ertum, linsubaunum og ýmsum öðrum gerðum bauna. Á íslensku er venjan að telja þær allar undir einn hatt

og kalla baunir, hverrar tegundar sem þær eru og hvort sem þær eru borðaðar óþroskaðar með belg, þroskaðar og ferskar eða þroskaðar og þurrkaðar.

Enska heitið bean á sér rætur í gamla þýska orðinu bauno eða norrænu baun. Á hollensku er það bone og á prússnesku babo.

Saga baunaræktunar

Fornleifarannsóknir á Taílandi benda til neyslu manna á baunum allt að tíu þúsund árum fyrir upphaf okkar tímatals og rannsóknir í Mexíkó og Perú benda til að baunir hafi verið ræktaðar á þeim slóðum allt að sjö þúsund árum fyrir Krist. Baunir eru því með elstu ræktunarplöntum mannkyns.

Í löndum við botn Miðjarðarhafsins eru vísbendingar um ræktun og neyslu bauna 6.750 árum fyrir Krist og baunir hafa fundist í sex þúsund ára gömlum grafhýsum í Egyptalandi.

Rómverjar notuðu hrossabaunir, V. faba, við kosningar, ef lögð var hvít baun var svarið já en svört baun táknaði nei.

Aristóteles hafði allt á hornum sér þegar kom að baunum og taldi þær af hinu illa. Rök hans voru að baunir væru í laginu eins og eistu og þar sem plantan hefði engin liðamót og væri stöngull hennar bein leið fyrir sálina til helvítis.

Baunir, hvort sem þær tilheyra ættkvíslinni Phaseolus, Vicia, Vigna, Lathyrus eða Pisum, svo nokkrar séu nefndar, eru til í mörgum ólíkum yrkjum og afbrigðum sem eru ólík að stærð, lögun, lit og bragði.

Um 40.000 mismunandi yrki, afbrigði og landsortir af baunum eru í geymslum í fræbönkum víða um heim en einungis fáar þeirra eru ræktaðar í stórum stíl.

Phaseolus vulgaris

Sú baun sem er undirstaða baunaræktunar í heiminum er af ættkvíslinni Phaseolus og kallast tegundin P. vulgaris. Hér þekkjast þær best sem baunabelgir. Þær eru upprunnar í Mið- og Suður-Ameríku en bárust til Evrópu í kjölfara landfundanna í Vesturheimi. Tegundin breiddist hratt út í Gamla heiminum og á sautjándu öld var hún komin í ræktun á Ítalíu, Grikklandi og í Tyrklandi.

Heimsframleiðsla af P. vulgaris er talin vera um 18 milljón tonn af ferskum baunum. Baunin er ræktuð í um 150 löndum og á tæplega 28 milljón hekturum lands.

Í dag eru fimm tegundir af ættkvíslinni Phaseolus í ræktun. Það eru P. vulgaris, P. coccineus, P. lunatus, P. acutifolius var. latifolius og P. polyanthus og eru ólík yrki og afbrigði talin í þúsundum. Baunirnar sem notaðar eru í Heinz bakaðar baunir eru P. vulgaris.

Pisum sativum

Baun sem Íslendingar þekkja best og hafa líklega borðað mest af í gegnum tíðina er af ættkvíslinni Pisum og kallast tegundin P.sativum á latínu en pea á ensku en ært á dönsku og stundum gráerta á íslensku. Þær eru til gular, grænar og ljósbláar. Gráertur eru upprunnar í kringum Miðjarðarhafið og vísbendingar eru um ræktun hennar við ós Nílar um 5000 árum fyrir Krist. Heimildir eru um ræktun þeirra í Afganistan og á Indlandi fyrir um 4000 árum. Sólkonungurinn Loðvík 14. er sagður hafa verið mikill baunabelgur enda hrifinn af gráertum og voru þær iðulega á boðstólum í veislum hans og jukust vinsældir þeirra mikið í valdatíð hans. Gráertur bárust með landnemum frá Evrópu til Norður-Ameríku.

Gráertan er einær klifurplanta og vetrarræktuð á hlýjum svæðum heims þar sem hún þrífst illa við of hátt hitastig. Þeirra er neytt ferskra, niðursoðinna og geymast vel bæði þurrkaðar og frosnar. Á miðöldum voru þær mikið hafðar í súpur.

Munkurinn Gregor Mendel, faðir erfðafræðinnar, notaði gráertur við erfðafræðitilraunir sínar, í matjurtagarði Drottningarklaustursins í Brünn í Tékklandi, skömmu eftir miðja nítjándu öld.

Baunir til matar

Hægt er að borða baunir hráar, nýspíraðar, hitaðar og steiktar. Þær fara vel með chiliréttum, súpum, salati og lanbalæri, steiktum kartöflum og brúnni sósu.

– Framhald á næstu síðu

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS

Baunir eru fitusnauðar og kólesteróllausar. Þær eru trefjaríkar og innihalda í kringum 20% prótein, auk þess sem þær eru ríkar af B-vítamíni og járni.

Í baunum, líkt og í káli, er efni sem veldur mörgum þembu og stundum vandræðalegum loftgangi við óheppileg tækifæri.

Baunir geta einnig verið eitraðar eins og kastróbaunir, Ricinus communis, sem eru ríkar af efni sem kallast ricin, eitt af eitruðustu náttúrulegum efnum sem til eru og banvænt í litlum skömmtum, bæði fyrir menn og dýr.

Stálbaunin í Chicago er 10 metrar í þvermál, 13 metra há og 20 metra löng.

Prinsessan á bauninni

Ævintýrið um Prinsessuna á bauninni er eitt af fyrstu ævintýrum H.C. Andersen, skrifað 1835. Andersen sagði að hann hefði heyrt söguna þegar hann var barn. Ekki er þekkt gömul dönsk útgáfa af ævintýrinu en til er sænsk saga um prinsessu sem lá á baunum og gæti hún verið fyrirmyndin að ævintýrinu.

Ævintýrið segir frá prinsi sem vildi kvænast prinsessu en þótt enginn skortur væri á þeim fann hann eitthvað að þeim öllum og ekki alvöru alvöruprinsessur í hans augum. Óveðurskvöld kom ung stúlka sem sagðist vera prinsessa holdvot til hallarinnar og bað um gistingu. Drottningin ákvað að prófa hana með því að setja baun á botn rúmsins sem henni var ætlað og ofan á hana tuttugu dýnur og þar ofan á tuttugu æðardúnsængur. Morguninn eftir var prinsessan spurð hvernig hún hefði sofið en hún sagði að sér hefði ekki komið blundur á brá þar sem hún hefði legið á einhverju hörðu og væri öll blá og marin. Þá kættist prinsinn mjög, sagði að hún hlyti að vera alvöruprinsessa og giftist henni, en baunin var sett á safn.

Annað skemmtilegt ævintýri þar sem baunir koma við sögu er Jói og baunagrasið.



Í eina tíð voru bauna- eða túttubyssur hluti að þroska og þarfapýramída barna og notuðu börnin byssurnar óspart til að freta á hvert annað, rúður og gangandi vegfarendur.

Baunabelgir í stórmarkaði á Ítalíu.

Danir eru baunar

Ekki er ljóst hvers vegna Íslendingar völdu niðrunarheitin Bauni eða Baunverjar yfir Dani en helst er sú notkun tengd innflutningi á skemmdum baunum til landsins frá Danmörku. Ásgeir Blöndal Magnússon ber saman baun og Bauni í orðsifjabókinni og segir að þessi niðrunarorð ásamt lýsingarorðunum baunskur og baunverskur virðist fyrst hafa komið fram í lok 19. aldar og eru þá algeng í skammargreinum í blöðum.

Baunir í alþýðutrú, Biblíunni og í Chicago

Samkvæmt gömlu læknisráði þótti gott að leggja baun á hönd eða fót fólks til blóðtöku og kallaðist sú baun blóðtökubaun.

Rómverjar töldu að sál forfeðranna ætti bólfestu í hrossabaunum. Baunir voru borðaðar við jarðarfarir og í brúðkaupum og brúðum voru færðar baunir sem gjöf til að auðvelda karlkyns áum brúðgumans leið í kvið hennar við getnað. Þeir töldu einnig að sál forfeðranna ætti bólfestu í hrossabaunum. Til skamms tíma, og kannski enn, var því trúað á Ítalíu að lokka mæti draug að baun og loka hann inni í henni um ókominn tíma.

Baunir eru nefndar í 4. kafla Esekiel í Gamla testamentinu þegar fjallað er um hungursneyð. „Taktu hveiti, bygg, baunir, linsubaunir, hirsi og speldi, láttu það allt í eina skál og gerðu þér brauð úr því. Þú skalt hafa það til matar þrjú hundruð og níutíu dagana sem þú liggur á hliðinni.“

Stálbaunin í Chicago, sem er skúlptúr eftir Bretann Anisk Kapoor, er 10 metrar í þvermál, 13 metra há og 20 metra löng.

Ræktun bauna

Ekkert mælir gegn því að rækta hrossabaunir og gráertur í sólríkum, skjólgóðum og næringarríkum matjurtagörðum á Íslandi. Báðar tegundir eru klifurjurtir sem geta náð tveggja metra hæð og þurfa viðhald til að klifra upp með og talsvert vatn. Þeim skal sáð inni snemma í maí og forræktaðar þar til jarðvegshiti hefur ná 6° á Celsíus.

Þar sem baunir eru niturbindandi þurfa þær ekki köfnunarefnisáburð og eru jarðvegsbætandi og henta mjög vel til skiptiræktunar.

Baunir á Íslandi

Íslendingar virðast hafa kynnst baunum fyrr en flestum öðrum matjurtum. Bauna er getið í Riti þess (konunglega) íslenska Lærdómsfélags 1784 og meðal annars sagt að menn aðgreini þær í garð- og fóðurbaunir og í varningsská sem birtist í Nýju félagsriti frá 1843 segir að tunna af baunum kosti 4 ríkisdali og 32 skildinga.

Saltkjöt og baunir er réttur sem margir í dag borða á sprengidag en var algengur allt árið um kring áður fyrr. Baunirnar í réttinum eru gular hálfbaunir.

Lagstúfurinn „Saltkjöt og baunir, túkall“ er oft sunginn þegar sprengidagurinn nálgast og einnig oft sönglaður til merkis um að einhverju sé lokið. Það mun hafa verið Baldur Georgs sem var upphafsmaður lagstúfsins og er hann að finna á plötu með Baldri og Konna frá 1954. Tvíeykið Jolli og Kóla, Valgeir Guðjónsson og Sigurður Bjóla, syngja um Bíldudals grænar baunir í lagi frá árið 1983

Í eina tíð voru bauna- eða túttubyssur hluti af þarfapýramída og þroska barna og notuðu börnin byssurnar óspart til að freta á hvert annað, rúður og grunlausa gangandi vegfarendur.

Um slitrótt eða ruglingslegt tal er sagt að það sé eins og að hrista baunir í skjóðu og um smámunasamt fólk að það telji baunir. Um eitthvað sem erfitt er að finna hefur verið sagt að það sé eins og að leita að baun í bjarnarrassgati en að eiga ekki baun í bala, vorkenna ekki einhverjum baun eða skilja ekki baun skýrir sig sjálft.

Ekki er hægt að fjalla um baunir á Íslandi án þess að minnast á Ora grænar baunir sem líklega er eitt vinsælasta meðlæti landans. Samkvæmt upplýsingum frá Ora heita baunirnar P. satavium latínu eða gráertur og afbrigði Aragorn. Afbrigðið er upprunnið í Washington-ríki í Norður-Ameríku.

Ora flytur inn rúmlega 160 tonn af þurrum gráertum á ári og mest er salan frá því í október og fram að áramótum. Baunirnar geta verið aðeins mismunandi milli uppskera og þarf að aðlaga suðutíma þeirra með tilliti til þess til að fá rétta útkomu hverju sinni. Við suðu eru baunirnar bleyttar upp áður en þær eru soðnar niður í dós sem síðan er opnuð og gæðin koma í ljós.

Prinsessan á bauninni.

Gráertur, Pisum sativum.

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Meira um losun gróðurhúsalofttegunda úr votlendi

Þann 25. janúar skrifuðu undirritaðir grein í Bændablaðið sem bar heitið „hugleiðingar um losun og bindingu kolefnis í votlendi“. Í greininni ræddum við nokkra óvissuþætti í mati á losunartölum úr íslensku votlendi þar sem okkur þótti samfélagsumræðan einsleit og ganga út frá því að þarna lægi flest ljóst fyrir.

Greininni var ekki beint gegn ákveðnum einstaklingum. Við vildum benda á að þekkingu skorti til að hægt væri að fara út í jafn víðtækar aðgerðir og stefnt er að án þess að meta betur hverju þær gætu skilað í raun og veru.

Við höfum fengið mikil viðbrögð við greininni og flest jákvæð en nokkrir hafa þó brugðist hart við. Við gerðum óvissuþætti á þremur sviðum að umtalsefni í greininni en í stað þess að rökræða þá er reynt að gera höfundana tortryggilega, farið í manninn en ekki boltann. Við stöndum hins vegar við öll meginatriði greinar okkar en fögnum öllum góðum ábendingum. Við tökum það skýrt fram að við erum ekki að tala gegn endurheimt votlendis, einungis að benda á óvissuþætti sem ekki megi horfa fram hjá. Við fengum ýmsar fyrirspurnir í kjölfar greinarinnar og ætlum að gera tvær þeirra að umtalsefni í þessari grein.

Stöðvast losun gróðurhúsalofttegunda við endurheimt votlendis?

Ef lokað er fyrir aðgang súrefnis að jarðveginum verður mjög lítil losun á koltvísýringi vegna rotnunar á uppsöfnuðu lífrænu efni en til að stöðva losunina þarf að hækka grunnvatnsstöðu upp undir yfirborð. Ymsar rannsóknir hafa sýnt að við grunnvatnsstöðu í 40-50 cm dýpt er full losun á koltvísýringi og hún eykst ekki endilega þó svo að grunnvatnsstaða sé lækkuð og getur jafnvel minnkað.

Þetta þýðir að ef grunnvatnsstaðan er ofan 40 cm en nær ekki yfirborði jarðvegsins getur orðið töluverð losun á koltvísýringi. Hið sama á við um hláturgas ef grunnvatnsstaða er há en ekki við yfirborð. Þá geta skapast skilyrði fyrir myndun þess en hláturgas er mjög áhrifamikil gróðurhúsalofttegund.

Dr. Þorsteinn Guðmundsson.

Dr. Guðni Þorvaldsson.

Til að tryggja að endurheimt votlendis dragi verulega úr losun á koltvísýringi og hláturgasi þarf því sem næst að sökkva landinu. Losun á metani eykst hins vegar þegar landi er sökkt. Það er ekki alls staðar auðvelt að breyta þurrkuðu landi til fyrra horfs.

Til að tryggja að endurheimt votlendis dragi verulega úr losun á koltvísýringi og hláturgasi þarf því sem næst að sökkva landinu. Losun á metani eykst hins vegar þegar landi er sökkt. Það er ekki alls staðar auðvelt að breyta þurrkuðu landi til fyrra horfs.

Víða hefur framræsla, byggingar, vegir og önnur mannvirki breytt vatnasviði landsvæða og skorið á vatnsrennsli úr brekkum eða hlíðum sem áður rann óhindrað á land sem lægra liggur. Við þessar aðstæður er ekki gefið að lokun skurða leiði til þess að grunnvatn hækki nægilega til að endurheimt hallamýra eða flóa takist.

Það þarf því að huga vel að aðstæðum og skipuleggja áður en ráðist er í framkvæmdir, rétt eins og á við um alla landnýtingu.

Til að endurheimt dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda þarf að vera það mikið af lífrænu efni í jarðveginum að það sé vel umfram það sem jarðvegurinn hefur eiginleika til að binda í sér. Móajarðvegur inniheldur oft 10-15% kolefni í efstu lögunum. Það má því vel ímynda sér að framræst votlendi nái smám saman jafnvægi í efstu lögum jarðvegsins þegar kolefni er komið niður í það sem gerist í móajarðvegi. Í neðri lögum getur þó enn verið mór og það er spurning hvort hægt sé að koma í veg fyrir að hann rotni.

Skurðir hafa víða verið grafnir í landi með lágt innihald kolefnis og þar er tilgangslítið að moka ofan í skurði. Það fer því eftir aðstæðum og framkvæmd verksins hversu mikill ávinningur verður af endurheimt.

Er hægt að minnka losun úr mýrarjarðvegi án þess að bleyta landið upp?

Erlendis er víða verið að leita leiða til að minnka losun úr þurrkuðum mýrarjarðvegi án þess að bleyta landið upp. Þar eru menn að skoða mismunandi ræktunartækni, nytjajurtir og meðferð á landinu. Það er mikilvægt að landið sé þakið gróðri allan ársins hring. Þannig tapast minna af næringarefnum og losun gróðurhúsalofttegunda verður minni.

Við byggjum okkar fóðurframleiðslu að stórum hluta á grasrækt og því er lítill hluti af mýrartúnum ógróinn yfir veturinn. Gras hefur langan vaxtartíma og eiginleika til að binda mikið kolefni bæði ofan- og neðanjarðar. Þetta eykur bæði bindingu og losun á koltvísýringi sem að hluta er vegna öndunar róta, rótarstöngla og örvera sem lifa kringum rætur.

Það einkennir frjósaman jarðveg að hann losar mikið af kolefni og næringarefnum en stuðlar jafnframt að mikilli bindingu séu afkastamiklar plöntur ræktaðar. Til að vinna á móti losun er því mikilvægt að velja plöntur sem binda mikið kolefni á móti því sem losnar. Uppskerumikil grös eru dæmi um slíkar tegundir og einnig hefur verið bent á skógrækt í þessu samhengi.

Víða eru framræstar mýrar mikilvæg beitilönd. Við framræslu breytist gróðurfar, uppskera úthagagróðurs eykst og öll umferð um landið verður einfaldari og hættuminni.

Áður en farið er í að endurheimta votlendi á góðu beitilandi er rétt að hugsa til framtíðar því þetta land gæti orðið mikilvægt ræktunarland ef loftslag heldur áfram að hlýna. Þá gæti matvælaframleiðsla á norðurslóðum orði mikilvægari en nú er.

Ef land er á annað borð framræst er mikilvægt að framræslan sé góð þannig að landið þorni vel. Hálfblaut tún draga úr sprettu og þar með bindingu kolefnis og geta einnig skapað skilyrði fyrir losun gróðurhúsalofttegunda. Við nefndum í síðustu grein að menn væru erlendis að prófa sig áfram með að hafa breytilega grunnvatnsstöðu, að hækka hana þegar ekki er verið að nota landið. Ef það er gert þá verður að hækka vatnsstöðuna upp undir yfirborð til að fullur árangur verði. Þannig að annað hvort er að hafa landið vel framræst eða bleyta það vel.

Lokaorð

Mýrar eru afar mikilvægt vistkerfi en eftir þurrkun oft besta ræktunarlandið og mikilvægt beitiland. Endurheimt votlendis til að viðhalda og byggja upp þessi vistkerfi er góð og gild sem slík. Einnig getur endurheimt votlendis dregið verulega úr losun á koltvísýringi þar sem losunin er mikil en það er ekki allsstaðar þannig eins og við höfum bent á.

Við þurfum að afla frekari þekkingar um þetta viðfangsefni áður en lagt er út í viðamiklar aðgerðir. Á það hefur verið bent að þekking okkar á áhrifum landgræðslu og skógræktar á bindingu kolefnis sé komin lengra en það sem að votlendi snýr. Þá er spurning hvort ekki sé eðlilegra að leggja meiri áherslu á þessa þætti á meðan verið er að afla frekari þekkingar á votlendinu.

Í landgræðslustarfinu væri æskilegt að nota belgjurtir í ríkari mæli en gert hefur verið til að auka afköstin við bindinguna en íslenskur þurrlendisjarðvegur hefur eiginleika til að binda mjög mikið kolefni einkum þegar nitur er ekki takmarkandi.

***Dr. Guðni Þorvaldsson**,*
prófessor í jarðrækt við LbhÍ.

Dr. Þorsteinn Guðmundsson
prófessor í jarðvegsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Gerðu þér mat úr Facebook

Erindi

The REKO story, an easy way to reach consumers directly
Thomas Snellman, bóndi og frumkvöðull

Reynsla af matarmarkaði á Facebook hérlendis
Brynja Laxdal, verkefnastjóri Matarauðs Íslands

Gerðu þér mat úr Facebook
Arnar Gísli Hinriksson, sérfræðingur í árangursmarkaðssetningu

Opin ráðstefna og vinnustofa um milliliðalaus viðskipti með matvörur

Finnski bóndinn og frumkvöðullinn **Thomas Snellman** heldur erindi í Hörpu á vegum Matarauðs Íslands og Bændasamtakanna.

Björtuloft, efsta hæð í Hörpu
sunnudaginn 4. mars
kl. 14:00-16:30

Skráning fer fram á bondi.is
Aðgangur er ókeypis.

Vinnustofa
Þín skoðun skiptir máli

Eftir erindin verður vinnustofa þar sem ráðstefnugestum gefst kostur á að leggja sitt af mörkum til þess að auðvelda viðskipti með matvörur á milli framleiðenda, veitingamanna og neytenda.

Thomas Snellman er brautryðjandi í Finnlandi í sölu svæðisbundinna matvara í gegnum svokallaða **REKO-hringi** sem eru vel skipulagðir Facebook-hópar víðs vegar um Finnland.

Finnskir bændur og smáframleiðendur hafa náð undraverðum árangri í sölu með þessum hætti.

Thomas Snellman hlaut Embluverðlaunin í fyrra fyrir viðskiptahugmynd sína.

Matarauður Íslands
BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
Samstarfsaðilar: Neytendasamtökin BÚRÍÐ BEINT FRÁ BÝLI

LESENDABÁS

Verkalýðsbaráttan í samtímanum:

Verkafólk á Íslandi stendur á tímamótum

Í miðju góðærinu erum við enn á ný í þeirri stöðu að upplifa sterkt að við höfum einn tilgang í íslensku samfélagi; að vera ódýrt vinnuafl sem er látið knýja áfram hagvaxtarvélina. Við erum auðvitað ekki óvön því að vera nýtt á slíkan hátt.

Við vorum skilin eftir í síðasta góðæri, og vorum svo látin bera hinar þungu og erfiðu byrðar kreppu auðstéttarinnar, þar sem við tókumst á við niðurskurð og aðhaldsaðgerðir á vinnustöðum okkar á meðan persónulegu lífi okkar var komið í efnahagslegt uppnám með tilheyrandi fjárhagslegum og tilfinningalegum kostnaði. En eftir að hafa enn og aftur verið skilin eftir, nú í nýjustu uppsveiflunni, höfum við komist að þeirri niðurstöðu að ekki verði lengur unað við ástandið.

Erindi okkar er brýnt; þrátt fyrir að svo skammt sé liðið frá því að hinn alþjóðlegi fjármálaheimur, algjörlega aftengdur öllum möguleikum á nokkurri lýðræðislegri stjórn, leiddi yfir almenning eina af kreppum kapítalismans og afhjúpaði með því fáránleika þessa hættulega og meingallaða kerfis er staðreyndin sú að á Íslandi ræður hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar enn ríkjum. Hugmyndafræði sem hefur á endanum þau einu markmið að tryggja að auður samfélagsins safnist á æ færri hendur, að einkaveðing á sameiginlegum eignum okkar sem landið byggjum haldi áfram og að efnahagslegar ákvarðanir sem varða gerð og samsetningu þjóðfélagsins séu ávallt teknar með hagsmuni fámenns efnahagslegs forréttindahóps í huga.

Kaldlyndi og skeytingarleysi hinna auðugu kemur sífellt betur í ljós og á Íslandi er ástandið í húsnæðismálum skýrasta dæmið um félagslegan eyðileggingarmátt óheftrar auðsöfnunar.

Í stað þess að litið sé á húsnæði sem grundvallarmannréttindi hefur fjármagnseigendum verið leyft, án nokkurrar pólitískrar viðspyrnu, að sölsa undir sig híbýli almennings og selja svo eða leigja að þeim aðgang á uppsprengdu verði svo að stór hluti ráðstöfunartekna láglaunafólks fer í það eitt að tryggja sér þak yfir höfuðið. Þegar við lítum á húsnæðismarkaðinn, þar sem leikurinn Framboð og Eftirspurn er nú spilaður við gleðihróp hinna vel settu og örvæntingarstunur þeirra lágt settu, hlýtur öllum að vera ljóst að tími nýrra áherslna í baráttunni fyrir lífskjörum vinnuaflsins er runninn upp.

Sólveig Anna Jónsdóttir er hér fyrir miðju og fremst í flokki þeirra sem gefa kost á sér til forystu í verkalýðsfélaginu Eflingu gegn frambjóðendum núverandi stjórnar. Mynd / Geirix

Á íslenskum vinnumarkaði tíðkast grimmilegt arðrán á öllu verkafólki. Sérstök ástæða er þó til að berjast fyrir hagsmunum láglaunakvenna en baráttan fyrir kjörum þeirra er auðvitað barátta fyrir bættum kjörum alls fólks í láglaunastörfum. Aðstæður láglaunakvenna eru algjörlega óboðlegar. Sem dæmi má nefna að ófaglærður starfsmaður á leikskóla fær í heildarlaun fyrir fullt starf að meðaltali 354.000 krónur á mánuði og starfsmenn sem vinna við ræstingar fá aðeins 328.000 krónur. Eftir að launagjöld og skattar hafa verið greidd duga því launin ekki fyrir því að komast af. Því miður hefur kvenréttindabarátta síðustu ára litið fram hjá þætti efnahagslegrar afkomu í kúgun kvenna og því kemur ekkert annað til greina en að há þá baráttu á vettvangi hinnar almennu verkalýðsbaráttu.

Einnig verður að leggja mikla áherslu á baráttuna fyrir bættum kjörum aðflutts verkafólks sem er í sérlega viðkvæmri stöðu þegar kemur að því að fóta sig í íslensku arðráni en aðstæður á húsnæðismarkaði koma einstaklega illa við þennan hóp, þar sem honum er gert að sætta sig við að búa í ömurlegum vistarverum og nýtur einskis öryggis í samskiptum sínum við leigusala.

Ég lít svo á að rödd okkar, verkafólks og láglaunafólks, íslensks og erlends, kvenna og karla, verði einfaldlega að heyrast. Ef við viljum búa í samfélagi þar sem allt fólk nýtur virðingar, ef við trúum ennþá á drauminn um réttlæti, jöfnuð og frelsi, ef við horfumst í augu við að óheft auðsöfnun fárra á kostnað okkar grefur undan öllu því sem hér var byggt upp; velferðarkerfinu, menntakerfinu og heilbrigðiskerfinu, verður augljóst að upprisa róttæks vinnuafls er ekki aðeins barátta fyrir hærri launum eða betri aðstæðum á vinnustöðum, heldur barátta um grundvallargerð samfélagsins.

Barátta um hvernig tilveru fólki er boðið upp á; um það hvort við sættum okkur við aukna stéttskiptingu með öllum þeim meinum sem henni fylgja, hvort við sættum okkur við að fáir auðgist á kostnað fjöldans, hvort við sættum okkur við að völd safnist á hendur þeirra auðugu og hvort við sættum okkur við að verkafólk leggi ávallt sitt í hina sameiginlegu sjóði á meðan auðstéttin breytir ekki aðeins skattkerfinu sér í hag heldur flytur einnig risavaxnar upphæðir í skattaskjól.

- **Við berjumst gegn óréttlæti hins grimmilega stéttskipta samfélags með því að endurvekja róttæka baráttu fyrir mannsæmandi kjörum verkafólks:**
- **Við berjumst gegn láglaunastefnu og fyrir efnahagslegu réttlæti: Að allt fólk geti lifað mannsæmandi lífi af dagvinnulaunum.**
- **Við berjumst fyrir réttlæti í húsnæðismálum: Að allt fólk hafi aðgang að ódýru og tryggu húsnæði. Uppbygging félagslegs húsnæðiskerfis er grundvallaratriði í baráttunni; húsnæðiskerfi sem þjónar fólki, ekki fjármagni.**
- **Við berjumst fyrir hagsmunum aðflutts verkafólk: Það er algjör grundvallarkrafa að stjórn Eflingar endurspegli fjölbreytileika félagsmanna. Hagsmunir íslensks og aðflutts verkafólks eru þeir sömu í íslenskum samtíma.**
- **Við berjumst fyrir lýðræðisvæðingu: Við höfnum því foringjaræði sem ríkt hefur í verkalýðsforystunni og samþjöppun valds á hendur fárra. Við erum sannfærð um að þátttaka félagsmanna er lykilatriði í því að snúa vörn í sókn í baráttunni fyrir góðu lífi á og réttlátu samfélagi á Íslandi.**
- **Við berjumst gegn óráðsíu og gróðabralli lífeyrissjóðanna: Lífeyrissjóði okkar á ekki að nota til að ala á samfélagslegum ójöfnuði. Við krefjumst gagnsæis í ákvarðanatöku og þess að lífeyrissjóðir okkar verði nýttir til þess að byggja upp réttlátt samfélag.**

Verkafólk stendur á tímamótum; ætlum við áfram að sætta okkur við stöðu okkar í arðráninu eða ætlum við að berjast fyrir eigin hagsmunum og með því hagsmunum alls samfélagsins?

Ég hvet alla til að ganga til liðs við baráttu okkar, saman getum við gert Ísland að landi þar sem allt fólk lifir góðu og öruggu lífi.

Sólveig Anna Jónsdóttir.

Borgarbóndi

Ég fæddist í borg og eitt það besta við borgir er að þar er fólkið nær óþrjótandi auðlind. En borgir njóta alltaf einhverra auðlinda annars staðar frá. Þær eru framleiddar í sveitum og flestar þeirra sveita eru í útlöndum. Samfélagið okkar er vissulega háð flutningi á alls kyns efniviði annars staðar frá. Fyrir vikið er það sterkt og dýnamískt en líka viðkvæmt.

Afi og amma voru bændur, en tenging við gæði landsins voru orðin algjörlega rofin hjá mér. Núna er ég formaður Seljagarðs, sem er samfélagslega rekið borgarbýli í Breiðholti. Tilgangur þess er að hægt sé að rækta matinn sinn nálægt heimili sínu og vinna í sameiningu að betri lífsgæðum. Líkt og við gerðum með því að reisa í sameiningu gróðurhús. Við hvetjum hvert annað áfram og nýir félagar Seljagarðs, sem hafa ef til vill litla reynslu, geta leitað þekkingar til okkar samfélags.

Grænmetisskammtur frá liðnu sumri, m.a. rauðrófur, næpur, grænkál, salat, steinselja, timían, oreganó og skrautsúrur. Mynd/siau

Áður en ég varð borgarbóndi var ég orðinn vel meðvitaður um það hversu óskynsamlega er farið með auðlindir jarðar og var því jafnóðum að afla mér grunnþekkingar á því hvernig vistkerfi jarðar virka. Mig vantaði líka náttúrutenginguna, hafði mikla þörf fyrir að breyta til góðs og byrjaði því að sá fyrir grænmeti. Þörfin fyrir tengingu við náttúruna og löngun til að rækta leiddi mig í nám í vistrækt (e. Permaculture). Þar lærði ég umhverfisvæna hönnun. Persónulega tengdi ég námið við mitt líf og þarfir fyrir mat, þörf á útiveru, þörf til að skapa, þörf að gera eitthvað sem skiptir máli. Aðeins með því að framkvæma læri ég að skilja hvernig ég er hluti af náttúrulegum ferlum. Ég er ekki einangrað tilvik og annað fólk hefur líkar þarfir, þó ekki allir séu að sá fræjum.

Úr umfjöllun Bændablaðsins liðins sumars. Bogarbóndi með uppskeru. Mynd / ghp

Í vor mun ég starfa sem borgarbóndi fyrir dótturfélag Seljagarðs, félagslandbúnaðinn Hjartastaði. Félagið mun rækta fjölbreytt grænmeti samkvæmt þörfum félagsmanna. Félagar geta tekið þátt í að rækta og læra um leið, uppskeran er svo miklu verðmætari þegar við búum hana til saman. Grænmetið er ferskt tekið upp af félögum, þarf ekki flutning heimshorna á milli, svo það er án mengandi umbúða og kolefnisfótsporið er göngutúrinn heim. Afar og ömmur jafnt sem börn geta tekið þátt og byrjað að skilja vistkerfið betur; hvernig ánamaðkarnir hjálpa okkur og af hverju við þurfum að verja og þekja jörðina, ef við viljum þiggja gjafir jarðar.

Fjölbreytt yrki kartaflna sem ræktuð eru af félaginu Hjartastöðum. Mynd/siau

Allir eru velkomnir sem félagsmenn í Hjartastöðum, hvort sem þeir hafa möguleika til að leggja vinnu í ræktunina eða ekki. Verkleg fræðsla gefur félögunum reynslu og kjark, en náttúruupplifun gegnum námskeið í myndlist og ljóðum gerir Hjartastaði áhrifaríkari í því að rækta upp græn hjörtu. Með því að vera hluti af félagslandbúnaði tekur almenningur þátt í að skapa umhverfisvænna samfélag og valda þeim breytingum sem tími er kominn á. Við erum að sá fræjum í fyrsta skipti núna.

Sigurður Unuson
borgarbóndi og formaður
Seljagarðs borgarbýlis
Seljagardur109@gmail.com

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Lífið er vatn og vatn fyrir alla

Ísland var fyrr á tíð eðlilega skilgreint sem túndra, ekki það að það hafi verið á túndrubeltinu heldur einfaldlega vegna ástandsins á landinu. Það var og er enn skilgreint hnattrænt á barrskógarbeltinu og verður líklega í laufskógabeltinu ef fram fer sem horfir.

Landnemar gengu á landsins gersemar. Aðstæður breyttust og hefur það haft áhrif á þjóðina og aukið á harða lífsbaráttu. Ágangur mannsins í tímans rás gekk mjög á landsins gæði.

Upp úr þarsíðustu aldamótum,1900, var landið orðið gróðursnautt og auðnir sanda og hásléttna voru einkenni Íslands, ásamt jöklum. Átak var hafið til að binda þessi auðu svæði þrautseigum gróðri svo landið fyki ekki út á haf.

Nokkru síðar hófst yfirgripsmikil aðgerð um land allt við að ræsa fram votlendi með það fyrir augum að stækka ræktarland og haga (beitiland). Meiri framleiðni gróðurs, sem nýtist í fóður, er á framræstu landi en í mýrum.

Aðferðir til að hefta sandfok

Í áranna rás hefur gengið vel að finna aðferðir til að hefta sandfok og binda land en verkefnin eru enn stór. Ein aðferð er að nýta hávaxnari gróður en grös til bindingar og eru ýmsar tegundir hentugar, t.d. tré.

Gróður þarf vatn til uppbyggingar. Þar sem tóra nægjusamar og þrautseigar plöntur er væntanlega vottur af vatni. Regnvatn drýpur ekki eins hratt í gegnum jarðveginn þar sem plöntur nýta sér það og því má segja að vatnið staldri lengur við. (Líkt og með peningahagkerfið, því meira sem peningar nýtast í heimabyggð, því blómlegri er byggðin.)

Að nota skógrækt til landbóta bindur ekki bara jarðveg heldur býr skógurinn til skjól fyrir landsvæðið í kring. Þetta felur í sér ótalmarga kosti. Tré, eins og annar gróður, nýta fyrst og fremst vatn og loft til uppbyggingar. Því umfangsmeiri og stærri sem plantan sækist eftir að vera, því meira vatn þarf hún til að binda kolefni úr loftinu.

Þar sem mörg tré koma saman er mikið vatn á ferðinni. Á sumrin nýtist vatnið uppvexti trjáa og dýra. Að vetri safnast snjór fyrir í skóginum og bráðnar svo hægt fram eftir vori. Þannig nýtist vætan lífríkinu betur en ef snjórinn bráðnaði allur hratt í fyrstu vorhlýindunum eins og gjarnan gerist á gróðursnauðu landi.

Stærstu tré hátt til fjalla

Stærstu tré jarðar (m.a. mammúttré (Sequoia)) er að finna hátt uppi í fjöllum þar sem mikill raki er í loftinu, eins konar háfjallaregnskógur.

Regn er ferskvatn; flyst í formi skýja frá heitu lofti úr sjónum í suðri og ummyndast í dögg eða úrkomu þegar kólnar eða þegar norðar dregur. Mikilvægt er að ferskvatn staldri sem lengst við á landi frekar en að renna hindranalaust í sjóinn. Selta sjávarins er grundvöllur að jafnvægi loftslags í hnattrænum skilningi.

Ef gróðurs nyti ekki við myndi regnvatnið skolast eftir fjallshlíðunum, á hraðri leið sinni til sjávar en síður ofan í grunnvatnið.

Allt gróið land hægir á streymi ferskvatns til sjávar en votlendi stöðvar það tíma-bundið. Vatn er í grunninn samsett úr vetni og súrefni. Þegar vatn staðnar súrnar jarðvegur. Í votlendi vex lágvaxinn og sérhæfður gróður. Ef hraðað er á rennsli vatns um votlendi (landið ræst fram) þornar landið smám saman og aðstæður fyrir annan gróður batna, þar á meðal gjöful grös og tré.

Að nota skógrækt til landbóta bindur ekki bara jarðveg heldur býr skógurinn til skjól fyrir landsvæðið í kring.

Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda.

Fé í vetrarskógi að Víðivöllum ytri.

Gróið land besta nýtingin

Land, sem er gróðri klætt, er besta nýting lands fyrir líf. Því meiri gróður, því meira annað líf. Líf, eins og við þekkjum það, byggist á vatni. Ef Ísland væri klætt gróðri frá fjöru til fjalla tæki vatnið lengri tíma að ferðast til sjávar en nú er.

Ef Ísland væri gróðri klætt væri minna um votlendi og enn minna um súrar mýrar. Með hávaxnari gróðri hægist enn frekar á hraða vatnsins til sjávar.

Ávinningurinn er endalaus: Jafnara ferli vatns frá fjöllum til fjara eykur gróður, bindir kolefni, bætir beitarskilyrði, jafnar rennsli í ám þrátt fyrir vatnsaukningu og það vatn sem loks rennur til sjávar er hlaðið náttúrlegum næringarefnum fyrir lífríki sjávar. Mýrar væru áfram til, en óþarfi væri að ræsa þær fram því gnægð væri af öðru gjöfulla landi.

En Ísland er ekki klætt gróðri

Hér hefur nokkuð verið alhæft og hlutir einfaldaðir í því skyni að benda á skynsamlegar áherslur í landgræðslu og skógrækt. Nauðsynlegt er að líta á votlendismálin frá víðu sjónarhorni. Ekki má gleyma skógrækt í því samhengi. Skógrækt er vænlegur valkostur á framræstu landi og þar sem ekki hentar eða vilji er fyrir að fylla í skurði og bleyta í landi á ný. Til lengri tíma er skógrækt ódýr og arðvænleg leið til að ná fram bindingu í framræstu landi. Beita þarf af skynsemi þeim aðferðum sem tiltækar eru, hvort sem það er endurheimt votlendis, landgræðsla eða skógrækt.

30.janúar 2018
***Hlynur Gauti Sigurðsson**,*
framkvæmdastjóri
Landssamtaka skógareigenda.

STRÚKTÚR
Yleiningar - Límtré - Stálgrindarhús

Við finnum lausn sem hentar Þér!
| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Mosfellsbæ | sími: 588 6640 |

UTAN ÚR HEIMI

Nýlegt dæmi sýnir að órangútanapi sem var krufinn hafði í sér 130 skot úr hríðskotabyssu.

Órangútanapar og páskaegg:

Eitt hundrað þúsund órangútanapar drepnir á 16 árum

Talning á órangútanöpum á eyjunni Borneó, sem er þriðja stærsta eyja í heimi, sýnir að ríflega eitt hundrað þúsund órangútan hafa verði drepnar þar á síðustu sextán árum.

Talsmenn náttúruverndarsamtaka sem láta sig velferð órangútanapa varða segja að ein helsta ástæða þess að aparnir sér drepnir sé vegna eyðingu búsvæða þeirra vegna skógareyðingar, ræktunar á olíupálma til framleiðslu á pálmaolíu, námuvinnslu og skógarhöggs til pappírsvinnslu.

Auk þess sem órangútanapar eru eltir uppi og skotnir á færi. Nýlegt dæmi sýnir að órangútanapi sem var krufinn hafði í sér 130 skot úr hríðskotabyssu. Þegar skógar eru felldir er kjörlendi fjölda annarra dýra einnig eytt.

Ein ástæða þess að aparnir eru miskunnarlaust drepnir sjáist til þeirra er vegna þess að þeir eru sagðir spilla pálmaolíuuppskerunni með því að éta aldin pálmaolíutrjánna sem pálmaolía er unnin úr.

Pálmaolía er gríðarlega mikið notuð, meðal annars við matvælaframleiðslu, til dæmis við framleiðslu á súkkulaði sem er vert að hafa í huga nú þegar tími páskaeggjanna er að ganga í garð. */VH*

Ekkert mælir gegn því að fóðra nautgripi með þurrkuðum skordýrum í formi fóðurbætis.

Fóður fyrir búfé:

Skordýr og þari sem fóðurbætir

Samkvæmt yfirlýsingu frá Alþjóðasjóði villtra dýra, WWF, verður að finna nýjan valkost við fóðrun búfjár til að draga úr skógareyðingu og eyðingu náttúrulegra svæða í heiminum.

Meðal hugmynda sem hafa komið fram er að fóðra skuli jórturdýr, sérstaklega nautgripi, á þara og skordýrum. Samkvæmt því sem kom fram á ráðstefnunni Extinction and Livestock, sem haldin var í október á síðasta ári, mælir ekkert gegn því að ala búfé að hluta til á skordýrum og þara.

Ræktun á fóðri, soja og maís og framleiðsla á fiskimjöli til framleiðslu á fóðri er gríðarlega landfrek og krefst mikils fiskjar.

Samkvæmt rökum WWF er mun ódýrara að fóðra búfé á skordýrum og þara en því fóðri sem notað er í dag og auk þess einnig mun umhverfisvænna. Tilraunir við notkun á þessu nýja fóðri er þegar hafin og er sögð lofa góðu. Sem ætti ekki að vera neitt nýtt fyrir íslenska sauðfjárbændur sem hafa lagt stund á fjörubeit fjár allt frá landnámi.

/VH

Á FAGLEGUM NÓTUM

China Modern Dairy er með 125 þúsund mjólkurkýr alls og er eitt af allra stærstu mjólkurframleiðendum í heimi. Í forgrunni sést afurðavinnslan, þar fyrir aftan er „mjólkurhúsið“ sem er vissulega í stærra lagi miðað við það sem maður á að venjast. Hvort sínum megin við mjólkurhúsið er mjaltaaðstaðan og í hvorri byggingu eru fjórar hringekjur sem hver tekur 80 kýr. Þar utan við, hvort til sinnar handar, eru svo fjósin sjálf en í hverju þeirra eru 2.500 kýr og eru átta slíkar byggingar á Bengbu. Á bak við mjólkurhúsið er hauggasframleiðsla og raforkuver, en öll bú Modern Dairy eru með eigin raforkuframleiðslu úr eigin hauggasi. Í byggingunum handan við hauggastankana eru svo geldneyti og kálfar ásamt burðaraðstöðu og sjúkrafjósi. Segja má að öll kúabú Modern Dairy séu meira eða minna hönnuð eftir þessu framleiðslukerfi sem lýst er hér að neðan. Mynd / SS

China Modern Dairy – einn stærsti mjólkurframleiðandi í heimi

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Þó svo að mjólkurframleiðsla í Kína sé hreint ekki ný af nálinni þá hafa orðið gríðarlega miklar breytingar á kúabúskap þar í landi undanfarna tvo áratugi. Hagvöxtur í landinu hefur verið umtalsverður og hagur íbúa landsins vænkast og samhliða því hafa neysluvenjur breyst verulega.

Þannig hefur t.d. sala bæði á mjólk og mjólkurvörum aukist jafnt og þétt en enn er neyslan þó alllangt undir neysluviðmiðum stjórnvalda enda hafa kúabú og afurðastöðvar landsins engan veginn getað svarað eftirspurninni.

Vegna mikillar eftirspurnar eftir mjólk og mjólkurvörum hafa skapast tækifæri á kínverska markaðinum fyrir innfluttar mjólkurvörur en samhliða hafa stjórnvöld í landinu ýtt undir uppbyggingu kínverskrar mjólkurframleiðslu, enda er það stefna stjórnvalda að tryggja matvælaöryggi landsins með sem mestri innlenndri framleiðslu.

China Modern Dairy

Vegna þessa stuðnings hafa skapast afar sérstakar aðstæður í Kína og hafa víða í landinu verið sett upp kúabú sem eru nánast landlaus, þ.e. hafa ekki annað land en það sem byggingarnar standa á.

Þessi bú kaupa að allt fóður og selja svo bæði mjólk og mykju og vegna þessa sérstaka rekstrarforms á kúabúi hafa samhliða skapast tækifæri fyrir mjólkurframleiðslufyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem eiga og reka mörg svona landlaus kúabú. Þessi fyrirtæki geta átt frá nokkur þúsund kúm og upp í tugi þúsunda kúa og stærsta fyrirtækið heitir China Modern Dairy og er með 125 þúsund mjólkurkýr alls og er eitt af allra stærstu mjólkurframleiðendum í heimi.

Öll mykja Modern Dairy er nýtt til hauggasframleiðslu áður en hún er seld til gróffóðurbúa í nágrenni kúabúa fyrirtækisins. Mynd / SS

Kornungt fyrirtæki

China Modern Dairy Holdings Ltd., sem í daglegu tali í Kína er kallað Modern Dairy og mætti kalla á íslensku „Nútíma Kúabúskapur“, var stofnað árið 2005 af nokkrum viðskiptajöfrum. Þeir sóttu sér þekkingu á mjólkurframleiðslu bæði til Bandaríkjanna og Mið-Austurlanda og settu upp sitt fyrsta bú með afurðavinnslu á sama stað og var öll hönnun búsins miðuð við að ekki myndu líða nema tvær klukkustundir frá enduðum mjöltum þar til mjólkin væri komin í fernur. Áhugaverð leið til þess að vekja athygli á sínum mjólkurvörum í raun enda var enginn að bjóða upp á sambærilega mjólk á þessum tíma.

26 kúabú

Fyrirtækið byggði svo upp kúabúskap og afurðavinnslu á mismunandi stöðum í landinu á örfáum árum og nú er Modern Dairy með 26 kúabú í rekstri og með mjólkurframleiðslu á 15 búum og með uppeldi á hinum búunum. Þá er fyrirtækið í dag með 125 þúsund mjólkurkýr og framleiðir árlega rétt um 1,2 milljarða lítra af mjólk.

Hvert kúabú Modern Dairy er staðsett á svæði þar sem gróffóðurframleiðsla er nokkuð góð og

Á Bengbu kúabúinu koma daglega 50-100 kálfar í heiminn og er hver þeirra settur í sérstakt einstaklings kálfaskýli. Fjöldi þessara skýla er eðlilega mikill á jafn stóru kúabúi og Bengbu er. Mynd / SS

hafa verið gerðir samningar við bændurna í nágrenni kúabúanna um öflun gróffóðursins. Afgasaðri mykju hvers kúabús fyrirtækisins er svo ekið til viðkomandi bónda sem sér um gróffóðuröflunina og nýtist hún því afar vel. Segja má að öll kúabú Modern Dairy séu nokkuð nálægt hvert öðru og er staðsetning þeirra bæði valin út frá mögulegum kaupum á gróffóðri en einnig með tilliti til markaðssetningar mjólkurafurða. Búin eru því öll nokkuð nálægt Peking og staðsett í 7 mismunandi héruðum í austurhluta Kína. Líklega eru ekki nema um 1.500 km á milli þeirra kúabúa Modern Dairy sem eru lengst frá hvert öðru en rétt er að minna á í þessu sambandi að Kína er um 9,6 milljónir ferkílómetrar að stærð svo heimamönnum þykja t.d. þúsund kílómetrar ekki sérlega mikil vegalengd!

Á hlutabréfamarkaði

Árið 2010 var fyrirtækið sett á almennan hlutabréfamarkað í Hong Kong og varð það þá fyrsta mjólkurframleiðslufyrirtækið í heiminum sem var á markaði. Síðustu árin hefur reksturinn verið í járnum og varð það til þess að fyrir tveimur árum keypti kínverska afurðafélagið Mengniu, sem er næststærsta afurðafyrirtæki Kína og að hluta í eigu afurðafélagsins Arla, meirihlutaeigana hlutafjárins í Modern Dairy. Mengniu er nú að breyta rekstrinum á Modern Dairy frá því að vera með litlar afurðastöðvar reknar á hverju kúabúi yfir í að reka búin sem hefðbundin kúabú.

Mjólk er nú sótt á öll búin daglega og henni ekið yfir í næstu afurðastöð Mengniu. Þetta á þó ekki við um kúabúið Bengbu, en það er langstærsta kúabúið í Kína með 20 þúsund mjólkurkýr, þar sem stærðin gerir það að verkum að það er hagkvæmt að reka afurðastöð á sama blettinum og kúabúið.

Skipulögð eins

Það er afar áhugavert að heimsækja kúabú Modern Dairy enda eru þau öll byggð upp með svipuðum hætti og á svipaðri hugmyndafræði. Búin eru byggð þannig upp að gönguleiðir kúa til og frá mjaltaaðstöðu séu sem stystar og að auðvelt sé að aka vörum til og frá búunum. Skipulag Bengbu kúabúsins er dæmigert fyrir þá uppsetningu á fjósum og annarri aðstöðu sem hér um ræðir og sést þessi hönnun vel á meðfylgjandi mynd.

Ótal flokkar kúa

Þegar fjöldi kúa skiptir þúsundum eða tugum þúsunda á einu og sama kúabúinu liggur beint við að búa til mismunandi framleiðsluhópa og er kúnum á Bengbu kúabúinu bæði skipt upp í hópa eftir afurðastigi en einnig eftir stöðu á mjaltaskeiði. Þannig er einn hópur með kúm frá burði og fyrstu 21 dagana eftir burð, næsti hópur fram að staðfestu fangi og svo er næsti hópur megin framleiðsluhópurinn. Sá hópur heldur sér fram undir geldstöðu en svo eru kýrnar settar í tvo geldstöðuhópa eftir því hve langt er í væntanlegan burð. Innan hvers framleiðsluhóps er kúnum svo skipt upp í tvo flokka eftir daglegri nyt; yfir og undir 30 kílóum á dag.

Smitgát er mikilvæg

Það er alls ekki einfalt að vera með þúsundir af kúm á einu og sama kúabúinu enda í raun kjöraðstæður fyrir bakteríur að halda velli vegna þess hve gripirnir eru margir. Þessi þéttni á gripum getur verið erfið viðureignar og jafnvel þó svo að plássið sem hver gripur fær og hefur aðgengi að sé það sama og á minni búum þá vofir alltaf yfir ákveðin hætta á því að smitsjúkdómar geti komið upp.

Hér má sjá yfir hluta af mjaltaaðstöðunni. Á Bengbu-kúabúinu eru átta hringekjur með plássi fyrir 80 kýr í hverri. Á hverjum tíma er því hægt að mjólka 640 kýr í einu! Mynd / SS

Vegna þessa er smitgát á kúabúum Modern Dairy afar mikil og t.d. fer enginn inn á kúabúið nema með því að skipta um föt og fara í sturtu og skiptir þar engu máli hvort er um starfsfólk að ræða eða þjónustuaðila. Allir fara í föt viðkomandi bús eftir að hafa farið í sturtu. Þá eru allir bílar stótthreinsaðir við komu á búið og strangt eftirlit haft með öllum aðföngum.

Margir fastráðnir dýralæknar

Modern Dairy er með rúmlega 5 þúsund starfsmenn í dag og vinna þeir bæði við kúabúskapinn sjálfan sem og við þá afurðavinnslu sem enn er starfrækt og vegna stærðar kúabúanna eru margir fastráðnir dýralæknar í vinnu og eru nokkrir við störf á hverju búi. Þessi staða gerir það að verkum að afar vel er staðið bæði að burðarhjálp og annarri aðstoð við skepnurnar og eru t.d. sólarhringsvaktir hjá dýralæknum á Bengbu kúabúinu svo viðbragðstími þeirra er afar stuttur ef einhver gripur þarf á læknisþjónustu að halda.

Vegna umfangs rekstursins er Modern Dairy einnig með rannsóknastofur á þeirra vegum sem sjá um ræktun júgurbólgugerla og sjá auk þess um allskonar gæðaeftirlit innan búanna s.s. á mjólkurafurðum. Vegna stærðar landsins og dreifð kúabúa Modern Dairy er ekki hagkvæmt að vera einungis með eina rannsóknastöð og því er fyrirtækið bæði með rannsóknastöð norðan og sunnan við Peking.

Með eigin ráðgjafarþjónustu

Eins og gefur að skilja hafa ótal fyrirtæki sem eru í sölu og þjónustu mikinn áhuga á samstarfi við Modern Dairy enda eftirsóknarvert að geta getið þess við viðskiptavini sína að vera með eitt stærsta mjólkurframleiðslufyrirtæki heims í viðskiptum. Vegna þessarar stöðu, og stærðar Modern Dairy, er fyrirtækið með allmarga sérfræðinga í vinnu og segja má að þeir myndi sameiginlega eigin ráðgjafaþjónustu fyrirtækisins. Þannig er fyrirtækið t.d. með sinn eigin yfirdýralæknir sem sér um stefnumótun varðandi meðhöndlanir og sér um endurmenntun annarra dýralækna fyrirtækisins. Þá er sér fóðurráðgjafadeild sem sér um að gera allar heilfóðuruppskriftir fyrir hvert bú, gera fóðurathuganir og mælingar, innkaup á fóðri o.þ.h. Þá kaupir fyrirtækið ráðgjafarþjónustu á sviði kynbóta og frjósemi og nýtur auk þess ráðgjafar frá Mengniu og Arla varðandi mjólkurgæðamál og júgurheilbrigði.

Ekki frekari stækkun

Eins og áður sagði er Modern Dairy með 15 kúabú þar sem mjólkurframleiðsla fer fram og nemur dagleg framleiðsla fyrirtækisins 3,3 milljónum lítra og þar af framleiðir stærsta búið nærri hálfa milljón lítra. Forsvarsmenn og eigendur fyrirtækisins hafa nú ákveðið að ekki verði um frekari stækkun að ræða í bráð og að á næstu 2–3 árum verði fyrst og fremst horft til aukinnar innri hagræðingar og eflingar þeirra framleiðslutækja sem nú þegar eru til staðar. Er þar sérstaklega horft til aukinna afurða kúnna en meðalnytin er ekki nema rétt rúmlega 9,5 tonn, sem þykir ekki mikið þegar Holstein kýr eru annars vegar sem mjólkaðar eru þrisvar á dag.

Opinn fagráðsfundur 2. mars

Fagráð í sauðfjárrækt stendur fyrir opnum fagráðsfundi föstudaginn 2. mars næstkomandi. Fundurinn verður haldinn í Bændahöllinni við Hagatorg og hefst klukkan 12.30.

Markmið fundarins er að kynna helstu verkefnin sem fagráð hefur hvatt áfram að undanförnu og ræða framþróun málefna sem tengjast sauðfjárræktinni. Kynntar verða rannsóknarniðurstöður, staða verkefna rædd og færðar fréttir af erlendum vettvangi og nýjungum í kynbótum. Til umfjöllunar verður m.a. verkefni er tengjast gæðum lambakjöts, þróun kynbótamats fyrir þunga lamba, hagnýting erfðamengisúrvals í kynbótum, rannsóknir á öndunarfærasjúkdómum og fósturláti í gemlingum svo eitthvað sé nefnt. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Dagskrá

Inngangur
Verkefni fagráðs
Gunnar Þórarinsson, formaður Fagráðs í sauðfjárrækt
Ræktunarmarkmið fyrir íslenska sauðfjárstofninn uppfærð.
Eyþór Einarsson, RML

Gæði lambakjöts
Rannsóknir á gæðum lambakjöts – kynning á niðurstöðum
Guðjón Þorkelsson, MATÍS og Emma Eyþórsdóttir, LBHÍ
Viðhorf neytenda – hvað má betur fara?
Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Icelandic lamb
Sýn sláturleyfishafa á gæði lambakjöts og gæðamati framtíðarinnar
Bára Eyfjörð Heimisdóttir, flytur erindi sem heitir: Sýn sláturleyfishafa á gæði lambakjöts og gæðamati framtíðarinnar.
Þróun kynbótamats fyrir þunga lamba
Kynning á niðurstöðum verkefnis
Elsa Albertsdóttir, BÍ

Kaffihlé

Sheep breeders round table 2017

Helstu niðurstöður frá ráðstefnu breskra sauðfjárbænda
Eyjólfur Ingvi Bjarnason RML, Emma Eyþórsdóttir LBHÍ og Eyþór Einarsson RML.

Nýjar aðferðir í kynbótum
Hagnýting erfðamengisúrvals í kynbótum
Baldur Helgi Benjamínsson, BÍ

Rannsóknir á sauðfjársjúkdómum
Rannsóknir á öndunarfærasjúkdómum og fósturláti í gemlingum
Charlotta Oddsdóttir, LBHÍ
Almennar umræður

Fundi slitið 17.00

Led húsnúmer

Falleg húsnúmer • sérsmíðum númer á öll hús
• Sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp

• Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
• Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer
• Sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp og við setjum það á facebooksíðuna okkar

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010

Ræktunarmarkmið fyrir íslenska sauðfjárstofninn uppfærð

Eyþór Einarsson
ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is

Ræktunarmarkmið fyrir íslenska sauðfjárrækt voru samþykkt af fagráði í apríl árið 2012. Þar með voru skilgreind markmið fyrir hvern eiginleika og stofninn í heild í samræmi við þá stefnu sem fylgt hefur verið um alllangt skeið. Jafnframt voru settar fram „leiðir til að ná settum markmiðum“ og þar undir nefnd nokkur verkefni sem leggja skyldi áherslu á að yrðu unnin.

Fyrir liggur að endurskoða þurfi ræktunarmarkmiðin og þann verkefnalista sem þeim fylgir þar sem sumt á ekki lengur við og annað þarfnast uppfærslu.

Mánadætur.

Almennt um ræktunarmarkmiðin

Í stuttu máli má segja að markmiðið sé að rækta frjósamar ær sem bera að jafnaði ekki færri en einu lambi veturgamlar og tveim lömbum eftir það. Að ærnar séu mjólkurlagnar og mjólki vel tveimur bráðþroska lömbum. Lögð er áhersla á vaxtarhraða og bráðþroska í sumarhögum. Rækta skal þéttholda en bollangt fé, þannig að skrokkarnir séu kjötmiklir og hæfilega feitir og staðið sé vörð um bragðgæðin. Varðandi ullina er aðaláherslan á hvíta ull, gæði og magn. Viðhalda skal öllum helstu sérkennum íslensku sauðkindarinnar (litir, ferhyrnt fé, frjósemiserfðavísar), gæta að nauðsynlegum erfðabreytileika í stofninum og leggja áherslu á heilbrigði og endingu fjárins.

Við höfum náð árangri í auknum og bættum afurðum líkt og glögglega má sjá ef skoðuð er sú þróun sem átt hefur sér stað í afurðum eftir hverja kind samkvæmt niðurstöðum skýrsluhaldsins. Hlutfall vöðva í lambsskrokknum hefur að öllum líkindum aukist mikið á síðustu árum. Holdfylling og þá ekki síst þykkt bakvöðvans hefur aukist umtalsvert og fitan hefur minnkað líkt og niðurstöður EUROP matsins og ómmælinga staðfesta ef skoðuð er þróun frá síðustu aldamótum. Framfarir sem ættu að gera dilkakjöt að hagkvæmari og betri vöru fyrir afurðastöðvar og neytendur. Við getum verið stolt af íslensku sauðkindinni sem þolir vel samanburð við erlend fjárkyn þegar horft er til lambakjötsframleiðslu.

Það eru þó ýmis sóknarfæri í því að gera betur. Til að mynda er á mörgum búum mikil tækifæri fólgin í því að ná fleiri lömbum til nytja og kannski aldrei mikilvægara en nú þegar afurðaverð hefur hrapað að reynt sé að hafa sem mest út úr hverjum framleiðslugrip. Þá er fullt tilefni til að ætla að vaxtarhraða og mjólkurlagni megi bæta mikið, en verið er að rannsaka þá eiginleika og skoða hvernig megi þróa kynbótamat fyrir þunga. Þá hafa nýlegar rannsóknir sýnt að ekkert bendir til þess að við séum komin að endastöð í ræktun fyrir þykkari bakvöðva.

Til að geta fetað áfram veginn í vali fyrir auknum afurðum verður að teljast æskilegt að vera vel á verði gagnvart þáttum sem lúta að endingu, heilbrigði og kjötgæðum í víðum skilningi. Þættir sem hafa áhrif á hagkvæmni framleiðslunnar, ímynd hennar og gæði. Því eru nokkur af þeim áhersluverkefnum sem nefnd eru hér að neðan liður í því að afla gagna og þekkingar svo fylgja megi eftir þeim fögru fyrirheitum sem ræktunarmarkmiðin kveða á um.

Helstu breytingar

Í núverandi ræktunarmarkmiðum er litið svo á að á Íslandi sé eitt fjárkyn og því rætt um forystufé sem undirstofn. Í grein sem birtist í Náttúrufræðingnum árið 2015 ritaðri af Jóni Viðari Jónmundssyni, Lárusi G. Birgissyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Emmu Eyþórsdóttur, Þorvaldi Kristjánssyni og Ólafi R. Dýrmundssyni er lagt til að litið verði á forystufé sem sérstakt fjárkyn. Þessi tillaga var síðar studd af fagráði í sauðfjárrækt og staðfest af Bændasamtökum Íslands. Því er litið svo á í dag að á Íslandi séu tvö fjárkyn. Því þarf að uppfæra núverandi ræktunarmarkmið með hliðsjón af þessari breytingu. Þá er í kaflanum „leiðir til að ná settum markmiðum“ nefndar viðbætur sem þyrfti að gera á skýrsluhaldinu s.s. að endursetja litalykil og birta upplýsingar um vaxtarhraða, sem hvorutveggja hefur verið framkvæmt.

Þar sem fjallað er um skrokk- og kjötgæði í ræktunarmarkmiðunum er tilgreint að „stefnt skal að því að nær allir innlagðir dilkar fari í holdfyllingarflokk R eða betri, þar af 40% í holdfyllingarflokka E og U. Lagt er til að þetta mark fyrir E og U verði hækkað í 60% í ljósi þess að í dag er 35% – 40% dilka sem ná þessu marki.

Áhersluverkefni næstu ára

Hér á eftir eru listuð upp verkefni sem fagráð leggur til að bætt verði við kaflann „Leiðir til að ná settum markmiðum“ og eru þá verkefni sem stefnan er að leggja áherslu á næstu misseri og ár.

- *Setja þarf upp áætlun sem felur í sér vöktun á þáttum sem lúta að kjötgæðum (þ.m.t. þáttum sem tengjast bragðgæðum). Skilgreina þarf hvaða þætti mikilvægast er að horfa á og skilgreina viðmiðunargildi fyrir íslenskt lambakjöt. Skoða þarf hvort ástæða sé til að breyta áherslum varðandi fituflokkun með hliðsjón af niðurstöðum kjötgæðarannsókna.*
- *Endurbæta þarf kynbótamat fyrir skrokkgæði með því að nýta gögn úr líflambadómum og þar með gera kynbótamatið öruggara.*
-
- *Vinna þarf að því að teknir séu upp undirflokkar EUROP kjötmatsflokkunarkerfisins við mat á dilkakjöti svo nákvæmara mat fáist á framleiðsluna.*
-
- *Unnið skal áfram að þróun kynbótamats fyrir fallþunga.*
- *Hvetja þarf til aukinnar skráningar á fullorðinsþunga áa, m.a. til þess að hægt sé að fylgjast með því hvernig sá eiginleiki er að þróast í stofninum.*
- *Skoða þarf hvaða þættir hafa mest áhrif á endingu ánna út frá skráningum á förgunarástæðum og athuga áhrif erfða á þá eiginleika.*
- *Skoða þarf með hvaða hætti er hægt að nýta upplýsingar um burðarvandamál í ræktunarstarfinu.*
- *Kanna þarf möguleika á nýtingu erfðamengisúrvals í sauðfjárrækt og huga að uppbyggingu gagnabanka af DNA sýnum.*
- *Unnið skal að rannsóknum á erfðagallanum bógkreppu. Þróa þarf DNA-próf svo arfgerðargreina megi gripi m.t.t. gallans og vinna þannig að útrýmingu hans.*
- *Stefna ber að þróun DNA-prófs fyrir hinu svo kallaða Lóugeni svo hagnýta megi þennan stórvirka frjósemiserfðavísi í ræktunarstarfinu á sama máta og Þokugenið.*
- *Til að stuðla að bættum ullargæðum, skal reynt að auka úrvalið af hrútum á sæðingastöðvunum sem eru hreinhvítir eða vel hvítir með góða og mikla ull.*

Opinn fagráðsfundur

Þann 2. mars stendur fagráð í sauðfjárrækt og Landsamtök sauðfjárbænda fyrir opnum fagráðsfundi þar sem mörg áhugaverð erindi verða flutt sem tengjast sauðfjárrækt.

Ræktunarmarkmiðin verða tekin þar til umræðu og þar verður því tækifæri fyrir þá sem vilja hafa áhrif á áherslur í ræktunarstarfinu að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Skoða má núgildandi ræktunarmarkmið inn á heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (www.rml.is).

Framkvæmdagleði

Sigurður Guðmundsson
rekstrarráðunautur
hjá RML
sg@rml.is

Mannvirkjagerð er mikil áskorun og til að byggja landbúnaðarbyggingu þurfa margir að koma að með mismunandi þekkingu. Þar má nefna. ráðunauta, hönnuði, verkfræðinga, iðnmeistara í viðkomandi iðngrein og söluaðilar á byggingarefnum og þeim tækjabúnaði sem valinn er.

Til að allt gangi sem best þurfa að vera mikil samskipti á milli aðila og samræming að vera á milli þeirra sem koma að byggingu hússins. Framkvæmdir út í sveitum kallar á flutning bæði á mannafla og byggingarefnum sem nauðsynlegt er að skipuleggja mjög vel til að halda kostnaði í skefjum. Ákvörðun um uppbyggingu jarða er oft ein stærsta ákvörðun sem bændur taka á sinni búskapartíð og felst í henni oft áratuga skuldbindingar.

Framkvæmdir í kjölfar breytinga á reglugerðum og stuðningi

Það hafa verið framkvæmdaár til sveita í kjölfar breyttra krafna um aðbúnað nautgripa samkvæmt reglugerð nr.1065/2014 um velferð nautgripa og fjárfestingarstuðning til bænda samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgripa- og sauðfjárræktar frá 19 febrúar 2016.

Margir bændur hafa undirbúið og hafist handa við framkvæmdir á jörðum sínum í kjölfar þessara samninga. Í mars 2017 var í fyrsta skipti óskað eftir umsóknum til MAST vegna fjárfestingarstuðnings í nautgriparækt.

Samkvæmt upplýsingum frá MAST bárust 178 umsóknir vegna fjárfestingaráforma að upphæð 4,9 milljarða með tækjabúnaði, samkvæmt innsendum kostnaðaráætlunum. Þegar árið 2017 er liðið þá hafði fækkaði, í hópi umsækjanda, þeim aðilum sem hófu framkvæmdir, niður í 99 og í árslok höfðu þeir framkvæmt fyrir 2,2 milljarða á árið 2017.

Miðað við þann kraft sem er í nautgriparæktinni í dag þá er útlit fyrir að framkvæmdagleði verði hjá bændum næstu árin og umfang á áformum bænda umtalsverð. Það lítur því út fyrir að það sé langt síðan að viðlíka fjárfestingaráform hafi verið uppi í íslenskum landbúnaði eins og eru í dag.

Undirbúningur spara tíma og peninga

Nútíma fjósbyggingar eru stórar byggingar með miklum tæknibúnaði. Vegna stærðar húsanna og tæknibúnaðar, þá er um mikla fjárfestingu að ræða sem þarf að undirbúa mjög vel, hafa gott og virkt eftirlit með öllum þáttum framkvæmdarinnar til að tryggja eins og kostur er að áætlanir um fjárfestingu gangi eftir.

Mjög mikilvægt er fyrir framkvæmdaaðila að ná utan um verkefnið sem lagt er af stað með og að undirbúa verkefnið eins og kostur er áður enn lagt er af stað. Ákvörðun um fjárfestingu og síðan framkvæmdir er ferli sem þarf að vanda og gefa sér tíma til að fara í gegnum og þar gildir að í upphafi skal endirinn skoðaður. Uppbyggingar- og fjárfestingarferli er hægt að skipta upp í eftirfarandi þætti:

Forstig
- Mat á núverandi stöðu.
- Áform um uppbyggingu/ framtíðarsýn.
- Rekstrargreining/ fjárfestingargeta.
- Endurmat/ ákvörðun um framhald.

Undirbúningur fjárfestingar
- Frumhönnun.
- Kostnaðarmat.
- Fjármögnun.
- Endurmat/ákvörðun um framhald.
- Teikningar.
- Byggingaleyfi.

Undirbúningur framkvæmda
- Verkáætlun.
- Fjárstreymisáætlun.
- Val á innkaupa aðferðum t.d. beinir samningar/útboð.
- Endurmat/ákvörðun um framhald.
- Samningar um innkaup undirritaðir.
- Skóflustunga.

Framkvæmdastig
- Byggingaframkvæmdir.
- Innkaup.
- Eftirlit með framvindu verkefnis.
- Fjármagnsflæði.
- Lokaúttekt.
- Gripir teknir í nýtt hús.

Framkvæmdir sem fara fram úr áætlunum

Í gegnum tíðina hafa komið upp mörg dæmi þar sem framkvæmdir hafi farið fram úr áætlunum. Eina leiðin sem til er til að komast hjá því að missa tökin á framkvæmdakostnaðinum er að vanda allan undirbúning, ná samningum um eins mikið af verkþáttum sem fyrirhugað er að láta vinna og leggja ekki af stað í framkvæmdir fyrr en búið er að tryggja eins og mögulegt er framkvæmdakostnaðinn.

Aðkoma RML getur sparað umtalsverða fjármuni

RML hefur á að skipa starfsfólki sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á öllum þáttum sem snúa að undirbúningi fjárfestingar, bútækni og byggingaframkvæmdum. Undanfarið hefur RML unnið að því að styrkja starf sitt til að geta sinnt þörf bænda fyrir óháða ráðgjöf á öllum stigum ákvörðunar um fjárfestingu og framkvæmdir. Stór hluti er að greina hvar hægt er að spara peninga í framkvæmdum og greina hvar eru „opnir tékkar“ og hvað þarf að gera til að halda þeim innan áætlana.

LESENDABÁS

Skógrækt – er hún rétta framlag Íslands til loftslagsmála?

Mikið er rætt um loftslagsbreytingar, hver sé sökudólgur og hvað sé hægt að gera. Á Íslandi hefur losun gróðurhúsalofttegunda aukist á síðustu árum því auk mikillar bílanotkunar hafa Íslendingar aukið losun með að aukinni stóriðju. Til að stemma stigu við losuninni – bæta um – þá hefur nær eingöngu verið rætt um að rækta skóg. Framlag Íslands til að stemma stigu við loftslagsbreytingum er að rækta skóg.

Lengi var einungis talað um losun kolefnis sem meginorsakavald hlýnunar jarðar. Nýrri rannsóknir sýna hins vegar að dæmið er miklu flóknara en svo og mun fleiri þættir spila inni sem verður að taka með þegar dæmið er gert upp. Bent er á að, auk gróðurhúsalofttegunda (*e. biogeochemistry*), þurfi að meta eðlisfræðilega þætti (*e. biogeophysics*) sem hafa ekki síður áhrif á loftslag og hitastig jarðar en gróðurhúsalofttegundirnar. Stungið hefur verið uppá stuðli CRV *(e. Climate Regulation Value*) sem tæki betur á heildaráhrifum á loftslag jarðar[1,2] þar sem báðir áðurnefndir þættir hefðu vægi. Eðlisfræðilegu þættirnir eru fyrst og fremst endurkast sólarljóssins (kallast á fræðimáli albedo), og uppgufun/útgufun plantna og þar með vatnsbúskap. Hversu mikið hlutur endurkastar eða tekur upp af sólarljósi hefur gríðarlega áhrif á hitastig hans – svartur kassi hitnar mikið í sól meðan hvítur helst nokkuð kaldur. Sama gildir um dökka skógarþekju barrskóga – skógur tekur mjög mikið upp af sólarorkunni og hitinn helst að landinu en endurkastast ekki. Snjór aftur á móti getur endurkastað nær öllu sólarljósinu – við finnum greinilega fyrir margföldum sólargeislunum á skíðum.

Endurkast sólarljóss frá snjó er 0.8-.0.9 (80-90%) meðan endurkast fyrir barrskóg er 0.08-0.15. Á norðurslóðum, þar sem snjór liggur marga mánuði á ári þá hefur barrskógurinn mikil áhrif á hitabúskap – hann hitar landið verulega. Frá barrskógum á norðurslóðum er hið litla endurkast ljóss og meðfylgjandi hitaupptaka talin hafa ekki minni áhrif en gróðurhúsalofttegundir á hitastig jarðar[9].

Fjölmargar vísindagreinar hafa birst á undanförnum árum þar sem verið er að greina áhrif skóga á loftslag. Þeim ber öllum saman um að nauðsynlegt sé að vernda, viðhalda og auka umfang hitabeltisskóga og skóga á suðlægum breiddargráðum. Á norðurslóðum eigi hins vegar alls

Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

ekki að planta skógi því hann hækki hitastig jarðar.

Fjölmargar rannsóknir sýna nú að það eru mörk hvar skógrækt leiði til kólnunar – norðan við þau mörk leiði skógrækt til hlýnunar. Mörkin hafa verið sett við 40°N breiddar – eða við suður Evrópu[3] og jafnvel enn sunnar í Bandaríkjunum[4]. Þessar niðurstöður hafa leitt til þess að lagt er til að minnka umfang skóga á norðurslóðum[3,5]. Laufskógar hafa mikil áhrif á vatnsbúskap vegna mikillar uppgufunar frá laufþekjunni. Aukinn laufskógarþekja á norðurslóðum er talin auka á hlýnun jarðar vegna áhrifa laufskógarins á vatnsbúskap[5,6,7,8].

Við plöntun trjáa í skógrækt er almennt talið nauðsynlegt að opna landið, að rista ofan af eða plægja þar sem plantað er. Næst á eftir hafinu er meginhluta kolefnis að finna í jarðvegi. Þetta kolefni er m.a. bundið í lífræn efni sem, þegar koma upp í andrúmslofið, fara að brotna niður og gefa frá sér koltvísýring. Allt jarðrask eykur því verulega losun kolefnis. Við útplöntun eru trjáplönturnar litlar og binda lítið kolefni á sama tíma og jarðvegurinn umhverfis þær er að losa kolefni. Skógræktarsvæði eru því í að losa árin eftir útplöntun – í 10–30 ár. Fyrst eftir það fari svæðið að binda kolefni. Síðan taki við tímabil nettó bindingar kolefnis í skóginum, fram að þeim tíma að jafnvægi kemst á, oft eftir 30–80 ár þegar losun verður jöfn bindingu[4]. Þá þurfi að höggva skóginn aftur og nettó binding hefst ekki aftur fyrr en að undangengnu nýju losunartímabili eftir raskið við skógarhöggið. Í dag er, í mun meira mæli, verið að horfa til kolefnisbindingar í öðrum vistkerfum en ræktuðum skógi, vistkerfi sem ekki þarfnast reglulegs rasks til að framkalla bindingu. Graslendi er eitt slíkt vistkerfi. Í graslendi myndar kolefni jarðveg og þar virðist ekkert vera nein mörk á bindingunni – binding í jarðvegi veldur jarðvegsþykknun[10].

Vegna þess sem að ofan greinir verður að endurskoða þær hugmyndir að planta skógi á Íslandi til að vinna á móti hlýnun jarðar – hið sanna er trúlega að hún gerir þvert hið öfuga – að skógrækt á norðurslóðum, þar á meðal Íslandi, leiði til aukinnar hlýnunar jarðar.

1. *Nature Clim.Change, 2:177- (2012)*
2. *Nature Clim.Change, 2:151- (2012)*
3. *Nature 479:384- (2011)*
4. *Geophys. Res. Lett., 44:2493– (2017)*
5. *J.Geophys.Res. Atmos. 121:14.372- (2016)*
6. *Science 320:1444- (2008)*
7. *PNAS 10:1295- (2010)*
8. *Nature Clim.Change, 22:2035- (2012)*
9. *Environ.Res. Letters, 7,045902 (2012)*
10. *Global Change Biology 21:3748 (2015)*

Anna Guðrún Þórhallsdóttir,
Cand. Agric., M.Sc., PhD
Prófessor Landbúnaðarháskóla Íslands

Mál er að vakna og vitja um kýr

Mál er að vakna og vitja um kýr
til vinnu upp að rísa.
Dagur ljómar, dimman flýr
Drottin skulum prísa.

Ingibjörg Jónsdóttir,
Fornusöndum

Í þessari grein mun ég ræða um landbúnað og dreifbýli á Íslandi. Eins og flestir vita á hvort tveggja nokkuð í vök að verjast en hver er staðan í raun og veru?

Kúabúum hefur fækkað jafnt og þétt undanfarna áratugi og eru nú varla fleiri en 600. Garðyrkjubýli hafa þróast á svipaðan hátt. Þau eru margfalt færri nú en þegar garðyrkjan byggðist upp á sínum tíma. Sauðfjárræktin og reyndar öll kjötframleiðsla, nautgripa- svína- og alifuglarækt, er í vanda vegna lélegs afurðaverðs. Enda sífellt meira flutt inn af kjöti og þessum greinum þar með gert ókeift að rétta út kútnum.

Fyrir næst síðustu alþingiskosningar voru málefni dreifbýlis til sjávar eða sveita ekki á dagskrá hjá nokkrum flokki, svo eftir væri tekið. Fyrir nýliðnar kosningar hafði afkomuvandi sauðfjárbænda komist í fréttir, svo flokkarnir rönkuðu aðeins við sér, en betur má ef duga skal.

Hverjir búa í dreifbýli?

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar bjuggu aðeins 6% þjóðarinnar í dreifbýli í byrjun árs 2017. Það er að segja fólk sem býr í sveit eða smáþorpi með færri en 200 íbúa. Sex prósent er lítill hópur, mikill minnihluti sem hlýtur að mega sín ansi lítils. Til samanburðar má nefna að fólk af fyrstu og annarri kynslóð innflytjenda taldi á sama tíma 12% íbúanna í þessu landi. Allir gera sér grein fyrir veikri stöðu innflytjenda, sem þó eru tvöfalt fleiri en við, sveitafólkið.

Í þessu ljósi er ekki skrýtið þó að fáir hafi áhuga eða þekkingu á málefnum hinna dreifðu byggða. **Stefna stjórnvalda** virðist þó eiga að heita sú að viðhalda og efla byggð og tryggja sæmileg lífsskilyrði í dreifbýli. Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017 segir til dæmis:

Markmið um viðhald búsetu og atvinnu í sveitum verði skýrð við endurskoðun stuðningskerfis landbúnaðarins. Gott.

Stjórnvöld hafa markmið og vilja vinna að þeim með búvörulögum, sem voru endurnýjuð árið 2016.

Í fyrstu grein búvörulaganna segir meðal annars:

Tilgangur þessara laga er:

a. að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur,
b. að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu,
c. að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið,
d. að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta,

Allt eru þetta göfugt og nauðsynlegt, til að markið náist, sem er að tryggja eða efla búsetu og atvinnu í sveitum.

Hvernig gengur að ná þessum markmiðum?

Ég tel að liður a. um framfarir og hagkvæmni, hafi að mörgu leyti náð fram að ganga. Hins vegar er framleiðsla búvara ekki í samræmi við þarfir þjóðarinnar, við stöndum ekki í hagkvæmum viðskiptum með búvörur erlendis og kjör þeirra sem landbúnað stunda eru í flestum tilfellum í engu samræmi við kjör annarra stétta, ef frá eru taldir námsmenn og öryrkjar. Ríkisskattstjóri telur til dæmis 161 þús.kr. á mánuði vera eðlilegt reiknað endurgjald fyrir sauðfjárbónda í fullu starfi.

Starfsumhverfi landbúnaðarins

Búvörusamningar skapa mikinn hluta

Sigríður Jónsdóttir.

af starfsgrundvelli hefðbundinna búgreina. Annar grundvöllur, ekki síður mikilvægur, eru **tollasamningar** og fleira er viðkemur innflutningi.

Í vor koma nýir tollasamningar til framkvæmda sem heimila margföldun á innflutningi ótollaðra landbúnaðarafurða, bæði kjöti og mjólkurvörum. Innlend kjötframleiðsla er nú þegar í nógu mikilli kreppu þó að þau ósköp bætist ekki við. Mjólkurframleiðendur standa auk þess í ströngu, nú og á næstunni, við að endurnýja fjósin hjá sér. Það er sannarlega áhyggjuefni fyrir þá grein að fá verðfall og framleiðsluskerðingu ofan í dýrar fjárfestingar.

Stjórnvöld reyna að stuðla að „heilbrigðri samkeppni“ eftir kenningum frjálshyggjunnar, á sama tíma og markmiðum um afkomu, byggð og atvinnu er haldið á lofti. Hér vegast á hagsmunir innlendrar framleiðslu annars vegar og innflutnings hins vegar. Til að annar þátturinn lúti ekki algerlega lægra haldi fyrir hinum, þarf að **meta afleiðingarnar** af ákvörðunum eins og þessum tollasamningum. Mér skilst að stjórnvöld hafi ekki gert það. Afleiðingar hinna nýlegu búvörusamninga voru heldur ekki metnar í aðdraganda þeirra. Í báðum þessum tilfellum er ákveðið að undirrita og lögfesta afdrifaríka samninga og sjá svo bara til hvað gerist. Hvers konar vinnubrögð eru það? Kannski kusu menn að leggja ekki mat á þessa samninga, vegna þess að þeir vildu ekki opinbera hver áhrif þeirra yrðu.

Hverjar verða svo afleiðingar þessara samninga, ef þeir fá að halda gildi?

Núgildandi búvörusamningar til tíu ára, ásamt nýju tollasamningunum, eru ekkert annað en tímasett áætlun um að leggja niður landbúnað á Íslandi.

Hvort sem menn gera sér grein fyrir því eða ekki.

Stóraukinn innflutningur á búvörum og afnám greiðslumarkskerfanna bæði í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt, munu í sameiningu hafa þær afleiðingar að rekstrargrundvöllur búvöruframleiðslu á Íslandi brestur.

Milljónirnar sem komu til að styðja sauðfjárbændur eftir verðfallið í haust, eru aðeins plástur á sár. Orsakirnar fyrir lágu verði og vanda sauðfjárbænda eru eftir sem áður allar enn fyrir hendi.

Ef stjórnvöldum og forystumönnum bænda er einhver alvara með að viðhalda búsetu og atvinnu í sveitum, verður að horfast í augu við það hver þróunin hefur verið, hver staðan er núna og hvaða áhrif og afleiðingar það mun hafa að halda áfram á þeirri braut sem nú hefur verið mörkuð.

Stefnan í samfélaginu virðist vera sú að fjármunir til landbúnaðar skuli halda áfram að minnka. Og að samkeppni frá útlöndum eigi að aukast. Þetta hefur verið raunin í nokkra áratugi og landbúnaðurinn hefur hagrætt og dregist saman til jafnvægis við sífellt þrengri stöðu. Á sama tíma er öllum ljóst að ef dreifbýli á að haldast í byggð, verður að tryggja þá búsetu með landbúnaði. En einhvern tíma hljótum við að koma að þeim mörkum að stuðningur við landbúnað verði ekki minnkaður án þess að markmiðin fari alfarið fyrir borð. En ef fólk vill ekki hafa aðgang að íslenskri matvöru, ef fólk vill ekki að það sé búið á landsbyggðinni, ef fólk vill ekki að menn hafi vinnu við matvælavinnslu, landbúnað og þjónustu við þær greinar og ef fólk vill ekki halda í íslenska menningu, þá skulum við bara hætta þessu. Við munum aldrei geta stundað alvöru landbúnað hér nema með samkomulagi við okkar eigin þjóð um að svo skuli vera.

Búvörusamningana verður að endurskoða og snúa þeim alfarið við áður en það verður of seint. Greiðslumarkskerfin má ekki eyðileggja. Kúabændur verða að halda í kvótakerfið sitt og sauðfjárbændur verða að fá verkfæri til að hafa stjórn á framleiðslunni. Þar er útflutningsskylda örugglega einfaldasta og raunhæfasta leiðin.

Tollasamningunum verður að segja upp áður en þeir koma til framkvæmda. Útganga Breta úr Evrópusambandinu er meira en nægileg ástæða til þess.

Ísland án landbúnaðar

Ég leyfi mér að líta til framtíðar og horfa vítt yfir sviðið. Hvernig verður Ísland ef við látum sveitabúskapinn renna sitt skeið, vegna þess að forystumenn þjóðarinnar og bænda hafa ekki kjark eða framsýni til að taka alvöru ákvarðanir?

Ferðaþjónustan er stunduð þessa dagana líkt og fiskveiðar fyrir tíma fiskveiðistjórnunar. Þá voru allir úti á sjó að veiða og fólk hafði vinnu hringinn í kring um landið. Nú rennur hagnaðurinn af sjávarútvegi í greipar fárra og gömlu sjávarbyggðirnar eru nánast í eyði. Þannig mun ferðaþjónustan alfarið verða ef sveitabúskapur verður nafnið eitt. Þá verður landið nytjað af ferðaþjónustunni eins og hver önnur fiskimið og sú útgerð mun ekki skilja neitt eftir nema skítinn. Þetta hefur gerst í öðrum löndum og mun líka gerast hér ef menn nenna ekki að gera neitt til að skipa málum á annan veg.

Mál er að vakna og vitja um kýr, til vinnu upp að rísa.

Sigríður Jónsdóttir,
Arnarholti.

VÉLABÁSINN

Jeep Grand Cherokee Laredo:
Kraftmikill lúxusjeppi á góðu verði

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Helstu mál og upplýsingar

Dráttargeta	3.265 kg
Hæð	1.790 mm
Breidd	1.940 mm
Lengd	4.830 mm

Jeep Grand Cherokee Laredo. Myndir / HLJ

Fyrir nokkru átti ég erindi á Selfoss og notaði tækifærið í þeirri ferð að prófa Jeep Grand Cherokee Laredo frá Íslensk bandaríska í Mosfellsbæ.

Í stuttu máli þá var þessi bíll langt fyrir ofan það sem ég hafði gert mér í hugarlund fyrir aksturinn.

Nánast fullkominn bíll með mikið afl og þægindi

Jeep Grand Cherokee Laredo er ódýrasti billinn af fimm í Cherokee fjölskyldunni og minnst í hann lagt. Vélin er 3000cc. dísil og á að skila 250 hestöflum, skiptingin er 8 þrepa og finnur maður nánast aldrei þegar skiptingin skiptir um þrep.

Krafturinn í vélinni er mjög skemmtilegur og aldrei vantaði afl þegar gefið var í. Dráttargeta bílsins er 3.265 kg miðað við að það sem dregið er sé með bremsubúnaði.

Í bílnum sem ég prófaði var bara hiti í framsætunum, en í öllum hinum er hiti í aftursætum. Allt pláss er gott fyrir farþega og fótarými meira en í flestum sambærilegum jepplingum. Sætin eru þægileg og fann ég ekkert fyrir óþægindum á einn eða annan hátt þegar ég var búinn að stilla sætið eins og ég vildi hafa það í byrjun ökuferðar (hefur komið fyrir að ég hafi þurft að margstilla sæti í prufuakstri).

Aðeins breyttur bíll, sem naut sín í snjónum

Billinn sem ég prófaði kostar 8.990.000 krónur, (5 tegundir og sá dýrasti kostar 13.590.000). Prufubíllinn var aðeins breyttur, með aukabúnað sem er loftpúðafjöðrun (kostar aukalega 390.000) og á öðrum felgum og 32 tommu dekkjum (kostar aukalega 380.000). Þannig að billinn sem ég prófaði kostar 9.760.000.

Þegar ekið er ákveðið í hálku og snjó finnst mér skriðvörn og spólvörn koma misfljótt inn og það truflar mig þegar allur kraftur er tekinn af manni þegar spólvörnin eða skriðvörnin fer á.

Í Jeep Grand Cherokee Laredo kemur skriðvörnin og spólvörnin mátulega seint inn og aðeins lítill hluti af hrossastóðinu undir húddinu hættir að vinna þannig að maður hefur gott afl til að halda ferð þó að billinn sé aðeins laus á veginum. Persónulega finnst mér þessi búnaður mun skemmtilegri til aksturs heldur en sá búnaður sem er í flestum bílum í dag (er ekki að mæla gegn skriðvörnum og spólvörnum í öðrum bílum, en sá búnaður hentar mjög vel sérstaklega fyrir þá sem ekki eru vanir akstri í snjó og hálku).

Miklar styrkingar eru í yfirbyggingunni og loftpúðar margir.

Margar stillingar eru í boði fyrir drifbúnaðinn.

Ekki er hægt að skilja takkann eftir svona svo að það þarf að muna að kveikja ljósin.

Til að vera löglegur í umferð þarf afturljós sem þarf að kveikja.

Á þessum bíl er munurinn ótvíræður, hvort ljósin eru kveikt eða ekki, en þetta var eini mínusinn sem ég fann að bílnum.

Mikið lagt upp úr öryggi fyrir farþega

Jeep Grand Cherokee Laredo er sérstaklega vel styrktur bæði í hliðum og toppi með það í huga að ef slys verður komi nánast ekkert fyrir farþega bílsins. Styrkingar eru í hurðum og loftpúðar eru bæði í hliðum og fyrir framan ökumann og farþega.

Í mælaborðinu er 7 tommu skjár sem er m.a. bakkmyndavél, en á þessum skjá er hægt að fá mikið af upplýsingum s.s. hita á vél, skiptingu og fl. Einnig er hægt að fá ýmislegt fleira á þennan skjá. Fyrir mig, sem er frekar tölvuheftur, fannst mér lítið mál að fletta mig áfram á þessum skjá.

Að loknum akstri skoðaði ég í aksturstölvu bílsins uppgefna eyðslu eftir rúma 100 km. Miðað við að hafa verið að keyra í þæfingssnjó og hálku var eyðsla mín ekki nema 8,6 lítrar. Þetta fannst mér frekar ótrúverðug tala þar sem ég hafði verið frekar í óþekkari kantinum og með hægri fótinn í þyngra lagi.

Fullbúið varadekk er stór plús.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Forvarnir er fjársjóður

– Írar setja á fót öryggisverkefni fyrir bændur

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Nokkrum sinnum hef ég vitnað til Íra þegar kemur að forvörnum og gildi forvarna. Árlega koma í byrjun árs bráðabirgðatölur um slys og banaslys í írskum landbúnaði frá Írsku heilbrigðisstofnuninni, HSA (Helth and safety authority). Í janúar komu frekar neikvæðar tölur um slys frá 2017 í írskum landbúnaði.

Árið 2017 létu 47 Írar lífið í vinnuslysum og af þeirri tölu voru 24 bændur, en af þeim létust 14 sem voru 65 ára eða eldri.

Ný aðferð til forvarna

Til að vinna gegn slysum í írskum landbúnaði hefur verið komið á fót verkefni síðan 2005 þegar lög um öryggi, heilsu og velferð á vinnustað voru tekin upp. Þessu verkefni var komið á fót til að bæta öryggi bænda. Verkefnið stuðlar að því að gera fræðsluefni aðgengilegra fyrir bændur í formi fræðsluefnis og gátlista til fróðleiks, „Farm Safety Code of Practice“.

Ný úttekt á slysum verður unnin með írskum bændabýlum

Árið 2018 verða rannsóknir á slysum á bújörðum sem framkvæmdar verða af Teagasc National Farmer Survey, en verkefnið felst í því að fara yfir hugsanlegar hættur og gera áhættumat. HSA stýrir sameiginlegu verkefni sem felst í að áfram verður veitt þjálfun í notkun á „Farm Safety Code of Practice“ af Teagasc og Agricultural Consultants. Samkvæmt minni þýðingu og lestri á verkefninu er þetta ekki ósvipað og við þekkjum hér á Íslandi þar sem allir sjómenn fara í Slysavarnaskóla. Stefnt er á að allir írskir bændur verði búnir að ljúka þessum skóla og að gera áhættumat á öllum bændabýlum næsta haust.

Martin O'Halloran, forstjóri HSA, hefur umboð stjórnvalda til að stýra verkefninu sem kostað er af írska ríkinu. Í fréttatilkynningu um þetta verkefni sagði hann að það hafi leitt til aukinnar vitundar en það ætti að leiða til öruggari starfsvenja.

„Aðferðin við öryggi og heilsu býla er almennt vel skilin af bændum og búskaparsamfélaginu, en þetta verkefni verður nú með raunverulegum aðgerðum á vettvangi. Bændur standa frammi fyrir fjölmörgum hættum og áhættu á hverjum degi og verða að stjórna þeim á öruggan hátt til að tryggja öruggt og heilbrigt atvinnulíf.“

Prófessor Gerry Boyle, framkvæmdastjóri Teagasc, sagði að Teagasc muni leggja áherslu á þörfina fyrir umbætur í vinnustofnun til að draga úr vinnuafli bænda í ráðgjafaráætlunum sínum árið 2018.

„Að vinna langan tíma og flýta sér hefur sýnt fram á að vera helstu áhættuþættir í orsökum flestra slysa í landbúnaði. Þetta getur einnig verið orsök í fjölgun slysa hjá eldri bændum undanfarin ár,“ sagði hann.

Fróðlegt að fylgjast með erlendum forvörnum

Ég hef alltaf verið laginn við að leita uppi slys á sjálfum mér og ófá eru örin á minni húð. Seinni ár hef ég reynt að flýta mér hægar og vinna ekki of langan vinnudag. Eftir að ég fór að skrifa þennan pistil hef ég oft þurft að leita efnis á erlendum vefsíðum. Einna hrifnastur hef ég verið af forvarnarvinnu Íra og þessi nýja aðferð, með eins konar slysavarnaskóla bænda, finnst mér spennandi og mun ég örugglega fylgjast vel með þessu verkefni.

MAST Matvælastofnun

MAST auglýsir eftir umsóknum um fjárfestingastuðning í sauðfjárrækt

Í samræmi við reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1183/2017, V. kafla skal umsóknum um fjárfestingastuðning vegna framkvæmda á árunum 2017–2018 **skilað inn rafrænt á þjónustugátt MAST eigi síðar en 15. mars**.

Umsóknarfrestur verður ekki framlengdur.

Markmið stuðningsins er að stuðla að bættum aðbúnaði sauðfjár og hagkvæmari búskaparháttum.

Skilyrði fyrir veitingu fjárfestingastuðnings er að finna í 26. gr. reglugerðarinnar og eru vegna:

A. Nýframkvæmda
B. Endurbóta á eldri byggingum

Fjárfestingastuðningur fyrir hvern framleiðanda getur að hámarki numið 20% af stofnkostnaði ef heildarkostnaður fer yfir eina milljón króna.

KROSSGÁTA Bændablaðsins

78 — SKEINA — STRÝTU — GRANDI — TVEIR EINS — SPOR — LJÁ — BLEYTU-KRAP — GÁSKI — SIÐA

ÓGURLEGA — ÍÞRÓTT — STREITA / FYRST FÆDD — SKJÖGUR — KRÆKLA / STAMPUR — UMSÖGN / NÝLEGA — ÓTRAUST-UR / BILUN — NAUMUR

↓ — MÓRA — TUNNU / Í RÖÐ — BLÓM / NAGA — STÍGANDI / FRAM-KVÆMA

SKAPA — KNÖTTUR / VEIKI — HRÆÐA — MUNNBITI

RÚM — MÆLI-EINING / HINDRA — TÓNN / Á NÝ

ÖXULL — TUDDI / VÍTA — LABB / GARGA

VIÐMÓT — REKALD / ÞEKKJA — AFLI / ÚT — HEITI

ÓSVIKINN / HARMA — BÓK / SIGTI — TÁL / VAFRA

ORG — GRIPUR — SAMTÖK / SJÓN

BÓLGNA — ÁRÁS / RÓMVERSK TALA — TVEIR EINS

ÁN — STUNDA — GIRND

DÍNAMÓR — ÁRANS

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

77 — SLÁTRA — NÆR ÖLL — FERMA — EKKI — ANDVARI — SKARÐ — EIMUR — LÖGMÁL — RÓMVERSK TALA

GRÆÐ-LINGUR — A F L E G G J A R I

ÓFÁIR — F L E I R I — ANDMÆLI / UPPFYLLA — N E I

PRJÓNA-VARNINGUR — L E S — OFANÁLAG / STÓ — Á L E G G — PATTI

BEIN / NIÐUR — Í S T A Ð — ÓHEILINDI / LYKT — F A L S

↓ — ÓLUKKA — TÍÐAR / TVEIR EINS — O F T A R — ÚT / GÆFA — I N N A N

STÚKA — H Ó L F A — MJAKA — SLÆMA / RJÁLA VIÐ — I L L A — SÚRSA — YNDIS — Á

HEILA — A L L A — NIÐUR-FELLING / AFHENDING — A F N Á M — KVABB / ÆTÍÐ — S U Ð

HLJÓTA — F Á — KLÆÐLAUS / HASTAR — N A K I N N — STIKK-PRUFA / FLÍK — S Ý N I

ÞANGAÐ TIL — U N S — ÍLÁT / STANDA FRAM — F A T — ÆTTAR-SETUR — KIPRA / HLJÓÐFÆRI — P Í R A — HEIMS-ÁLFU

R — ÞEI / ÁVINNA — U S S — LÚKA — L Ó F I — SKEL / HINKRA — A Ð A

VESKI — T A S K A — HLUTDEILD / KRAFTUR — A Ð I L D — TVEIR EINS / SÍÐASTI DAGUR — S S

HAFNA — A F S A L A — AÐFALL / SAMTÖK — A Ð S O G — Í RÖÐ — Í

HÖGG — S L A G — BYLTA — F A L L — BÆRU AÐ — K Æ M U

BORÐ-FLASKA — K A R A F L A — HNETA — A K A R N

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Kerlingardalur

Í Kerlingardal eru hefðbundin bústörf á jörðinni. Ábúendurnir Karl Pálmason og Victoria Reinholdsdóttir reka auk þess lítið sambýli fyrir fatlaða og hafa gert frá 1997, sem skapar þrjú til fjögur störf. Victoria er grunnskólakennari við Víkurskóla.

Býli: Kerlingardalur.

Staðsett í sveit: Mýrdalshreppi.

Ábúendur: Karl Pálmason og Victoria Reinholdsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Karl, Victoria, Ásrún, Andrea, Eyjólfur, Karl Anders, Olof Jóhann og hundurinn Lappi.

Gerð bús? Blandaður búrekstur ásamt rekstri á litlu sambýli fyrir fatlaða.

Fjöldi búfjár og tegundir? 380 kindur, 80 holdanautgripir og 14 aliendur.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Hefðbundin bústörf eftir árstíðum.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Vorið, burðurinn og smölun þegar vel gengur. Leiðinlegust er girðingarvinna í vondu veðri.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Svipaður búskapur ásamt ferðaþjónustu.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Þurfa að bretta upp ermar á flestum sviðum.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Vonandi höndla menn að efla hann og þróa.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Geta verið á mörgum sviðum en þarfnast meiri eftirfylgni.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, smjör, ostur, egg, tyttuberjasulta og tómatssósa.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Kindasteik og nautasteik.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Sauðburður í öskufalli í Grímsvatnagosi.

MATARKRÓKURINN

Lambahryggvöðvi og kjúklingabaunaeftirréttir

Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

Fólk er kannski ekki vant því að borða eftirrétti með kjúklingabaunum í. En það er í raun hægt að gera ýmislegt með kjúklingabaunum, eins og Bjarni Gunnar sýnir hér fram á.

Vegan-marengs

- Safi úr einni dós af kjúklingabaunum
- 1/4 tsk. vínsteinslyftiduft (creme of tartar) eða smá sítrónusafi
- Smá salt
- 3/4 bolli flórsykur eða sykur

Gott að vera með: Einn stór sprautupoki og 1 stórstjörnu túða.

Setjið safann af kjúklingabaunum beint í skálina á hrærivél með písk. Það ætti að vera um 3/4 bolli vökvi. Geymið baunirnar til annarrar notkunar. Bætið vínsteinslyftidufti við (eða smá sítrónusafa) og klípu af salti og þeytið á miðlungshraða þar til þetta er orðið mjög loftkennt. Þeytið áfram, bætið svo sykri, einni matskeið í einu, og haldið síðan áfram að þeyta þar til blandan er orðin eins stíf og glansandi marengs – í um fjórar mínútur.

Setjið blönduna yfir í stóran sprautupoka sem er með stóra stjörnutúðu. Sprautið toppa með um tveggja sentimetra millibili á smjörpappírinn. Bakið þar til marengsinn er harður og ekki lengur glansandi – í um það bil tvær klukkustundir. Setjið efstu ofnplötuna neðst og neðstu plötuna efst. Slökkvið á ofninum og látið marengsinn sitja í honum lokuðum eftir bakstur þar til hann þornar í gegn, í um það bil eina klukkustund (marengs mun haldast góður í loftþéttu íláti í allt að 3 daga).

Hollara Snickers-stykki

Þetta sælgæti er hollara en það sem gerist og gengur, gert með hollari sætuefnum eins og hunangi eða pálmasykri og sætum döðlum.

- 2 tsk. kókosolía
- 2 bollar döðlur
- 1/2 bolli (50 g) kakóduft
- 1 bolli (90 g) kókosmjöl
- Smá sætuefni, kókospálmasykur eða hunang
- 400 g dós sigtaðar kjúklingabaunir
- 1/3 bolli (95 g) hreint hnetusmjör
- 2 tsk, vanilluduft eða fræ af vanillustöng
- 1 1/2 bolli (225 g) ristaðar hnetur, má nota saltaðar jarðhnetur
- 40 g ósaltað smjör
- 200 g dökkt súkkulaði, hakkað

1. Smyrjið 20 sentimetra breiða pönnu

með smjörpappír á. Fyrir botninn: bræðið 1 tsk af kókosolíu í litlum potti við lágan hita. Setjið döðlurnar saman við og hrærið til að hita þær í gegn. Flytjið yfir í matvinnsluvél með kakói, þurrkuðum kókos og einni matskeið af hunangi. Vinnið saman þar til allt er vel blandað saman. Dreifið yfir bakkann og þjappið niður. Kælið fyrir næsta lag. Geymið helming fyrir næsta lag.

2. Bætið hnetusmjöri við afganginn af grunninum, ásamt kjúklingabaunum og vanillu og vinnið þar til grunnurinn er þykkur og með sléttri áferð. Dreifið yfir döðlugrunninn og jafnið yfirborðið með skeið. Kælið í klukkustund.

3. Til að búa til hnetukaramellu: Setjið hnetur, smjör og 2 matskeiðar af hollu sætuefni eins og hunangi eða pálmasykri í pott yfir lágan hita og hrærið þar til þetta bráðnar saman. Kælið örlítið og dreifið síðan yfir hnetusmjörfyllinguna, pressið niður til að búa til jafnt lag. Setjið í frysti í eina klukkustund til að grunnurinn harðni.

4. Bræðið súkkulaði í skál sem er sett yfir vatnsbað (ekki láta skálina snerta vatnið). Kælið örlítið. Hellið síðan yfir hnetukaramelluna og sléttið með sleif. Kælið í eina klukkustund, eða þar til súkkulaðið er hart. Skerið þá í lengjur og framreiðið.

Lambahryggvöðvi kryddaður með lauk, hvítlauk og suðrænum kryddum

- 2 lambahryggvöðvar
- 1 saxaður laukur
- 1 rif saxaður hvítlaukur
- 1 biti saxað engifer
- ½ ferskur chilipipar, kjarnhreinsaður
- 50 g púðursykur
- 2 msk ólívuolía
- 2-3 msk hvítvínsedik
- 100 ml tómatsósa
- 100 ml hrein jógúrt
- 2 msk mangó-chutney
- ½ tsk negull, malaður
- ½ tsk cumin, malað
- salt og pipar eftir smekk

Þegar þetta lamb er sett í ofninn fyllist eldhúsið af suður-afrískri kryddlykt sem sendir mann hálfa leið til Afríku.

Aðferð

Öllu er blandað saman og smurt yfir lambahryggvöðvann sem búið er að krydda með salti, pipar, cumin og negul. Ofnbakað við 220 gráður í 10 mínútur og svo lækkað niður í 100 gráður í um 10–15 mínútur, eða þar til kjarnhiti nær 62 gráðum.

Framreiðið með ristuðu rótargrænmeti og sýrðum rjóma, með ögn af mango-chutney sósu eða gamaldags mömmusósu og kartöflum.

HANNYRÐAHORNIÐ

Þytur í laufi

Fallegur prjónaður púði með gatamynstri.

Mál:

ca 45 x 45 cm – púðaverið passar fyrir kodda 50 x 50 cm það er fallegra ef það strekkist aðeins á verinu.

Garn: DROPS Merino Extra Fine, 400 g litur 08, ljós beige.

Prjónar. Sokkaprjónar og hringprjónar 40 cm nr 3 - eða þá stærð sem þarf til að 23 lykkjur og 32 umferðir með sléttprjóni verði 10 cm á breidd og 10 cm á hæð.

MYNSTUR: Sjá mynsturteikningu A.1 til A.4. Mynsturteikning sýnir allar umferðir í mynstri séð frá réttu.

AFFELLING: Til að koma í veg fyrir að affelingarkanturinn verði stífur er hægt að fella af með ½ númeri grófari prjónum.

PÚÐI:

Stykkið er prjónað í hring í ferning á sokkaprjóna/hringprjóna með byrjun frá miðju á ferning. Prjónuð eru 2 alveg eins stykki sem síðan eru saumuð saman.

Fitjið upp 8 lykkjur á sokkaprjón 3 með Merino Extra Fine. Prjónið mynstur hringinn eftir mynsturteikningu A.1 (= 2 lykkjur) alls 4 sinnum í umferð – lesið MYNSTUR að ofan.

Skiptið yfir á hringprjón þegar aukið hefur verið út nægilega margar lykkjur. ATHUGIÐ PRJÓNFESTUNA! Þegar öll mynstureining A.1 hefur verið prjónuð til loka eru 128 lykkjur í umferð. Setjið 4 prjónamerki án þess að prjóna þannig: Setjið fyrsta prjónamerkið í byrjun umferðar, annað prjónamerki eftir 32 lykkjur, setjið þriðja prjónamerkið eftir 32 lykkjur og setjið fjórða prjónamerkið eftir 32 lykkjur, látið prjónamerkin fylgja með í stykkinu.

Prjónið síðan mynstur þannig: Prjónið * A.2 (= 2 lykkjur), A.3 yfir næstu 28 lykkjurnar (= 2 mynstureiningar með 14 lykkjum) og A.4 (= 2 lykkjur) *, prjónið *-* alls 4 sinnum í umferð. Þegar A.2/A.3/A.4 er lokið á hæðina eru 60 lykkjur á milli hverra prjónamerkja (= 240 lykkjur í umferð).

Prjónið síðan mynstur þannig: Prjónið * A.2 (= 2 lykkjur), A.3 yfir næstu 56 lykkjurnar (= 4 mynstureiningar með 14 lykkjum) og A.4 (= 2 lykkjur) *, prjónið frá *-* alls 4 sinum í umferð. Þegar A.2/A.3/A.4 er lokið á hæðina eru 88 lykkjur á milli hverra prjónamerkja (= 352 lykkjur í umferð). Ferningurinn mælist ca 45 x 45 cm. Fellið laust af – lesið AFFELLING að ofan. Prjónið annað stykki alveg eins.





FRÁGANGUR:

Leggið ferningana saman með röngu á móti röngu. Saumið 3 af hliðunum kant í kant í ystu lykkjubogana. Setjið kodda í verið og saumið síðan meðfram síðustu hliðinni.

Mynstur:

□ = slétt frá réttu

● = brugðið frá réttu

= 2 lykkjur slétt saman

= takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð

= takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, prjónið 2 lykkjur slétt saman, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir lykkjurnar sem prjónaðar voru saman

= á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn

= á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn, í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn svo að ekki myndist gat

Létt

6		1		5			8	2
	3		9		4		1	
7		5	8	1			4	
			5	8		2		4
5		9	4		6	3		1
1		4		7	9			
	1			3	7	5		9
	6		2		5		3	
2	5			9		4		7

Miðlungs

		4			6			2
	7	6	5	4			9	
8		3			7		6	
		9		1			2	7
1			2		3			8
5	6			8		3		
	9		3			2		4
	3			5	2	7	1	
7			8			5		

Þung

		8		3				2
1	5						7	
	3				4	8		9
	1	4			8			
			6			7	8	
7		3	5				4	
	9						5	7
2				6		1		

Þyngst

				9			4	1
	8	4	3			5		
9	1		2					
5						2	3	
	4	2						9
					6		7	3
		1			7	8	5	
3	5			4				

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Steig aldrei á bremsurnar á Tenerife

Bergsteinn Jökull er níu ára og býr á Melrakkasléttu.

Nafn: Bergsteinn Jökull Jónsson.

Aldur: 9 ára.

Stjörnumerki: Krabbi.

Búseta: Reistarnes á Melrakkasléttu.

Skóli: Öxarfjarðarskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Frímínútur og smíðar.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundur.

Uppáhaldsmatur: Pítsa.

Uppáhaldshljómsveit: Skálmöld.

Uppáhaldskvikmynd: Maze runner.

Fyrsta minning þín? Þegar ég sat hjá Dodda afa og borðaði matarkex.

Ætlar þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ætla frjálsar íþróttir. Svo æfi ég gítar og trommur.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Bílaviðgerðarmaður, smiður, veiðimaður og You Tuber.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Fara í Go Kart á Tenerife og ég steig aldrei á bremsurnar.

Hvað ætlar þú að gera skemmtilegt árinu? Hafa gaman og vera með fjölskyldunni.

Næst » Bergsteinn ætlar að skora á Ísabellu á Gilsbakka að svara í næsta blaði.

LESENDABÁS

Hvað er skipulag?

Skipulag er alltaf í þróun, eða þannig var það öldina sem leið. Vítt um landið voru lagðir vegir og byggðar upp góðar hafnir. Hafnarmannvirki leiddu víða til þess að útgerð og fiskverkun jókst. Aukin umsvif leiddu til gatnagerðar, húsbygginga og alls annars sem staðarins samfélag þarfnast.

Það er skylda okkar allra að okkar skipulag sé svo gott að það sé það besta sem völ er á, ekki bara fyrir núlifandi fólk heldur einnig fyrir fólk sem landið byggir næstu 200 ár. Skipulag nútímans má ekki leiða til þess að nýting lands og sjávar verði lakari eftir 100 ár en hún er í dag.

Það er skylda okkar allra að reyna að skila landinu og sjónum til næstu kynslóðar ekki lakara en það var þegar við tókum við því. Á liðinni öld voru sett fram viðmið um að gott ræktunarland sem náði 10 hektara stærð gat verið grundvöllur sjálfstæðs býlis. Seinna fóru slík mörk í 20 hektara.

Á myndinni sést land sem var skipulagt sem ræktunarland 1953–1957 en var annars fram að því úthagi. Myndin er tekin árið 2009 af nánasta umhverfi bújarðarinnar Fremri-Gufudals.

Uppbygging staðarins hófst með byggingu útihúsa og íbúðarhúss um 1960. Árið 2010 var byggt íbúðarhúsið Kaplaskjól og árið 2015 bættist aftur við íbúðarhús er hlaut nafnið Bæjarlækur.

Í þessum húsum eru nú búsettar 3 fjölskyldur, 11–12 manns auk annarra sem oft dvelja lengi. Spöl utar í dalnum er bærinn Gufudalur og eru þar búsett tvö fullorðin og 4 eða 5 börn. Í héraðslýsingum í Árbók Ferðafélags Íslands falla orð á þá leið að Gufudalurinn sé líkt og smækkuð mynd af norðlensku héraði. Af þessum bæjum fer fólk daglega að heiman og til vinnu og börn fara daglega í grunnskóla eða leikskóla og koma aftur heim síðdegis.

Myndin er í raun dæmi um nýtingu lands sem nútímanum gæti fundist lítilfjörlegt.

Bílfær vegur var lagður um Gufudalssveitina á árunum 1949–1955. Það var raunverulega tímamótaviðburður þegar ég, árið 1952, sá þrjátíu til fjörutíu bíla í lest koma inn Hofsstaðahlíðina og voru þar komnir Vesturbarðstrendingar á leið til hátíðar verslunarmanna í Bjarkalundi. Veginn var að vísu ekki búið að tengja en þessir bílstjórar sættu sjávarföllum og óku Vaðalinn frá Kletti og út undir Múlaklifin. Skömmu síðar náði fullgerður vegur endum saman frá Reykjavík til Patreksfjarðar. Meginhluta vegarins um Gufudalssveit mun Jón Víðis hafa teiknað, allavega Djúpadal og Gufudal. Jón lagði vissulega hlykkjóttan veg en jafnframt með mikilli umhyggju fyrir náttúrunni. Ræsi var sett í hvern lækjarfarveg, tilfærsla gat bitnað á slægjunni eða silungunum og eða landið grafist. Miklar framfarir fylgdu veginum, bílar voru keyptir, nýir og gamlir.

Mikið var byggt, nú þurfti ekki lengur að reyða þakjárnið og timbrið langar leiðir á hestum.

Hvar er framtíðin?

Framtíðin er á hverjum tíma ókomin og ókunn. Það er þekkt að líf fólks veltur víða á næringu og skjóli. Og það er alveg ljóst að þar sem er vatn og góð ræktunarjörð, þar eru góð lífsskilyrði. Að ekki sé nú talað um sjófang og fjörugróður. Svæði Breiðafjarðar hafa um aldir verið fólki þægilegri en mörg önnur héruð. Svæðinu ógnar ekki það sem kalla má jarðvá.

Skálanes í Gufudalssveit er og hefur lengi verið góð bújörð með fjölbreytt og fallegt umhverfi. Bújörðin í heild sinni býr í dag yfir nokkrum staðalforsendum sem gera land fýsilegt til búsetu. Grunnforsendan er gróðurmold og vatn. Að auki, veðursæld og sólfar. Melanesið er hluti af jörðinni Skálanes. Svæðið er stærra og betra en það sem tekið var til uppbyggingar á bújörðinni Fremri-Gufudal fyrir um 60 árum.

Bújörðin Skálanes fer mjög illa út úr áformum Vegagerðarinnar um lagningu Vestfjarðavegar ef veglínan, sem kölluð er Þ H um Gufufjörð og Melanes, verður valin. Landinu er vægðarlaust rústað.

Allt er undir, flugvöllurinn, túnin, ræktunarlandið og allgott útivistar- og tómstundasvæði.

Hvar verður fólkið?

Vegagerðin birtir þá framtíðarsýn í mati á umhverfisáhrifum að eftirsókn eftir sumarbústaðalandi á svæðinu muni aukast. Það er ekki hægt að greina neina framtíðarsýn á þróun byggðar í tillögum Vegagerðarinnar þegar bornar eru fram tillögur um veglínur. Á Melanesinu er fórnað indælis landi sem gæti borið bú líkt og lengi hafa tímgast undir hlíðum Ingólfsfjalls í Ölfusi. Á næstu 100 árum búumst við við því að íbúar Íslands verði 1–2 miljónir manna. Við búumst líka við því að allmargir þeirra verði án atvinnu. Við höfum þá í 80 ár lagt mikla áherslu á að draga úr akstri og umferð, því má búast við að sótspor framleiðslu hafi aukið vægi, jafnvel umfram vöruverð.

Tekjur ríkisins vaxa að líkindum ekki í hlutfalli við fólksfjölda. Það er óvarlegt að búast við því að efnahagur fólksins verði betri en nú á dögum.

Hver verður líftími sjávarfallabrúnna í Reykhólahreppi?

Það er kynnt að bráðlega verði staðfest Aðalskipulag Reykhólahrepps til ársins 2018. Það má öllum vera ljóst að vegakerfið sem nú verður skipulagt og byggt, verður ekkert endurbætt næstu 100 ár. Ekkert nema brýnasta viðhald. Kemur til mála að brýrnar yfir 5 firði í Reykhólahreppi verði eftir 100 ár allar orðnar ónýtar? Við þurfum núna svör við því.

Að lokinni ákvörðun um val á veglínum, samhliða staðfestingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps, hefjast væntanlega erfiðir samningar milli landeigenda og Vegagerðarinnar.

Hvað er framkvæmdaleyfi?

Reykhólahreppur telur sig líklega eiga að snara út framkvæmdaleyfi vegna vegarins fljótlega eftir ákvörðun um skipulag og leiðarval. Er ekki vissara fyrir Reykhólahrepp, ábyrgðarinnar vegna, að setja fyrirvara? Enda sé lokið samningum milli Vegagerðar og landeigenda eða á annan hátt hafi verið aflað réttinda til handa Vegagerðinni til framkvæmdanna. Einnig þarf hreppsnefnd að gæta þess að það séu sérstakir skilmálar af hálfu Vegagerðarinnar varðandi framkvæmdina birtir í matsskýrslu þá verði þeirra getið í framkvæmdaleyfi. Nefna má hafnaraðstöðu vegna skelræktar í Djúpafirði og einnig fullyrðingar um að unnt verði að sigla undir brýrnar. Sé ekki settur fyrirvari í framkvæmdaleyfið er hætt við að sérstök ákvæði falli út við framkvæmd verksins. Sjálfur hef ég nokkra reynslu af slíku þegar vegagerðin útlistaði ágætlega hvernig æðarvarpi í Hrútey mætti hlífa við ónæði af framkvæmdum við Djúpveg og vinna þar ekki á varptíma. Í framkvæmd varð raunin sú að boranir, sprengingar og annað hófst í eynni í byrjun maí með hörmulegum afleiðingum fyrir fuglana.

Ábyrgð og aðgæsla

Óskilyrt framkvæmdaleyfi er lítill pappír sem gæti skapað mikla ábyrgð.

Hreppsnefndin myndi með ótímabæru framkvæmdaleyfi skekkja samningsstöðu málsaðila, öðrum til hagsbóta, hinum til tjóns. Framkvæmdir við veginn hafnar á öðrum endanum en hinn endinn í óvissu, það gengur ekki. Hvort sem varðar eignarnám eða einhverja óvissu varðandi skipulag eða framkvæmdina, þá verða málsaðilar að eiga þess kost að sanna málflutning sinn fyrir dómi. − Veljið rétta leið til betri vegar.

Reynir Bergsveinsson.

Myndin er Fremri-Gufudalur eins og hann var árið 2009.



Sælgæti og jarðefnaeldsneyti

Það eru margir sem setja sér göfug markmið í upphafi árs og oftar en ekki á að taka mataræðið rækilega í gegn. Ekki eru allir sammála um hvaða leið sé best til árangurs og ýmsir matvælakúrar í boði sem eiga að bæta heilsu og minnka fituforða. Þó að margir deili um kosti ýmissa matvæla þá viðurkenna flestir þá staðreynd að sælgæti er alls ekki hollustuvara. Sælgæti er snautt af næringarefnum og trefjum en uppfullt af sykri.

Flestir vita að sykur er fitandi í óhóflegu magni og getur að auki valdið tannskemmdum. Ef einstaklingur, sem eingöngu hefur neytt sælgætis, hættir alveg og skiptir yfir í grænmeti, þá hefur það að sjálfsögðu jákvæð áhrif á eitt og annað. En ímyndum okkur að síðar kæmi í ljós að eitt af gróðurhúsunum sem framleiddi grænmetið hefði börn í vinnu langt undir lögaldri og hefði þar að auki enga skýra áætlun um hvað eigi að gera við gamlar sprungnar ljósaperur. Hvað væri til ráða?

Ég hef ekki svarið en ég veit að lausnin er ekki að hætta snarlega að borða grænmeti og snúa sér aftur að sælgætinu. Það er einfaldlega vegna þess að þessi óvæntu álitamál með grænmetisframleiðsluna gera skaðsemi sælgætis ekkert minni. Vissulega þarf að laga þessi atriði, en óháð því er grænmetið alltaf margfalt betri kostur en sælgætið.

Sama gildir í raun um sælgæti og jarðefnaeldsneyti. Olía er mengandi, heilsuspillandi, loftslagsbreytandi, ósjálfbær og friðarógnandi. Sælgætið er reyndar heldur skárra, enda mengar það lítið og skaðar einungis neytandann sjálfan. Stríð hafa heldur ekki brotist út vegna sælgætis en takmarkað framboð, t.d. þegar minnkar í Nóakroppsskálinni á föstudagskvöldum, getur þó verið friðarógnandi.

Ýmsir (en ekki nógu margir þó) eru nú einmitt að reyna að hætta jarðefniseldsneytisnotkun eða draga verulega úr henni. Sumir hætta alveg notkuninni með kaupum á raf- eða metanbíl en aðrir draga verulega úr neyslunni með kaupum á tengiltvinnbíl eða með því að hjóla meira. Ótrúlega margir lýsa þó miklum efasemdum um ágæti nýrrar tækni og benda á ýmsa vankanta. Barnaþrælkun í einni kóbaltnámu og áhyggjur af eftirlífi rafhlaða eru dæmi um eðlilegar áhyggjur tengdar nýjum orkugjöfum. Sama hlýtur þó að gilda um grænmeti og rafbíla þ.e. að einstakir hnökrar í framleiðslunni gera skaðsemi af gamaldags bensín- og dísilbrennslu ekkert skárri en áður.

Þó að ekki séu allar nýorkulausnir fullkomnar þegar kemur að orkuskiptum í samgöngum, þá er alveg ljóst að þær eru miklu betri en núverandi jarðefnaeldsneytisnotkun. Til að ná skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum verðum við hreinlega að snarminnka olíunotkun í samgöngum á næstu 12 árum. Meira grænmeti – minni olía, áfram Ísland!

Sigurður Ingi Friðleifsson
framkvæmdastjóri Orkuseturs

- Hentar vel í gripahús
- Þolir vatn
- Fæst 4 og 8mm þykkt
- 97% endurkast hita
- Rúllubreidd 122cm
- Frábær virkni!

Byggingavöruverslun Þ. Þorgrímsson & Co
512-3360 korkur.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.250 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.500 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

WC safnbox með hnífadælum fyrir kjallara. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is

Taðgreip, festingar og slöngur fylgja. Breiddir: 0,9 m til 2,5 m . Mjög vandaður og sterkur búnaður, framleiddur í Póllandi. Við getum skaffað margs konar búnað fyrir landbúnað: Skóflur og klær í mörgum útfærslum, ámoksturstæki, frambúnað, afrúllara, rúllugreipar, rúlluskera, rúluspjót, lyftaragafflar. Allar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Skófla fyrir lyftaragaffla með glussatjökkum. Margar stærðir í boði. Hentar vel í margs konar iðnaði. Sköffum einnig lyftaragaffla á traktora. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is

Sami flaghefill. Breidd 3,1 m. Tveir tjakkar, með tilti og hjólum. Verð 590.000 kr. +vsk. Aflvélar ehf. Sími 480-0000.

Sami snjótönn fyrir gervigras. Breidd 4 m. Verð 480.000 kr. +vsk. Tengi: 3P. Aflvélar ehf. S. 480-0000.

Snjótennur og saltkassar í úrvali fyrir pallbíla. Nýjar og léttari tennur sem henta t.d. vel á Toyota og Isuzu. Aflvélar ehf. Sími 480-0000.

Lyftaragafflar fyrir traktora, liðléttinga og aðrar vinnuvélar, allar festingar fáanlegar. Burðargeta 2000 kg, lengd gaffla 120 cm, hægt að setja á þá rúluspjót, 88 cm. Fengum á lager, gaffla með Euro festingum í janúar. Þyngd gaffla 142 kg. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: hak@hak.is

Til sölu Volvo XC-70 Cross Country 2008. Ekinn 204.000 km. Einn eigandi. Verð 2.200.000 kr. Uppl. í síma 772-1311 - ulfarg@gmail.com

Land Rover Discovery Sport 2016. Ekinn 18.000 km, dísel, beinskiptur. Fjórhjóladrifinn. Verð 4.900.000 kr. stg. Skoða skipti. Auka felgur og nýleg sumardekk geta fylgt. Uppl. í síma 898-8489.

Til sölu tvær bílskúrshurðir með fulningum. Hæð á báðum hurðum 2,4 m. Breidd á hurð 1: 2,58 m. Breidd á hurð 2: 2,63 m. Lamir og brautir fylgja annarri hvorri hurðinni. Hurðirnar seljast saman eða í sitthvoru lagi. Uppl. í síma 894-9272. Björn.

Rúlluskeri með plastgrípara og skiptanlegum hníf sem er hægt að brýna, mjög öflug og vönduð smíð frá Póllandi, slöngur og Euro festingar fylgja, aðrar festingar í boði. Hákonarson ehf, hak@hak.is, s. 892-4163, www.hak.is

Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 kr. auk vsk. 5 stk. eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.

Til sölu frystipressa. Verð 700.000 kr. Nánari uppl. í síma 847-8770.

Polaris Ranger dísel til sölu, fyrsti skráningardagur 2/2016 en framleiðsluár 2014. Ekinn 1.750 km. Sparneytinn dísel. Þak og framrúða. Þriggja manna með öryggisbeltum. Skráð sem vinnuvél. Ástand mjög gott. Verð 1.790.000 kr. +vsk. Upplýsingar gefur Jón Bjarni s. 824-6121.

Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.

Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Taðklær. Breiddi 120 cm, 150 cm og 180 cm. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.

Talía og hlaupaköttur, lyftigeta allt að 1 tonn. Búvís. Sími 465-1332.

SÚREFNIS, LOFTFLÆÐI & ABS–SKYNJARAR

BREMSUDISKAR, KLOSSAR, BORÐAR & FLEIRA

MANNOL
HÁGÆÐA OLÍA Á ÖLL TÆKI. **FÁÐU TILBOÐ** Í 60L & 208L TUNNUR

automatic
Sjá nánar á www.automatic.is
Automatic ehf
Smiðjuvegi 11, 200 Kóp.
Sími: 512 3030
pantanir@automatic.is

www.bbl.is

Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. 900 gr. að þyngd. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13 - 16.30.

KRAFTVÉLAR

Til sölu

John Deere 6430
Árgerð 2012, vinnustundir 3,180.
120 hö, JD 583 ámoksturstæki.
Verð 7.290.000.- kr. án vsk.
9.039.600.- kr. með vsk.

John Deere 6420
Árgerð 2006, vinnustundir 7,100.
110 hö, JD ámoksturstæki.
Verð 3.990.000.- kr. án vsk.
4.947.600.- kr. með vsk.

New Holland TS100A
Árgerð 2005, vinnustundir 6,400.
100 hö, Álö ámoksturstæki
Verð 3.790.000.- kr. án vsk.
4.699.600.- kr. með vsk.

Komatsu PC35
Árgerð 2006, vinnustundir 1,830.
Tilt-hraðtengi, 2 skóflur,
ný gúmmíbelti fylgja með.
Verð 2.690.000.- kr. án vsk.
3.335.600.- kr. með vsk.

Komatsu PC26
Árgerð 2013, vinnustundir 1,950.
Hraðtengi og 3 skóflur.
Verð 3.150.000.- kr. án vsk.
3.906.000.- kr. með vsk.

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Draupnisgata 6 / 603 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

AFLVÉLAR

Snjótönn, 3000 HD
3 m, með Euro festingu
Verð: 290.000 kr. + vsk.

Sanddreifarar fyrir traktóra
Nokkrar stærðir í boði,
Vinnslubreidd 1–2,3 m
Verð frá: 340.000 kr. + vsk.

Fjölplógur VB-3200
Vinnslubreidd 3,2 m,
SBM tengi, 1,2 t
Verð frá: 1.390.000 kr. + vsk.

Fjölplógur, PUV 3300
3,3 m
Verð: 695.000 kr. + vsk.

Fjölplógur, PUV 3300
3,3 m
Verð: 890.000 kr. + vsk.

Salt- og sanddreifari, EPT15
1,5 m³, rafstýrður, 12V
Verð: 1.190.000 kr. + vsk.

Salt- og sanddreifari, HZS-10
Fyrir þrítengi, 1 m³
Dreifing: 2,5–6 m
Verð: 1.300.000 kr. + vsk.

Aflvélar ehf., Vesturhraun 3,
210 Garðabær, S: 480-0000
www.aflvelar.is sala@aflvelar.is

Höfum tekið að okkur umboð f. AVRAME A-ramma-hús frá Eistlandi. Smáhýsi frá 14,7 m2 - 25 m2 og sumar- og íbúðarhús frá 40 m2 - 120 m2. Uppl. í símum 452-2679 og 680-6361, og valdemarkt@gmail.com - Avrame.com

Óska eftir óbreyttum Toyota Land Cruiser 80, góðu eintaki en skoða einnig bíl sem gæti þarfnast viðgerðar. Uppl. í síma 787-2809/ sgudjonsson@yahoo.com

Norskar skádælur. 5“ eða 6“ dælurör, 4,3 m eða lengra. Dælugeta, frá 8.000 l/mín. Hræristútur sem hægt er að snúa 360° - Skurðarblöð á dæluhjóli. Þarf op sem er 70 cm x 70 cm. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is,

Gröfuarmur fyrir liðléttinga, traktora og skotbómulyftara. Skóflustærðir: 20 cm, 30 cm, 40 cm. Allar festingar í boði. Verð frá 249.000 kr. +vsk. Vandaður og sterkur búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. www.hak.is - s. 892-4163, hak@hak.is

Til sölu frysti/kæli kista 203xlengd-96xbreidd-88xhæð. Er í 100% lagi. Uppl. í síma 898-4043, Sigurgeir.

Til sölu kassi af slökkvibíl árg. ´84, L 370, B 245, H 160. 1600l vatnstankur, dæla 1600 l/m, 8 bar. Hægt að flytja út á land, er í borginni. Verð mjög í hófi. Uppl. í síma 864-6489, Ingi. ingi@boreal.is

Kerrur á einum og tveimur öxlum, með og án bremsum, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Símí 894-5111. Opið kl. 13 - 16.30 - www.brimco.is

Nýtt! Kerra á einum öxli hentug t.d. fyrir fjórhjól- og vélsleða. Lengd 2,60 m. Breidd 1,55 m. Verð 365.000 kr. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13 - 16.30 - www.brimco.is

Viltu virkja bæjarlækinn? Til sölu stafrænn rennslismælir fyrir t.d. virkjunarframkvæmdir, nýlegur og handhægur. Uppl. í síma 893-3087.

TACOMA - 2006. Verð 2.500.000 kr. Ekinn 171.500m (274 þ. km.) 38" breyting. Lækkuð drif og læsingar. Aukarafmagn og loftnetsfestingar. Bremsur, fjöðrunar- og stýrisbúnaður endurnýjaður. Uppl. í síma 864-3262.

Scania 142H. 86' 4x6. Sturtur og niðurfellanleg skjólborð. Palfinger PK2100 krani 96' með 4 í glussa og 4 í hand. Fjarstýring á krana. Verð tilboð. Ingi í síma 898-3493.

Til sölu tvö stykki Lely A3 róbótar, árg. 2007. Annar getur verið laus strax. Uppl. í síma 894-3367.

Til sölu Valtra N 121 árg. 2007, ekin 5900 tíma. Ný framdekk. Uppl. í síma 894-3367.

Taarup 3532p, vinnslubreidd 320 með knosara. Topp vél. Verð 700.000 kr. Uppl. í síma 894-3367.

Khun 4 metra, árg. 2007. Góð vél, rifinn dúkur. Verð 550.000 kr. Uppl. í síma 894-3367.

Sturtuvagn Pronar T654/2 6,1 tonn, sturtar á þrjá vegu. Tilboðsverð 790.000 kr. án vsk. Aflvélar ehf. S. 480-0000.

Til sölu Fendt farmer 304 Lsa, ekinn ca 4800 tíma, árg. 1994. Er staddur á Suðurlandi. Uppl. í síma 894-3367.

MF Traktorsgröfur til sölu. árg. 1991. Ekin 7052 klst. Verð 1.800.000 kr. +vsk. Árg.1992, ekin 1679 klst. Verð 2.100.000 kr. +vsk. Vélarnar eru í Reykjavík. Eitthvað fylgir af hlutum með vélunum. Áhugasamir hafið samband í síma 893-9190, Ólafur.

Til sölu Nissan Qashqai 2012, 4x4, sjálfskiptur, ekin 106.000 km. Í topp standi. Verð 2.390.000 kr. Uppl. í síma 897-8748.



Til sölu. Þessi vél ásamt mynd af annarri á bbl.is/smaauglysingar.is, fást báðar saman fyrir 150.000 kr. Uppl. í síma 849-1112 og gegnum netfangið birgiral@simnet.is

Ford F-350 sex hjóla með pallhýsi, árg. 2003, ekinn 205.000 km. Ný upptekinn millikassi og nýr bremsubúnaður allan hringinn. Einnig fylgja 6 ný nagladekk á felgum. Verðhugmynd 2.200.000 kr. Uppl. í síma 898-0709. Bíllinn er í Rvk.

Range Rover SPORT. Einn með öllu, árg. 2015, dísel, ek. 54.000 km. 22" felgur, rafm. krókur, glerþak, stóra hljómkerfið o.fl. Verð 11,9 m. Uppl. í síma 773-3313.

Til sölu Toyota Hiace, langur 4x4. Árg.2004. Ekinn 268.000 km. Ásett verð 850.000 kr. Uppl. í síma 893-3416.

Isuzu Dmax pallbíll. Verð 1.550.000 kr. Nýskráður 2010. (árg 2008) Keyrður tæplega 96.000 km. Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, dráttarbeisli og segl yfir pall. Svartur. Uppl. í síma 695-0740.

Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá 5.900 kr. m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is, Flugumýri 8, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13 - 16.30.

Bobcat E50
Árgerð: 2015
Notkun: 1.360 vinnustundir
3 skóflur + hraðtengi

Hitachi ZX80
Árgerð 2007
5.500 vinnustundir
Rótortilt og 3 skóflur - Ný belti

Hitachi ZX210
Árgerð: 2007
Notkun: 11.400 vinnustundir
900mm spyrnur

Hitachi ZX130W
Árgerð: 2006
Notkun: 12.800 vinnustundir
Rótortilt

Komatsu WA470-3
Árgerð: 1995
Notkun: 11.320 vinnustundir

Margar aðrar vélar í boði.
Skoðaðu úrvalið á:
www.vinnuvelar.is

Vinnuvélar

Kistumel 2 • 116 Reykjavík
Sími 480 0444
vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

Hamm H 13i valtari
Árgerð 2013. 13 tonn.
Til leigu eða kaups.

MultiOne 8.4P
Árgerð 2015, fer á götuna 2016.
17 vinnust. Skófla og gaflar.
Verð: 3.500.000 kr. + vsk.

Komastu PW130 hjólagrafa
Árgerð 2005. 11.700 vinnust.
Engcon rótortilt og 2 skóflur.
Verð: 4.500.000 kr. + vsk.

Liebherr R 904 beltagrafa.
Árgerð 2004. 7.600 vinnust.
Til leigu eða kaups.
Verð: 5.000.000 kr. + vsk.

Liebherr R 934 beltagrafa.
Árgerð 2007. 9.900 vinnust.
Topa 3000 fleygur, tvær skóflur og ripper fylgja.
Verð: 7.800.000 kr. + vsk.

Weber jarðvegsþjöppur og hopparar til á lager.

Tsurumi dælur í miklu úrvali.

JCB 8030 ZTS
Árgerð 2014. 1.910 vinnust.
Smurstöð, 3 skóflur og fleygur.
Verð: 4.200.000 kr. + vsk.



Yanmar SV18
Árgerð 2014.
1.975 kg og 1.500 vinnust.
Powertilt og 3 skóflur.
Verð: 2.600.000 kr. + vsk.

Uppl. í síma 660-6051
MERKÚR
www.merkur.is

Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.

Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is

Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is

Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk. 7.900 kr. án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. 6.900 kr. án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.

Seljum vara- og aukahluti flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl. 13 - 16.30.

Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13 - 16.30. www.brimco.is

Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Til sölu

Til sölu eru 200 heyrúllur af mjög góðu hestaheyi. Vel áborinn fyrri sláttur og slegið stuttu eftir skrið. Verð pr rúllu er 6.000 kr. fyrir utan vsk. Staðsett rétt austan við Selfoss. Uppl. í síma 843-0977, Steinþór Guðmundsson.

Bækur. Búnaðarritið í 100 ár frá 1887 - 1987. Fallega innbundið í 56 bækur; 1,9 hillumetrar. Magnús sími 863-3184.

Píanó. Vel með farið Hyundai píanó. Svartlakkað háglans. Verð 200.000 kr. Magnús sími 863-3184.

Til sölu 8 stk. Héðins hurðir. 3 m. á breidd og 2,3 m. á hæð. Hurðirnar lyftast upp um 40 cm. Uppl. gefur Sighvatur í síma 858-1173.

Pfaff iðnaðarsaumavél, leður- og lambsskinn til föndurgerðar. Efni í lyklakippur. Einnig efnileg tryppi. Uppl. í gegnum netfangið ss7913@gmail.com og í s. 847-8477.

Cummings 59 úr Dodge Ram 89. Keyrð ca. 120.000 km. Millikassi 203 með hálfum gír og skiptingu 707. Tilboð óskast í síma 898-5568.

Scania 142 tveggja drifa dráttarbíll ásamt vagni. Góð dekk. Árgerð 1981. Tilboð óskast. Nánari upplýsingar í síma 893-2801.

Cat 966D hjólaskófla árg. 1984. Vél uppgerð fyrir stuttu. Nýr sveifarás. Tilboð óskast. Nánari upplýsingar í síma 893-2801.

Jörðin Hraun I og Hraun II í Fljótum, Skagafirði eru til sölu, með öllu. Land, hlunnindi, húsum o.fl. Uppl. í s. 467-1032 og 861-6696.

Frystikista Vestfrost, 250 lítra. Verð 8.000 kr. Einnig gegnheilar flísar 600 kr. fm. á bílskúr eða svalir. Leðurhornsófasett, nautsleður, mjög vel með farið. Verð 15.000 kr. Annað leðursófasett, 2 x 3 og einn stóll, grátt leður, lítur vel út, 15.000 kr. Þrjú náttborð, 2.000 kr. stk. Electrolux þurrkari, lítið notaður. Verð 10.000 kr. Uppl. í síma 893-3087.

Tvær sjóstangir ónotaðar með hjóli og línu. Tveggja handa flugustöng með hjóli og línu, ónotuð. Nokkur ný veiðivesti o.fl. Fluguhnýtingarsett. Nýjar flugur og fluguhnýtingarbox. Sanngjarnt verð. Nýlegur kvenveiðigalli, Redstorm, með öllu. Stærðin er medium. Uppl. í síma 893-3087.

Til sölu tveir góðir. Benz 508 húsbíll, árg. 82, lengsta gerð. Benz 508 sendibíll, árg. 87, stysta gerð. Húsbíllinn er skráður fyrir 5 farþega. Svefnpláss fyrir fimm. Í honum er nánast allt sem þarf í útileguna. Í þokkalegu ástandi miðað við aldur. Ekinn ca. 280.000 km. Sendibíllinn var sjúkrabíll Nato í Bretlandi. Innfluttur til Íslands árið 2013. Ekinn 9.150 km. Tilboð óskast í báða bílana eða hvorn fyrir sig. Uppl. í síma 691-2924.

Mjólkursigti lítið notað. Verðhugmynd 3.000 kr. Uppl. eru gefnar í síma 820-2036.

Fyrir verktaka, björgunarsveitir o.fl. Um er að ræða ýmsan búnað úr vettvangsbíl frá þýsku slökkviliði. Vökvadrifinn tækjarekki sem gengur aftur úr bílnum, vökvadrifin burðargrind upp á topp bíls, vökvadrifin súla með sterkum flóðljósum, rafdrifin vökvadæla, stór toppljós með bláum kúplum. Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á netfangið Skyggn@gmail.com

Garðyrkjufyrirtæki til sölu. Vegna breyttra aðstæðna eigenda, eru vélar og tæki til fjölbreyttrar útiræktunar á grænmeti, til sölu eða leigu. Einnig er mögulegt að fá leigða kæligeymslu og aðstöðu fyrir starfsfólk í 700 m2 iðnaðarhúsnæði með öflugum kælum og pökkunar- og skrifstofuaðstöðu. Garðlönd og uppeldishús fyrir plöntuuppeldi og sambönd við birgja geta fylgt með. Einnig er einbýlishús staðsett á Flúðum sem getur fylgt með. Fyrirtækið er staðsett í nágrenni við Flúðir. Hafið samband við Guðmund í síma 892-1010.

Sérsmíðaðir gluggar frá Færeyjum! 10 ára ábyrgð. Tré og álklæddir trégluggar. PVC gluggar og útidyr. Jóhann Helgi & Co. Netfang: jh@Jóhannhelgi.is. S. 820-8096.

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Básaog drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum.Netfang: jh@johannhelgi.is. S. 820-8096.

Óska eftir

Óskum eftir nokkrum hryssum til kaups á aldrinum þriggja til fimmtán vetra. Æskileg staðsetning á Norðurlandi vestra. Upplýsingar í símum 452-7153 og 696-6888.

Lóð í Bláskógabyggð. Við erum að leita að lóð í Bláskógabyggð sem á má byggja íbúðarhúsnæði á tveimur hæðum. Stærð 0,5 hektari til 1,5 hektari kemur til greina. Sendið upplýsingar á netfangið blaskogabyggd@hotmail.com og við höfum samband. Skoðum allt.

Atvinna

Fjallsárlón ehf. - Sumarstörf og heilsársstörf. Siglt er með ferðamenn um Fjallsárlón í Öræfum. Siglarar, fólk í afgreiðslu og eldhús óskast. Fæði og gisting í boði. Umsókn skal send á info@fjallsarlon.is. S. 666-8006.

Óskum eftir að ráða vanan véla- og tækjamann í vor. Vinnuvélaréttindi skilyrði. Þarf að vera vanur á gröfum og dráttarvélum. Uppl. í síma 866-6766, Oddgeir.

Fyrir þá sem eru laghentir og vilja vinna sjálfstætt: Til sölu viðgerðarþjónusta fyrir bíla, vélar, báta og tæki. Staðsett í Hafnarfirði, 134 fm + geymslur, 2 stk. bílalyftur mikið af verkfærum og tækjum. Verðhugmynd 45 milljónir kr. Uppl. í síma 690-1677.

Vantar bílstjóra, vélamenn, iðnaðarmenn eða verkamenn? Getum útvegað pólskt starfsfólk með skömmum fyrirvara hvert á land sem er. Proventus starfsmannaþjónusta. Proventus.is – sími 551-5000. Proventus@proventus.is

414-0000 464-8600

TWOSE BLOKKARSKERI
Stærð: 1,4 m
Verð áður
kr. 590.000 án vsk.
TILBOÐSVERÐ
kr. 390.000 án vsk.

Welger Rp 220 Profi
Árgerð: 2002
Notuð 20,000 rúllur
Verð kr. 1.120.000 án vsk.

McHale 991BE
Árgerð: 2017
Tölvustýrð, sjálfvirk pökkunarvél
Notkun: Ónotað!
Verð: 2.050.000 án vsk.

Ný vél

Zetor Proxima 100
4 cyl. mótor, 96 hestöfl
Með ALÖ ámoksturstækjum og skóflu
Verð kr. 5.950.000 án vsk.

Ný vél

Zetor Major 80
4 cyl. mótor, 77 hestöfl
Með ALÖ ámoksturstækjum og skóflu
Verð kr. 4.800.000 án vsk.

Ziegler sláttuvél PD355M Powerdisc
Árgerð: 2007
Miðjuhengd vél sem fylgir landinu vel
Vélar sem tóku við af Niemeyer sláttuvélum.
Vél í góðu standi.
Verð kr. 355.000 án vsk.

Avant sanddreifari
90cm, lítið notaður
Vörunúmer: A2947
Verð kr. 270.000 án vsk.

VB LANDBÚNAÐUR
www.VBL.is

REYKJAVÍK 414-0000 | AKUREYRI 464-8600

414-0000 464-8600

Pöttenger A91
Árgerð: 2008
Dragtengd vél
Vinnslubreidd 9 m
Vél í mjög góðu lagi.
Verð: 720.000 án vsk.

Lely Splendimo 320M
Árgerð: 2011,
Miðjuhengd vél
Lítið notuð og vel með farin vél.
Verð: 750.000 án vsk.

Avant 635 með húsi
Árgerð: 2014
Góð vél með skotbómu.
Notkun: 2600 vst.
Verð kr. 2.950.000 án vsk.

Kverneland
Pökkunarvél
Árgerð: 2000
Góð vél
Verð kr. 450.000 án vsk.

Deutz-Fahr MP 235
Árgerð: 2007
Notkun: 24.000 rúllur
Verð kr. 2.600.000 án vsk.

Lely 360M
Árgerð: 2015
Miðuhengd vél. Sem ný !
Lítil notkun
Verð kr. 1.190.000 án vsk.

Samaz sláttuvél KDT 340
Árgerð: 2013
Vinnslubreidd: 3,4 m
Reimdrifin vél. Létt og
þægileg. 825 kg.
Útlit mjög gott !
Verð kr. 450.000 án vsk.

VB LANDBÚNAÐUR www.VBL.is
REYKJAVÍK 414-0000 | AKUREYRI 464-8600

Komatsu PC210LC
Árgerð: 2011
Notkun: 5.420 vinnustundir

Caterpillar 930G
Árgerð 2007
Notkun: 11.000 vinnustundir
Skófla, snjótönn og keðjur fylgja

Volvo FM 8X4 400
Árgerð: 2007
Notkun: 225.000 km

Kubota KX61-3
Árgerð: 2007
Notkun: 3.694 vinnustundir
2 skóflur

Bobcat S185
Árgerð: 2007
Notkun: 2.189 vinnustundir
Skófla og gafflar fylgja.

Margar aðrar vélar í boði.
Skoðaðu úrvalið á:
www.vinnuvelar.is

Vinnuvélar
Kistumel 2 • 116 Reykjavík
Sími 480 0444
vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

Blandað bú í Uppsveitum Árnessýslu er að leita að starfskrafti í fullt starf til lengri tíma. Reynsla af bústörfum skilyrði. Sér húsnæði í boði. Aðstaða til að hafa hross á húsi. Næg atvinna í boði í samfélaginu fyrir maka. Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á netfangið mastunga@uppsveitir.is

Ég heiti Hilmir og er 15 ára. Ég þrái að komast í sveit og fá vinnu, eftir skólann í vor. Ég hef verið í sveit innan um hesta og kindur. Uppl. í síma 867-9481.

Dýrahald

12 mánaða Border Collie tík óskar eftir nýju heimili. Nánari upplýsingar í síma 867-9040.

Húsnæði

Iðnmeistari / hönnuður óskar eftir leigurými, 30-50 m2 fyrir hreinlega vinnuaðstöðu (lager / hönnun / viðgerðir / prófanir). Þarf að vera varanlegt húsnæði og á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Traustur leiguaðili, góð umgengi og öruggar greiðslur. Samleiga með öðrum iðnaðarmanni kemur einnig sterklega til greina. Lysthafendur hafi samband í síma 893-7124, Kristinn.

Tilkynningar

Á lögbýlið eða bæjarnafnið þitt skráð samsvarandi lén? Stendur til að hefja sölu beint frá býli, eða bjóða upp á heimagistingu á Internetinu? Lén er hvoru tveggja fyrir vef, t.d. www.merkigil.is, og fyrir tölvupóst, t.d. monika@merkigil.is. Kannaðu hvort lén sem samsvarar bæjarnafninu þínu er skráð á https://www.isnic.is/is/ Nánari upplýsingar og ráðgjöf fæst í síma 578-2030, eftir morgunmjaltir og fyrir kvöldmjaltir.

Þjónusta

Opnum kl. 8 alla virka daga, bara mæta og við klippum þig, sími 587-2030, heitt á könnunni. Allir velkomnir. Topphár, Dvergshöfða 27, Rvk.

Málniningaþjónustan M1 ehf. tekur að sér öll almenn málningarstörf. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í síma 696-2748 eða loggildurmalari@gmail.com

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

RG Bókhald. Alhliða bókhaldsþjónusta. Get tekið að mér fleiri verkefni. Ragna, s. 772-9719. Netfang: rgbokhald@gmail.com

Bændablaðið
Smáauglýsingar.
5630300

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga landsins:

Aukið svigrúm til fjárfestinga

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árin 2018 til 2021 taka mið af spám um áframhaldandi hagvöxt hér á landi. Skuldir og skuldbindingar lækka enn, sjöunda árið í röð, sem hlutfall af tekjum og fara úr 106% árið 2018 í 95% árið 2021 gangi áætlanir eftir.

Árleg samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga til næstu fjögurra ára er komin út, barmafull af margs konar fjárhagsupplýsingum. Samantektin byggir á gögnum þeirra sveitarfélaga sem skilað hafa fjárhagsáætlunum rafrænt inn í upplýsingaveitu sveitarfélaga hjá Hagstofu Íslands. Um er að ræða fjárhagsáætlanir 64 sveitarfélaga af 74, en í þeim búa liðlega 99% landsmanna.

Auk lækkandi skuldahlutfalls eru helstu niðurstöður m.a. þær að sveitarfélögin ráðgera betri rekstrarniðurstöðu hjá A-hluta á árinu 2018 en fjárhagsáætlun 2017 gaf til kynna, eða sem nemur 2,2% af tekjum í stað 1,2%. Hvað þriggja ára áætlanir fyrir árin 2019–2021 snertir, þá taka þær mið af spám um hagvöxt og er gert ráð fyrir að tekjur hækki í takti við þær spár. Gangi þessar áætlanir eftir mun rekstrarafgangur fara vaxandi sem hlutfall af tekjum og verða 5,6% árið 2021.

Lán til að gera upp við lífeyrissjóð

Aukið svigrúm til fjárfestinga er jafnframt nýtt og mun lántaka til lengri tíma aukast samfara því. Á hinn bóginn hefur fjöldi sveitarfélaga ekki tekið tillit til uppgjörs gagnvart Brú – lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga í fjárhagsáætlunum sínum. Flest munu taka lán til að gera upp við lífeyrissjóðinn og verða skuldir væntanlega hærri en fjárhagsáætlanir kveða á um. Þetta kemur fram á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga. */MÞÞ*

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Leikdeild Umf. Skallagríms sýnir gamanleikinn:

39 1/2 vika

Eftir Hrefnu Friðriksdóttur. Leikstjóri er Hrund Ólafsdóttir.
Sýnt er í Lyngbrekku

5. sýning - 25. febrúar kl. 20:30
6. sýning - 1. mars kl. 20:30
7. sýning - 2. mars kl. 20:30
8. sýning - 4. mars kl. 20:30
9. sýning - 9. mars kl. 20:30
10. sýning - 10. mars kl. 20:30
ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR!
Miðapantanir í síma 846 2293 og leikdeildskalla@gmail.com
Miðaverð 3.000 kr.
Veitingasala á sýningum - posi á staðnum

LESENDABÁS

Þrjú stórmál á Vestfjörðum í forgang

Sveitarstjórnarkosningar eru í vor. Þá verða margir kallaðir en fáir útvaldir. Ljóst er að þeir útvöldu hér vestra verða að huga að eftirtöldum þremur stórmálum Vestfirðinga sem eru hvarvetna í umræðu. Þau eru nátengd hvert öðru.

Yfirgnæfandi meirihluti Vestfirðinga virðist sömu skoðunar í þessum miklu hagsmunamálum. Teljast það nokkur tíðindi út af fyrir sig. Nú verða menn að standa saman. Halda áfram að nýta landsins gæði en hafa náttúruna samt alltaf í hávegum. Ákalla alla sína góðu vini og verndardýrlinga til trausts og halds, með Jón forseta í fararbroddi.

1. Vestfirska rafmagnið

Það var kraftaverk að rafvæða Vestfirði fyrir 60 árum. Og koma orkunni nánast á hvert byggt ból. Mikilvirkir, stórhuga og lagtækir menn voru þar að verki. Ekki er vitað til að nokkur Vestfirðingur né aðrir hafi beðið tjón á sálu sinni þrátt fyrir alla þá nauðsynlegu tréstaura sem stóðu undir rafmagnslínunum og standa enn. Hitt er annað að auðvitað vilja flestir góðir menn að rafstrengir séu í jörðu. Það ætti nú ekki að vera ofverkið okkar í dag miðað við fyrri afrek í dreifingu rafmagns.

Vestfirðinga sárvantar öruggt og stöðugt rafmagn. Lái þeim hver sem vill. Þetta eilífa basl þeirra að halda rafmagninu inni er löngu orðinn brandari á landsvísu. En þeir eiga að framleiða sitt rafmagn sjálfir. Þeir eru ekkert of góðir til þess! Á Vestfjörðum er hægt að reisa og reka öruggustu vatnsvirkjanir landsins. Það hlýtur bara að vera þjóðhagslega hagkvæmt.

Flestar ef ekki allar stórvirkjanir okkar eru staðsettar á sívirku eldgosabelti landsins. Sú staða getur því hæglega komið upp að Vestfirðir fái ekki eitt einasta kílóvatt eftir hundinum að sunnan, jafnvel langtímum saman. Á þetta hafa vísir menn margoft bent.

Frumkvöðlar Hvalárvirkjunar eru ungir Vestfirðingar. Þeir hafa verið aldir upp við að bjarga sér sjálfir þegar í harðbakkann slær líkt og gilt hefur á Vestfjörðum frá upphafi byggðar. Hafa staðið í þessu basli á eigin forsendum og ekki látið deigan síga. Slíkt er alltaf traustvekjandi og mikils virði. Miklu veldur sá er upphafinu veldur. En fjármunir verða að koma annars staðar frá.

2. Fiskeldið

„Fiskeldi á Vestfjörðum hefur virkað sem kraftaverkalyf á byggðarlög, sem heltekin voru af hrörnunarsjúkdómi. Sá sem hefur vaknað eldsnemma á Bíldudal, fundið driftina í mannlífinu á leið til vinnu, orkuna, hamarshöggin og baráttuna um lausu bílastæðin, skilur hvað fiskeldi hefur fært inn í vestfirskt samfélag, líf, vöxt og menningu.“

Svo skrifar Pétur Markan, sveitarstjóri í Súðavík. Á bak við þennan grípandi texta býr mikil trú á landið og gullkistuna okkar. Sporin hræða að vísu. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og fleiri fóru flatt á fiskeldinu á sinni tíð. Menn fóru allt of geyst. Steingrímur sagði að aðstæður til fiskeldis hér á landi væru ekki verri en annars staðar. Líklega væru þær betri ef eitthvað væri.

Almenn skynsemi segir okkur að við verðum að nýta þá möguleika sem eru í farvatninu. Annað væri glapræði. En við skulum flýta okkur hæfilega. Lærum af reynslunni. Róm var ekki byggð á hverjum degi! Sleppum öllum æðibunugangi. Þá mun vel fara. Það eru gömul og sígild sannindi.

En spyrja verður: Hvert fer arðurinn af fiskeldinu?

3. Almennilegan veg í Gufudalssveit

Á ótrúlega skömmum tíma lögðu vestfirskir vegagerðarmenn vegi svo til að hverjum einasta bæ á Vestfjörðum. Það var torsótt vegagerð. En eyðilögðu þessir brautryðjendur landið? Auðvitað hafa verið lagðir hér vegir sem menn hafa ekki verið ánægðir með staðsetningu þeirra. Og komið hefur fyrir að gróið land hefur goldið þess. Þá hafa menn bara bölvað Vegagerðinni og lífið haldið áfram.

Sumir segja að ekki megi leggja veg um Teigsskóg og Hallsteinsnes í Gufudalshreppi. Þá sé voðinn vís. Þeir góðu menn átta sig ekki á að búið er að leggja vegi vítt og breitt um alla Vestfirði á mjög svo sambærilegum stöðum við þennan margumræddda góða skóg. Jafnvel malbikaða tvíbreiða vegi, sem víða eru svo til á sama stað og gömlu akvegirnir. Fáir meinbugir þar á. Náttúran alveg söm við sig eftir því sem séð verður.

Þráteflinu í Gufudalssveit verður að ljúka. Við þurfum þokkalegan heilsársveg í stað moldarveganna sem eftir eru í sveitinni. Ódrjúgsháls og Hjallaháls heyra til liðnum tíma. Stóra spurningin er náttúrlega hvort ekki er hægt að ljúka vegalagningu í Gufudalssveit án þess að fara um Teigsskóg eða bíða í áratugi eftir jarðgöngum. Nokkrir spekingar hafa komið með ábendingar um önnur vegstæði. Þær mætti skoða betur.

Á að setja málið í gerðardóm?

Menn hafa nefnt að taka eigi land eignarnámi undir veginn og jafnvel setja lög.

Skoða mætti líka hvort ekki væri heppilegast að Alþingi eða Hæstiréttur skipi gerðardóm hinna bestu manna til að ljúka þessu endalausa þrátefli. Sagan segir okkur að slíkt hafi oft verið gert þegar mál hafa verið komin í óefni, sbr. hvað gerðist á Þingvöllum árið 1000. Ákvarðanir gerðardómsins ættu að vera bindandi fyrir alla aðila. Dómurinn fái skamman tíma til að ljúka störfum. Og heimamenn í Reykhólahreppi verði þar í oddaaðstöðu. Það væri tilbreyting í því.

Hallgrímur Sveinsson
Guðmundur Ingvarsson
Bjarni G. Einarsson

12.500 kr Hver galli
Kuldagallar á tilboði
Hydrowear vetrargalli blár
• Loðfóðraður en vattfóðraður í ermum og skálmum
• Efnið í gallanum er vatnsfráhrindandi
• Rennilás að framan og á skálmum. • Stærðir S – 3XL.
Jobman vetrargalli svartur
• Léttur vattfóðraður galli.
• Pólyester með PU-húð að innan sem ver gegn vindi og vatni.
• Rennilásar á skálmum upp að mjöðm auðveldar að fara úr og í.
• Stærðir: S-3XL
Wenaas vetrargalli gulur/svartur
• Léttur og þægilegur
• Vattfóðraður með rennilás. • Stærðir: M - 2XL
KH VINNUFÖT
KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

www.bbl.is

Því að hjá þér er uppspretta lífsins, í þínu ljósi sjáum vér ljós.
www.versdagsins.is

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Hyundai R360LC-7
Árg. 2006, 7.500 vst.
Fleyglagnir, hraðtengi og gómskófla.
Verð 5.900.000 + vsk.

MAN 26-430 6x2
Árg. 2006, 527.000 km.
Góð dekk, tilbúinn fyrir malarvagn.
Ozgul malarvagn. Árg. 2017, nýr.
Wabco bremsukerfi. Álfelgur og Bridgeston dekk.
Verð 5.500.000 + vsk.

MAN TGX26-540 6x4
Árg. 2012, 415.000 km.
Nýr mótor settur í bílinn í 300.000 km.
Nýleg kúpling og vatnskassi.
Vökvakerfi fyrir malarvagn.
Verð 6.900.000 + vsk.

Caterpillar M316C
Árg. 2005, 13.000 vst.
Rótortilt og smurkerfi.
Verð 4.300.000 + vsk.

Hitachi ZX19-5
Árg. 2017, 100 vst.
Hraðtengi og 3 skóflur.
Verð 2.950.000 + vsk.
VÉLAFL
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl .is
www.velafl.is

Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB traktorsgröfur
Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

mast Matvælastofnun

VATNSVEITUR Á LÖGBÝLUM

Veittir eru styrkir úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum í dreifbýli samkvæmt reglugerð nr. 180/2016.

Rafrænar umsóknir skal fylla út á **Bændatorginu (www.bondi.is)** eigi síðar en **1. mars 2018**. Með umsókn skal fylgja mat búnaðarsambands á þörf býlisins fyrir viðkomandi framkvæmd og staðfest kostnaðar- og framkvæmdaáætlun.

Rafrænt umsóknarform og reglugerð er að finna á Bændatorginu.

Aðeins er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Vandað hestafóður frá Equsana á frábæru verði! Erum einnig með fatnað og fleiri vörur fyrir hestamennskuna. Skoðið úrvalið á www.buvorur.is

Búvörur SS | Fossháls 1, 110 Reykjavík | Ormsvellir 4, 860 Hvolsvelli | 575-6000 | www.buvorur.is